

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

10. júní 2015



134. tölublað 15. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

FÆRÐU FJARSKIPTIN YFIR TIL **365**
OG FÁÐU VANDAÐ SJÓNVARPSEFNI
Á FÁRÁNLEGA GÓÐU VERÐI

365



GSM, internet, heimasími og sjónvarpsdagskrá fyrir alla fjölskylduna

FÁRÁNLEGA FLOTT DAGSKRÁ!

365

Með því að færa fjarskiptin yfir til okkar færðu til viðbótar sneisafullan sjónvarpspakka og greiðir líklega svipað fyrir og þú myndir gera fyrir fjarskiptin ein og sér hjá samkeppnisaðilum. Því ekki að fá eins og sex sjónvarpstöðvar með í kaupunum?

Það er fljótlegt að reikna dæmið á 365.is



Á 365.is er reiknivél sem sýnir þér að ef þú færir fjarskiptin yfir til 365 getur þú fengið vandað sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Fjarskiptin eru internet, GSM og heimasími. **Reiknaðu dæmið!**





SKOÐUN Doktorsgráðan skilar launalækkun, skrifa nýdoktorar við HÍ. 17



TÍMAMÓT Leggur lokahönd á skáldsögu með hryllingsívaði fyrir krakka. 16



LÍFID Önnur lota í frelsun geirvörtunnar fer fram um næstu helgi. 30



SPORT Alfreð Finnbogason vill vera um kyrrt á Spáni þrátt fyrir bekkjarsetu. 26

20 ÁFANGA-
STAÐIR 2015



FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

10. júní 2015
134. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Íslenskur fiskur í New York

Íslensk fjölskylda hefur opnað fiskbúð sem selur íslenskan fisk á heldur nýstárlegum stað. Hún er í Closter, sem er um 10 þúsund manna bæjarfélag rétt utan New York-borgar.

FRÉTTIR



Gögnin keypt á 30 milljónir

Bryndís Kristjánsdóttir skatttrannsóknarstjóri hefur gengið frá kaupum á gögnum með upplýsingum sem tengja Íslendinga við 400 til 500 félög í skattaskjólum. 2

Færri lesa bækur

Peim sem aldrei lesa bækur hefur fjölgað úr 7 prósentum í 13,3 prósent á fjórum árum, eða um 90 prósent samkvæmt könnun sem unnið var fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda. 2



2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk



Samþykktu á ögurstundu

Einungis nokkrum mínútum áður en aðgerðaáætlun um afnám hafta var kynnt á hádegi í fyrradag sendu kröfuhafar tveggja af þremur slitabúum stjórnvöldum bréf um að fallist væri á stöðugleikaskilyrðin.

EFNAHAGSMÁL Aðeins nokkrum mínútum áður en forystumenn ríkisstjórnarinnar kynntu aðgerðaáætlun um afnám hafta sendu slitabúin frá sér erindi þar sem þau féllust á stöðugleikaskilyrðin. Eitt slitabúið, Kaupþing, sendi erindi frá sér daginn áður.

Íslensku stjórnvöldum gafst einungis tími til þess að þýða bréfið frá kröfuhöfum Kaupþings og birta það á vefsíðu stjórnarráðsins sama dag og fundurinn fór fram. Hin voru þýdd síðar.

Sigurður Hannesson, varafor-



SIGURÐUR HANNESSON

„Einhver gæti sagt að fyrst bréfin væru komin þá þyrfti nú ekki að fara með þennan stöðugleikaskatt fyrir þingið, en ef það verður ekki

maður framkvæmdahóps um afnám hafta, segir að þetta sé til marks um það hve nauðsynlegt sé að skilyrðin sem sett eru fyrir nauðasamningunum séu aðhaldssöm.

„Eg held ég að málið gæti tafið verulega. Þá vantar aðhaldið.“
Sigurður telur raunhæft að gera ráð fyrir að tekjur ríkisins verði 500-700 milljarðar. En vegna þess að stöðugleikaskilyrðin eru háð þróun á virði eigna verði tímunn að leiða í ljós hversu mikið þetta verður. Verði upphæðin lægri séu það í sjálfu sér góðar fréttir vegna þess að það þýði að vandinn sé þá minni en áður var talið.

„Ef það verður meira þá er það náttúrulega gott fyrir ríkissjóð, en þá þýðir það líka að vandinn var

stærri en við héldum. Þannig að við náum miklu betur að finna jafnvægi á milli vandamálsins og lausnarinnar,“ segir Sigurður.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa fullyrt að aðgerðaáætlun byggji á áætlun sem var gerð árið 2011, í tíð fyrri ríkisstjórnar. Sigurður segir þetta ekki rétt og að í þeirri vinnu hafi ekkert verið minnst á slitabúin.

„Auðvitað er maður bara stoltur af því að margir vilji eigna sér þetta,“ segir Sigurður.

- jhh / sjá Markaðurinn



FJÖR Á VORHÁTÍÐ Nemendur og kennarar skemmtu sér vel á vorhátíð Melaskóla sem haldin var í gær í tilefni skólaslita.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sauðfé hefur drepist í hrönnum á bæjum á Vestur- og Norðurlandi:

Rannsaka óútskýrðan fjárdauða

LANDBÚNAÐUR „Við veltum því lengi fyrir okkur hvort þetta gæti stafað af lélegum heyjum. En þetta er orðið svo alvarlegt dæmi að við verðum að rannsaka hvort það sé ekki eitthvað mun stærra að valda þessu,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landsamtaka sauðfjárbænda, um ástandið sem hrjáir sauðfjárbændur, en víða um land hefur sauðfé drepist í hrönnum.

Þá virðast ær mjólka mjög illa eða ekki neitt með þeim afleiðingum að lömb dafna illa eða drepast. Þórarinn telur að ástandið geti leitt til mjög víðtæks tjóns.

Samtökin, ásamt Margréti Katrínu Guðnadóttur dýralækni, hefja rannsókn á málinu í dag og verða



SAUÐFÉ Lengi var haldið að lélegt hey væri ástæða ástandsins.


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tekin blóðsýni úr hópi áa og þau rannsökuð.

Fréttablaðið náði tali af nokkrum bændum á Vestur- og Norðurlandi sem flestir virtust sammála um að rekja mætti ástandið til slæms veðurfarar undanfarið.

„Þetta er algjört ófremdarástand og margir bændur um allt land hafa lent hryllilega í þessu,“ segir Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir í Búdardal, um ástandið.

- ngy / sjá síðu 8



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalrestur á tölublað 12-80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

KRONAN

Nú stærri og safameiri

Heitt og klárt

Heill grillaður kjúklingur og 2 lítrar af Coca-Cola*

1499 kr. tvönnan

*Þú velur Coca-Cola, Coca-Cola light eða Coca-Cola zero

VEÐUR



Í dag verður vindur með hægasta móti á landinu. Það verður skýjað og einhver rigning um allt land. Hiti verður á bilinu 6 til 12 stig.

SJÁ SÍÐU 20

Grunur leikur á um misferli tveggja nemenda Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands við ritgerðarskrif: Viðskiptafræðideild rannsakar tvö mál

MENNTAMÁL Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands rannsakar nú meintan ritstuld í lokaritgerð útskrifaðs viðskiptafræðinema frá árinu 2013.

Þetta er annað málið sem kemur upp á skömmum tíma því Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að deildin útskrifaði háskólana fyrr á árinu með lokaritgerð þar sem þrjú viðtöl virtust fölsuð. Nemandinn fékk átta í einkunn fyrir ritgerðina.

Tinna Dögg Kjartansdóttir

markaðsfræðingur telur að deildin hafi útskrifað nemandan sem hafi stolið setningum úr lokaritgerð hennar frá árinu 2012.

„Nú eru til rannsóknar tvö mál hjá deildinni,“ segir Runólfur Smári Steinþórsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands, sem staðfestir að umrædd ritgerð sé til rannsóknar. „Rannsóknin er langt á veg komin og ég vil ítreka að ábending um ritstuld er tekin mjög alvarlega.“

Athygli vekur á því að Þórður

Sverrisson, aðjúnkt í Háskóla Íslands, var leiðbeinandi bæði Tinna og þess sem grunaður er um ritstuldinn. Báðar ritgerðirnar, sem skrifaðar voru með eins árs millibili, eru lokaverkefni til BS-gráðu og fjalla um markaðssetningu íslenska hestsins erlendis.

Tinna gerði viðskiptafræðideild viðvart í apríl en hefur enn ekki heyrt frá skólanum. „Ferlið sem fer af stað getur tekið tíma,“ segir Runólfur.



FORSETI Runólfur Smári Steinþórsson.



VERKFAÐ Sorpið flæðir um borgina eins og sjá má.

NORDICPHOTOS/GETTY

Verkfall sorphirðumanna í Nýju-Delí setur svip á borgina: Borgin angar af úldnu sorpi

INDLAND Sorp flæðir um götur Nýju-Delí þar sem sorphirðumenn í borginni eru í verkfalli.

Starfsmennirnir eru að mótmæla því að þeir fái ekki laun sín borguð. Þetta er í annað sinn á tveimur mánuðum sem starfsmennirnir fara í verkfall. Borgin angar af ruslafnyk og óvíst er hvenær verkfallinu lýkur.

Málið í rannsókn hjá lögreglu: Póstur fannst í kirkjugarði

LÖGREGLUMÁL Þrjú póstpókar fundust í Gufuneskirkjugarði í fyrradag. Í tilkynningu frá Íslandspósti vegna málsins kemur fram að um hafi verið að ræða sendingar sem póstagðar voru í maí og júní á þessu ári. Póstinum átti að dreifa í póstinúmerum 110, 112, 113 og 270. Póstinum verður komið til skila á næstu dögum.

Í tilkynningu kemur fram að Íslandspóstur biðji alla hlutaðeigandi aðila að málinu afsökunar. Málið var tilkynnt til lögreglu og stendur rannsókn nú yfir.

Neyddust til að drekka þvag: Festust í lyftu í þrjú sólarhringa

ÍTALÍA Tvær nunnur sem festust í lyftu í byggingu á Ítalíu neyddust til að drekka eigið þvag til þess að koma í veg fyrir ofþornun.

Þær voru fastar í lyftunni í þrjú sólarhringa. Frá þessu greina ítalskir fjölmiðlar.

Nunnurnar, sem eru fimmtíu og átta ára og sextíu og átta ára, fóru í lyftuna síðastliðið föstudagskvöld og komust ekki út fyrr en á mánudaginn.

Talið er að það hafi bjargað lífi þeirra að drekka eigið þvag.

Þeim fjölgar um 90% sem aldrei lesa bók

Lestur bóka fer snarminnkandi. Rúmlega 13 prósent lesa aldrei bækur. Er að fjara undan okkur sem bókmenntaþjóð heimsins, segir talsmaður bókaútgefenda. Allar viðvörunarbjöllur hringja, segir formaður Rithöfundasambands Íslands.

MENNING Þeim sem aldrei lesa bækur hefur fjölgað úr 7 prósentum í 13,3 prósent á fjórum árum, eða um 90 prósent. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent vann fyrir Félag íslenskra bókaútgefenda. Alls lásu 86,7 prósent 18 ára eða eldri að minnsta kosti eina bók á síðasta ári.

Þetta hlutfall er með því hæsta sem gerist í heiminum en Bryndís Loftsdóttir, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, segir fjölgun þeirra sem aldrei lesa mikið áhyggjuefni.

„Við höldum fast í heiðurinn af því að vera bókmenntaþjóð heimsins og fremst í flokki þegar kemur að því að lesa bækur. Það virðist vera að fjara undan okkur hvað það varðar og við verðum að bregðast við því,“ segir Bryndís.


Kristín Helga Gunnarsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands, segir þessar niðurstöður agalegar.

„Það hringja allar viðvörunarbjöllur þegar maður sér svona upplýsingar og þær krefjast viðbragða frá fleirum en höfundum og bókaútgefendum. Þetta eru mikilvæg skilaboð og verkfæri fyrir stjórnvöld og samfélagið til að nýta sér, í stað þess að fljóta sofandi að feigðarósi.“ Kristín Helga segir að hægt sé að snúa þróuninni við. Mikilvægt sé að einblína ekki aðeins á börnin, fullorðnir verði að lesa líka.

„Menntamálaráðherra þarf að leiða þessa bókabyllingu.“

Bryndís kallar líka eftir átaki. „Það þarf að blása til vitundarvakningar. Ef þjóðin setur sér það markmið að hvert okkar klári þrjár bækur á árinu 2015 værum við á góðri leið.“

→ Hversu margar bækur last þú á síðasta ári?



→ Ekki hægt að kenna bókaskatti um

„Ég vil minna á að það eru ekki nema örfáir mánuðir síðan virðisaukaskattur á bækur var hækkaður þannig að við skulum fara varlega í að skýra þessar tölur út frá skattþróun,“ segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, um það hvort aukin skattheimta spili inn í varðandi minni lestur. Hann vill ekki tjá sig um hvort til greina komi að lækka skattinn.

„Ég hef sagt það áður að þetta er mál sem við munum fylgjast mjög vel með, hvaða afleiðingar það hafði að hækka vaskinn á bækur úr 7 í 12 prósent. Það þýðir að málið er opið hvað það varðar.“

Skattrannsóknarstjóri með gögn sem tengja Íslendinga við skattaskjól: Gengið frá kaupum leynigagna

SKATTUR Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri hefur gengið frá kaupum á gögnum með upplýsingum sem tengja Íslendinga við 400 til 500 félög í skattaskjólum. Gögnin, sem greiddar voru um 30 milljónir króna fyrir eða 200 þúsund evrur, komu til landsins á föstudag.

„Nú er verið að fara yfir gögnin og skoða hvernig lagt verður upp með næstu skref í málinu svo farsælast verði,“ segir Bryndís.

Skattrannsóknarstjóri fékk sýnishorn af þessum gögnum í fyrravor og eftir að hafa farið yfir þau í fyrrasumar var fjármálaráðuneytinu send greinargerð í september síðastliðnum. Það var mat skattrannsóknarstjóra að sýnishornin gæfu vísendingar um skattaundanskot. „Í sýnishornunum sem við feng-

um kom fram að sumt var talið fram og gert réttilega en annað ekki.“

Ríkisstjórnin samþykkti í apríl síðastliðnum aukafjárveitingu til að fjármagna kaup á gögnum.

Embætti skattrannsóknarstjóra hefur enn ekki fengið öll viðbótargögn frá Bretlandi sem beðið hefur verið eftir vegna rannsókna á skattaundanskotum. Bresk yfirvöld sendu skattrannsóknarstjóra í fyrra lista með nöfnum tíu Íslendinga sem tengjast skattaskjólum. Nöfn Íslendinganna voru í leyniskjólum ICIJ, alþjóðlegs samstarfsvettvangs rannsóknarblaðamanna.



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR Skattrannsóknarstjóri greiddi 30 milljónir króna fyrir gögnin.

Frá kr. **14.900**

Barcelona

Flugsæti aðra leið með sköttum.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Polo. Fyrir alla muni.



Volkswagen Polo gerir gæðamuninn.

Þegar þú hefur kynnst gæðunum, þægindunum og tækninni sem Volkswagen Polo býr yfir duga engar málamiðlanir. Og nú þegar verðið er svona frábært þarftu ekki lengur að sætta þig við neitt minna. Komdu í reynsluakstur og finndu gæðamuninn í Polo.

Nýr Polo frá **2.310.000 kr.**

Útborgun aðeins **231.000 kr.***



*Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til alls að sjö ára. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



Das Auto.



SPURNING DAGSINS



Ætlaðu að fá þér kríu?

Já, annars verður maður eins og þorskur á þurru landi.

Óskar Henning Valgarðsson opnaði handverkssýninguna Fimir fingur í Gerðubergi ásamt systkinum sínum, Fanneyju og Sigurði. Óskar sker út kríur úr þorskhausum.

Landlæknir kveður stjórnvöld bera ábyrgð á að verkföllum ljúki með einum eða öðrum hætti:

Segir að verkföllin valdi óbætanlegu tjóni

KJARAMÁL „Verkföllum verður að ljúka tafarlaust, ef ekki á illa að fara,“ segir Birgir Jakobsson landlæknir í nýju minnisblaði til ríkisstjórnarinnar um áhrif yfirstandandi verkfalla.

„Það ástand sem hefur skapast er óþolandi og kemur til með að valda óbætanlegu tjóni fyrir fjölda sjúklinga og skaða heilbrigðisþjónustuna bæði til skamms tíma og til lengri tíma lítið. Stjórnvöld bera nú ábyrgð á því að ljúka þessu ástandi með einum eða öðrum hætti,“ segir jafnframt í erindi landlæknis.

Fram kemur að Embætti landlæknis hafi með jöfnu millibili leitað eftir mati stjórnenda

heilbrigðisstofnana á áhrifum verkfallanna. Ljóst sé að margra vikna verkfall BHM, auk uppsafnaðs vanda vegna verkfalls lækna, hafi í för með sér mjög erfitt ástand í heilbrigðiskerfinu. Síðan bætist við verkfall hjúkrunarfræðinga.

„Í hnotskurn má segja að ekki verði hægt að tryggja öryggi sjúklinga og getur því ástandið valdið ómældum og óbætanlegum skaða,“ segir Birgir. Þegar sé ljóst að fjölmargir sjúklingar hafi orðið fyrir verulegum óþægindum, drætti á greiningu og töfum á meðferð. „Og munu áhrif þess aukast í stigvaxandi mæli eftir því sem verkföllin dragast á langinn.“



Óká BIRGIR JAKOBSSON

→ Landlæknir bendir á að stjórnendur Landspítalans notið orð eins og „fordæmalaust“ og „neyðarástand“ um áhrif verkfalla.

Tíu staðir fá úr sjóðnum: 286 milljónum úthlutað

HEILBRIGÐISMÁL Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur samþykkt tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra um úthlutanir á árinu. Alls verður 286 milljónum króna úthlutað til tíu hjúkrunarheimila.

Stærsta styrkinn fær Kirkjuhvoll á Hvolsvelli en þar á að byggja tólf ný rými fyrir vistmenn og bæta aðstöðu á svæðinu. Styrkurinn er rúmlega 200 milljónir alls.

38 umsóknir bárust en helmingi þeirra var hafnað vegna þess að þær uppfylltu ekki reglugerð um fjárveitingar úr sjóðnum.



JÁTAÐI Konan játaði brot sín skýlaust fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR

Dró sér fé fyrir tæpa milljón: Dæmd fyrir fjárdrátt

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness dæmdi á mánudag konu í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt. Hún starfaði sem gjaldkeri hjá einkahlutafélagi og var fundin sek um að hafa dregið sér fé í alls 65 tilvikum á fjögurra ára tímabili. Upphæðin nemur alls 953.416 krónum.

Konan játaði brot sín skýlaust fyrir dómi. Þá hefur hún ekki verið fundin sek um refsiverða háttsemi áður. Að teknu tilliti til þess þótti dómnum hæfileg refsing skilorðsbundið þriggja mánaða fangelsi og er dómurinn skilorðsbundinn til tveggja ára. - skh, vh

Segir ríkið þykjast bundið af almenna markaðnum

Ríkissáttasemjari segir að til þessa hafi of mikið borið í milli í kjaradeilu ríkisins við opinbera starfsmenn til að hægt væri að beita úrræðum á borð við sátta- eða miðlunartillögu. Boðað hefur verið til funda fyrir hádegi í dag.

KJARAMÁL Ræða á þá alvarlegu stöðu sem uppi er í kjaradeilu ríkisins við BHM og við hjúkrunarfræðinga á samningafundum sem ríkissáttasemjari hefur boðað til fyrir hádegi í dag. Vika er frá því síðast var fundað og mikið sem ber í milli hjá deiluaðilum. Fyrri fundur dagsins, klukkan níu árdegis, er 23. fundurinn í deilu BHM og ríkisins. Hjúkrunarfræðingar funda klukkan ellefu.

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segist telja um stöðumatsfund að ræða, enn hafi ekkert nýtt komið fram sem ýtt geti undir bjartsýni um að hreyfing komist á viðræður.

„Eins og er þá virðist ríkið vera bundið af þessum samningum á almenna vinnumarkaðnum,“ segir Ólafur og segir ríkið ekki virðast hafa heimildir til að semja við sitt starfsfólk. Hækkunin sem í boði er á almenna markaðnum sé ekki eitthvað sem hans félagsmenn geti sætt sig við. „Ríkið þarf að koma til móts við okkar kröfur á okkar forsendum, ekki á forsendum almenna vinnumarkaðarins.“

Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, segist hafa svipaðar væntingar til fundarins í dag og til funda yfirleitt. „Maður bara vonar að þetta þokist eitthvað áfram,“ segir hann. Í pistli á vef BHM er sagt furðu sæta að ríkið hafi ekki lagt allt kapp á að ná samningum áður en verkföll



ÓLAFUR G. SKÚLASON

Til að slík tillaga sé lögð fram verður hún að vera líkleg til að leysa deiluna.

Bryndís Hlökkversdóttir, ríkissáttasemjari

skullu á með fullum þunga fyrir níu vikum. Þar segir að BHM hafi ítrekað lagt fram ýmsar leiðir til lausnar og tekið jákvætt í að gera samning til fjögurra ára og lýst sig reiðubúið til að taka fyrstu skref í átt að „norrænu líkani“ við kjarasamningagerð. Ríkið hafi ekki komið að borðinu í alvöru og viðræðurnar kallaðar sýndarviðræður.

Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari kveðst vera í reglulegu sambandi við deiluaðila og leggur mat á hvort tilefni sé til funda. Til funda í dag sé boðað óháð því hvort tilefni sé til, í ljósi alvarleika stöðunnar.

Hún segir tæki ríkissáttasemjara vera annars vegar að leggja fram sáttatillögu fyrir samninganefndirnar sem greitt gæti fyrir lausn deilu, eða miðlunartillögu sem lögð yrði fyrir félagsmenn. „Til að slík tillaga sé lögð fram verður hún að vera líkleg til að leysa deiluna. Hingað til hefur borið of mikið í milli manna í þessari deilu til þess að þær hafi verið tækar þessar leiðir sem eru til staðar til að höggva á hnúta. En þegar svona langt er á milli manna í sjálfum samningsgrunninum þá er það flóki.“

olikr@frettabladid.is



MÓTMÆLI BHM OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA Páll Halldórsson, formaður samninganefndar, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, ræða við Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra fyrir ríkisstjórnarfund á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíunda vika verkfalla BHM að hefjast



Í dag er 65. verkfallsdagur fimm aðildarfélaga Bandalags háskólanna (BHM) og tíunda vika í verkfalli að hefjast hjá þeim hópum. Þetta eru geislafræðingar, lífeindafræðingar, náttúrufræðingar og ljósmæður á Landspítalanum, auk lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Þá eru aðgerðir ljósmæðra á Sjúkrahúsinu á Akureyri á 63. degi, en þar hafa verið lögð niður störf á mánudögum og fimmtudögum. Aðrir hópar BHM hafa verið í verkfalli í rúmar sjö vikur, eða frá 20. apríl. Þar eru undir hópar háskólamentaðra starfsmanna Matvælastofnunar, náttúrufræðingar og aðrir háskólamenn hjá Matvælastofnun, auk dýralækna. Þá hefur ótímabundið verkfall hjúkrunarfræðinga staðið í tvær vikur, er í dag á 15. degi.

Í vikulegum pistli fyrir helgi undrast Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, hversu mikla þolinmæði sjúklingar sýna heilbrigðiskerfinu eftir langvarandi verkfall. „Það tekur á að vera í verkfalli og það er mikið andlegt álag. Langvarandi streita hefur áhrif á alla, á sjúklinga, á starfsfólk og á fjölskyldur þeirra,“ sagði hann í pistli sínum.

Dræm viðbrögð frá Evrópusambandinu við nýjum tillögum Grikkja:

Tsipras segir evrusvæðið í húfi

GRIKKLAND Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, segir evrusvæðið allt í hættu, verði Grikkjum þröngvað til þess að hætta með evruna.

„Mér finnst það augljóst,“ sagði hann í viðtali við ítalska dagblaðið Corriere Della Sera, spurður um hvað myndi gerast ef Grikkir yfirgæfu evrusvæðið. „Það yrði upphafið að endalokum evrusvæðisins.“

Hann sagði samt stutt í að samkomulag takist um skuldavanda Grikkja við helstu lánardrottna Grikklands, nefnilega evruríkin, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Seðlabanka ESB.

„Það myndi þýða að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki ESB og evruríkin þyrftu að slaka á kröfum sínum um umbætur í lífeyrismálum og aðrar tillögur sem myndu dýpka krepuna í Grikklandi,“ segir Tsipras.



ALEXIS TSIKRAS Forsætisráðherra Grikklands segist enn bjartsýnn á að samkomulag sé í nánd. NORDICPHOTOS/AFP

Grikkir kynntu í gær nýjar tillögur sínar um lausn á skuldavandanum, en þær hugmyndir hafa fengið

dræm viðbrögð frá embættismönnum Evrópusambandsins, þótt opinber afstaða hafi ekki verið tekin. - gb

Frá kr. **110.900** m/allt innifalið

20. júní í 14 nætur

Tenerife

Tamaimo Tropical

Netverð á mann frá kr. 110.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.

Flugseti frá kr. 44.950

2 FYRIR

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Ferskur, ferskari... ferskastur?



Engin aukaefni

Enginn viðbættur sykur

100% ferskir ávextir

Kælivara



VEISTU SVARID?



1. Til hvaða verðlauna hefur hönnuðurinn Brynjar Sigurðsson verið tilnefndur?
2. Hvað heitir nýttkomin bók eftir Jón R. Hjálmarsson?
3. Hverjir standa fyrir sjávarbotnsrannsóknnum vegna lagningar sæstrengs?

SVÖR:

1. Svissnesku hönnunarverðlaunanna.
2. Draugasögur við þjóðveginn.
3. Félag þreka fjárfesta.

Mannréttindahreyfingin Amnesty International skorar á Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands: Skora á Íra að breyta fóstureyðingalöggjöf

MANNRÉTTINDI „Henni var nauðgað. Nú er hún ólétt. Á hverjum degi minnir óléttan hana á hryllinginn sem hún upplifði. Samt segir írsk löggjöf hana þurfa að halda áfram meðgöngunni,“ segir í texta við undirskriftasöfnun sem mannréttindahreyfingin Amnesty International opnaði í gær þar sem skorað er á Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, að breyta fóstureyðingalöggjöf Íra.

Oheimilt er á Írlandi að fara í

fóstureyðingu nema líf konunnar sé í hættu. Í öllum öðrum tilfellum eru fóstureyðingar ólöglegar, jafnvel í nauðgunartilfellum eða tilfellum þar sem vitað er að fóstrið muni ekki lifa meðgönguna af.

Einungis þrjú önnur lönd í Evrópu eru með álíka stranga löggjöf, Andorra, Malta og San Marínó.

Fjörtán ára fangelsisvist gæti beðið þeirra írsku kvenna sem gangast undir ólöglega fóstur-

eyðingu. Þess vegna hafa um fjögur þúsund írskar konur farið á hverju ári til landa þar sem fóstureyðingar eru löglegar í þeim tilgangi að gangast undir aðgerðina.

Amnesty vill að írsk stjórnvöld afnemi bannið. Ef það gerist yrði það önnur breytingin í átt frá þeirri íhaldssömu stefnu sem ríkt hefur á Írlandi undanfarin ár en hjónavígslur samkynja para voru leyfðar í síðasta mánuði.

- þea



ÁSKORUN Amnesty International vilja að írsk stjórnvöld hætti að koma fram við konur eins og glæpamenn.

NORDICPHOTOS/AFR

278 milljóna skuldahali: Gagnrýna lausatök í rekstri HSA

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisendurskoðun gerir alvarlegar athugasemdir við rekstur Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Svo virðist sem ítrekaðar ábendingar hafi engu skilað. Var stofnunin rekin með tæplega 40 milljóna króna halla í fyrra og er uppsafnaður skuldahali um 278 milljónir. Ríkisendurskoðun segir mikilvægt að hann verði tekinn föstum tökum og tryggt að hann haldist innan fjárheimilda í lögum.

- sa



JARÐSTRENGUR LAGÐUR Á Suðurlandi eru hafnar framkvæmdir við lagningu Selfosslínu 3 og Hellulínu 2.

MYND/LANDSNET

Leggja alls 41 kílómetra: Strengir kosta 578 milljónir

IGNAÐUR Framkvæmdir eru hafnar við lagningu tveggja 66 kílóvatta jarðstrengja Landsnets á Suðurlandi, Selfosslínu 3 og Hellulínu 2. Selfosslína er á milli Selfoss og Þorlákshafnar, en Hellulína milli Hellu og Hvolsvallar.

Fram kemur í tilkynningu Landsnets að strengirnir séu samtals um 41 kílómetri að lengd og komi til með að auka bæði flutningsgetu og afhendingaröryggi raforku á Suðurlandi. Ráðgert er að spennusetja þá síðar á árinu.

Kostnaður við framkvæmdirnar nemur tæpum 600 milljónum króna, en Hellulína er sögð kosta 214 milljónir króna og Selfosslína 364 milljónir.

- óká

Dularfullur fjárdauði um allt land til rannsóknar

Léleg hey hafa verið talin ástæða þess að ær drepast í hrönnum og hundruð lamba komast ekki á legg. Formaður Landssamtaka sauðfjárbænda segir ástandið alvarlegra en fyrr var talið. Rannsókn hefst í dag.

LANDBÚNAÐUR „Við veltum því lengi fyrir okkur hvort þetta gæti stafað af lélegum heyjum. En þetta er orðið svo alvarlegt dæmi að við verðum að rannsaka hvort það sé ekki eitthvað mun stærra að valda þessu,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, um ástandið sem hrjáir sauðfjárbændur, en víða um land hafa ær drepist í hrönnum.

Þá virðast ær mjólka mjög illa eða ekki neitt með þeim afleiðingum að lömb dafna illa eða drepast. „Nú fyrst eru bændur farnir að þora að tala um þetta og ég held að þetta sé ekki einungis heyjunum að kenna. Það hlýtur að liggja eitthvað meira að baki,“ segir Þórarinn og bætir við að ánum hafi verið gefið kjarnfóður og lýsi sem virðist ekki hafa virkað. „Sem dæmi um það hversu alvarlegt ástandið er þá veit ég um bæ þar sem yfir tuttugu prósent af stofninum er dauður,“ segir Þórarinn sem telur að ástandið geti leitt til mjög víðtæks tjóns. „Að missa óbornar ær er stórt tjón. Þá ertu bæði að missa framleiðslutækið og framleiðsluna sjálfa.“

Samtökin, ásamt Margréti Katrínú Guðnadóttur dýralækni, hefja rannsókn á málinu í dag og verður tekið blóðsýni úr hópi áa og þau rannsökuð. „Við stöndum frammi fyrir heystakki og erum að leita að nálinni,“ segir Margrét sem vonar að niðurstöður fáið með blóðrannsókninni.

Fréttablaðið náði tali af nokkrum bændum á Vestur- og Norðurlandi sem flestir virtust sammála um að rekja mætti ástandið til slæms veðurfars undanfarið.



LÖMBIN DREPAST Víða um land hafa ær drepist. Einnig virðast ær mjólka illa með þeim afleiðingum að lömb dafna illa eða drepast.

„Þetta er algjört ófremdarástand og margir bændur um allt land hafa lent hryllilega í þessu,“ segir Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir í Búðardal, um ástandið. „Vandamálið núna er meira en ég hef séð áður. Kindurnar eru ekki að mjólka eftir burð. Það þýðir að lömbin eru ekki að stækka eða þau drepast,“ segir Gísli og bætir við að afleiðingarnar geti orðið alvarlegar. „Þetta er gríðarlegt afurðatjón fyrir sauðfjárbændur og getur leitt til mikils tekjutaps.“

Gísli segir að ær séu að drepast nokkrum dögum áður en þær bera. „Bóndi sem missir kannski tuttugu ær missir þá kannski þrjátíu lömb.“

Bjarni Hermannsson, bóndi á Leiðólfsstöðum í Laxárdal, er einn þeirra sem þekkja ástandið af eigin raun. „Ég er búinn að missa fjórutíu ær í vetur og sextíu lömb eftir sauðburð,“ segir Bjarni sem bætir við að lítill sem engin mjólk sé í ánum. Hann hefur áhyggjur af því hvaða afleiðingar ástandið mun hafa. „Þetta getur haft mikil áhrif í haust því nú eru bændur með lélegri lömb og færri.“

Gísli tekur fram að margir bændur hafi reynt að sporna gegn ástandinu með því að notast við fóðurbæti í meira mæli en áður. Fóðurbæti kosti þó sitt og leiði til aukins fóðurkostnaðar fyrir bændurna.



ÞÓRARINN INGI PÉTURSSON



BJARNI HERMANNSSON

„Ég veit ekki af hverju þetta er svona. Ég hef til dæmis oft gefið verri hey en núna. Þó að menn hafi verið að gefa ánum vítamín þá hefur það ekki dugað. En þetta er klárlega einhvers konar skortur í fæðunni að mínu mati.“

nadine@frettabladid.is



Vango Beta 350XL
Verð 37.995,-



Vango Woburn 500
Tilboðsverð 64.596,-

Við tjöldum því besta!





Skeifunni 6 - Sími 533 4450 - www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FRGLEG RAÐGJÖF



SUBARU

Confidence in Motion

NÝR SUBARU ER ÖRUGGUR VALKOSTUR



Subaru XV BOXER, bensín, sjálfskiptur
Verð 5.090.000 kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km*

SUBARU FORESTER



Forester PREMIUM BOXER, dísil, sjálfskiptur
Verð 6.090.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

SUBARU OUTBACK



Outback PREMIUM BOXER, sjálfskiptur
Með öryggismyndavélum
Verð 6.290.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og síteingt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



SVONA ERUM VIÐ



2.675 manns eru skráðir í Ásatrúarfélagið.

Árið 1998 voru meðlimir 280.

Enn er skipt um slökkviliðsstjóra á Akureyri eftir eineltiskæru sem verið hefur til rannsóknar:

Sátt náðist um starfslok slökkviliðsstjórans

AKUREYRI Náðst hefur samkomulag um starfslok Þorvaldar Helga Auðunssonar sem slökkviliðsstjóra á Akureyri. Hætti hann störfum um mánaðamótin síðustu eftir tæplega tveggja ára setu sem slökkviliðsstjóri.

Þorvaldur Helgi kvartaði undan einelti sem hann sagðist verða fyrir í störfum sínum. Meintir gerendur í eineltismálinu voru stjórnendur í Ráðhúsi Akureyrarbæjar; bæjar- tæknifræðingur, starfsmannastjóri bæjarins og bæjarlögmaður.

Samkvæmt Eiríki Birni Björgvinssyni fór sú eineltiskvörtun í ákveðið rannsóknarferli og niðurstaða úr þeirri rannsókn er fengin. Unnið verður áfram með þær niðurstöður innan bæjar- kerfisins.

Samhliða starfslokum Þorvaldar Helga náðist samkomulag við þáverandi aðstoðarslökkviliðsstjóra, Ólaf Stefánsson, um að taka að sér stöðu slökkviliðsstjóra tímabundið til eins árs.

- sa



AKUREYRI Eineltis- kvartanir hafa flogið á víxl í slökkviliðinu á Akureyri síðustu ár og áratugi. Nú hefur verið skipt um slökkviliðsstjóra.



LEIÐTOGINN Jimmie Ákesson, leiðtogi Svíþjóðardemókrata.

NORDICPHOTOS/AFP

Nær tíundi hver útlendingur styður Svíþjóðardemókrata:

Aukið fylgi frá innflytjendum

SVÍÞJÓÐ Fylgismönnum Svíþjóðardemókrata fjölga mest á meðal innflytjenda í Svíþjóð. Nær tíundi hver stuðningsmaður flokksins er frá öðru landi en Svíþjóð. Á einu ári hefur fylgi flokksins á meðal innflytjenda aukist úr 1,8 prósentum í 8,5 prósent.

Sænska ríkissjónvarpið hefur það eftir stjórn málafræðingnum Andrej Kokkoen við Gautaborgarháskóla að hluti skýringarinnar kunnir að vera sá að þeir sem komnir eru inn í kerfið vilji vernda stöðu sína. - ibs

Efling-stéttarfélag

Verkalýðsfélagið Hlíf

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis



Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði Póstatkvæðagreiðsla er hafin

Hafin er sameiginleg póstatkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis við Samtök atvinnulífsins fyrir störf á almennum vinnumarkaði.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í ofangreindum félögum sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers þessara félaga í apríl/maí 2015.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í apríl/maí 2015.

Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 mánudaginn 22. júní en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.

Athugið. Til þess að tryggja sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímabrests þá er nauðsynlegt að pósthleggja svarumslagið í síðasta lagi fimmtudaginn 18. júní. En þeir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu félaganna til kl. 12.00 mánudaginn 22. júní.

Reykjavík, 4. júní 2015.
Kjörstjórn Flóabandalagsins

Gervihnattaútsending RÚV ekki fyrir alla

Óvíst er með framhald útsendinga RÚV á gervihnetti. Skrifstofustjóri RÚV segir að ríkið þurfi að bjóða þjónustuna aftur út. Kort sem þarf í afruglara til að ná útsendingu eru ekki fáanleg hjá RÚV. Nýir notendur geta ekki náð útsendingunni.

FJARSKIPTI Sökum óvissu um framtíð útsendinga Ríkissjónvarpsins um gervihnöttinn Thor hefur RÚV ekki talið ráðlegt að kaupa ný kort sem setja þarf í sérstaka afruglara til að ná útsendingunum. Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri RÚV, segir einungis hægt að kaupa mikið magn korta í einu upp á milljónir króna.

Þar af leiðandi stendur þessi lausn þeim sem ekki ná venjulegum útsendingum RÚV og hafa ekki aðgang að gervihnattaútsendingunni nú þegar ekki til boða.

Upphaflega var markmið útsendinganna að ná til sjófarenda og fólks sem býr við erfið móttökuskilyrði en með nýju dreifikerfi RÚV er ekki sama þörf á þjónustunni og áður fyrir síðarnefnda hópinn. Enda nær nýja dreifikerfið til um 99,9 prósentu Íslendinga samkvæmt RÚV. Þó er enn þörf fyrir örfáa innan þess hóps, auk þess sem þörfin fyrir sjófarendur hefur ekki breyst.

RÚV hefur frá árinu 2007 sent út á gervihnettinum á grundvelli samnings stjórnvalda við norska fjarskiptafyrirtækið Telenor. Sá samningur var til þriggja ára og var einungis heimilt að framlengja hann út árið 2014. Sá samningur er því útrunninn.

Árlegur kostnaður við útsendingarnar yfir samningstímann hefur verið um það bil fjörutíu milljónir.

Margrét gerir ráð fyrir því að bjóða þurfi þjónustuna út að nýju. Það er að segja ef ákvörðun verður tekin um að halda útsendingum áfram.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í viðtali við RÚV í júní 2014 að fjármagn þyrfti að tryggja fyrir varanlega lausn,



ÓVISSA Útsendingar RÚV um gervihnöttinn Thor munu standa eitthvað fram á sumar en óvissa er með framhaldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

enda litu stjórnvöld á það sem hluta af grunnþjónustu RÚV að koma efni sínu til sjófarenda og fólks sem býr þar sem móttökuskilyrði eru erfið.

Fjármálaráðherra lagði því til í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2014 að fjárframlag ríkissjóðs til þessa máls yrði hækkað um tíu milljónir króna, eða upp í fjörutíu milljónir samtals, til að halda útsendingum áfram, auk þess sem varanleg lausn yrði fundin. Þeirri tillögu hafnaði þingið og því var fjármagn til útsendingarinnar á brotum og samningurinn rann út.

„Þó hafa nokkur ráðuneyti veitt framlög til málsins á árinu og tryggt útsendingar eitthvað fram á sumarið á meðan endan-



„Þó hafa nokkur ráðuneyti veitt framlög til málsins á árinu og tryggt útsendingar eitthvað fram á sumarið á meðan endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir.

Margrét Magnúsdóttir, skrifstofustjóri RÚV

leg ákvörðun liggur ekki fyrir. Okkar von er að góð lausn finnst að lokum,“ segir Margrét.

thorgnyr@frettabladid.is

Albert Woodfox verður látinn laus eftir áratugalanga fangelsisvist:

Fjörutíu og þrjú ár í einangrun

BANDARÍKIN Dómari í Louisiana hefur úrskurðað að fanginn Albert Woodfox skuli látinn laus.

Albert, sem var í félagsskap Svörtu pardusanna (e. Black Panthers), var ákærður árið 1972 fyrir að myrða fangavörð. Albert hefur hins vegar verið sýknaður af þeirri kæru í tvisgang og nú skal hann látinn laus þar sem dómari hafnar því að hann verði ákærður þriðja sinni fyrir sama glæp.

Síðan fangavörðurinn lést hefur Albert þurft að dása í einangrun og það í fjörutíu og þrjú ár. Enginn bandarískur fangi hefur setið jafnlengi í einangrun.

Albert er einn Angóla-þremninganna svokölluðu sem kenndu sig við fangelsið þar sem þeir dvöldu eftir að hafa verið dæmdir í áratugalangt fangelsi fyrir vopnað rán. Hinir tveir voru látnir lausir annars vegar 2001 og hins vegar 2013. Þremningarnir börðust fyrir því að réttindi svartra fanga innan fangelsisins yrðu virt.

Þremningarnir hafa alltaf haldið fram sakleysi sínu í báðum málum.

- þea



EINANGRUN Albert Woodfox var í rúma fjóra áratugi í einangrun fyrir brot sem hann framdi ekki.

NORDICPHOTOS/GETTY

HAGKAUP OPNAR



Í HOLTAGÖRÐUM

ALLT AÐ **80%**
AFSLÁTTUR

AÐEINS **8** VERÐ



500



1.000



2.000



3.000



4.000



5.000



6.000



8.000

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Verkfallsáhrif eru víða: Happdrættið frestaðist

KJARAMÁL Útdráttur í vorhappdrætti Félags heyrnarlausra, sem átti að fara fram í gær morgun, frestast um óákveðinn tíma vegna verkfalls BHM. Happdrættisútdráttur er í höndum lögfræðings sýslumanns en þar sem þeir eru ekki tiltækir mun útdrátturinn bíða þar til verkfallið leysist. Þetta kemur fram á Facebook-síðu Félags heyrnarlausra.

Verkfall BHM hefur nú staðið yfir í tæpar tíu vikur og gætur áhrifa þess víða. Fleiri hafa þurft að fresta happdrætti, meðal annars KR og Þróttur.

- sks, vh

Víðtæk leit stendur nú yfir: Enn ekki spurst til strokufanga

BANDARÍKIN Talið er að fangarnir sem struku úr öryggisfangelsi í New York síðastliðinn laugardag hafi fengið hjálp frá starfsmanni fangelsisins. Báðir eru þeir dæmdir morðingjar og eru taldir hættulegir. Frá þessu er greint á vef BBC.

Víðtæk leit stendur nú yfir og leita yfir tvö hundruð lögreglumenn að mönnum.

Klefar mannanna voru samliggjandi og skáru þeir sig í gegnum stálrör sem leiddi út úr fangelsinu.

Mennirnir skildu eftir miða sem á stóð „eigið góðan dag“ og með fylgdi broskarlar.

- ngy

Útlendingaspilinu leikið út

Lars Løkke Rasmussen reynir að gera útlendingamálin að helsta kosningamáli komandi þingkosninga í Danmörku. Hann vill herða verulega reglur um hælisleitendur. Danir kjósa þing á fimmtudaginn í næstu viku.

DANMÖRK Lars Løkke Rasmussen, leiðtogi frjálslynda hægri flokksins Venstre, vill herða verulega reglur um hælisleitendur í Danmörku.

„Menn geta reiknað með þessu loforði: Við munum ekki sitja hjá aðgerðalausir meðan fjöldi hælisleitenda rýkur upp úr öllu valdi,“ sagði Løkke á blaðamannafundi í gærmorgun, þar sem hann kynnti stefnu flokks síns í málefnum hælisleitenda.

Þar með reynir hann að gera málefni útlendinga enn á ný að helsta kosningamálinu í Danmörku, en það er ekki nýtt að þingkosningar þar í landi snúist að verulegu leyti um ólíka afstöðu flokkanna til málefna innflytjenda.

Løkke vonast til þess að hreppa forsætisráðherraembættið eftir kosningarnar. Hann var forsætisráðherra Danmerkur frá 2009 til 2011, en þá tapaði hann fyrir Helle Thorning-Schmidt, leiðtoga Sósíaldemókrataflokkssins, sem nú reynir að verja stöðu sína. Þingkosningar verða haldnar 18. júní.

Løkke segir innflytjendastrauminn vera það alvarlegt mál að hann lofar því að kalla saman þing strax í sumar til að taka á málinu, hljóti hann sigur í kosningunum. „Við vitum að við stöndum frammi fyrir því að í sumar mun straumurinn hingað aukast gríðarlega ef við gerum ekkert,“ sagði hann á blaðamannafundinum í gær.

Thorning-Schmidt segir stjórn sína reyndar hafa hert innflytjendareglurnar verulega á kjörtímabilinu.



HELLE THORNING-SCHMIDT OG LARS LØKKE RASMUSSEN Fyrir fjórum árum tók Thorning-Schmidt við forsætisráðherraembættinu af Rasmussen. Hann vonast nú til þess að hafa hlutverkaskipti aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hælisleitendum hefur fjölgað töluvert í Danmörku á síðustu árum, eins og víðar í Evrópu, eftir að flóttamannastraumurinn frá Sýrlandi hófst. Borgarastríðið þar í landi hefur hrakið milljónir manna út fyrir landamærin og nokkur hluti þeirra hefur reynt að komast til Evrópu, oft yfir Miðjarðarhafið.

Á síðasta ári voru hælisleitendur í Danmörku 14.800 talsins, eða nærri þrisvar sinnum fleiri en á árinu 2011 og helmingi fleiri en árið 2013, þegar þeir voru 7.500.

Það sem af er þessu ári hafa

1.550 manns sótt um hæli í Danmörku, en í Evrópusambandsríkjunum samtals hafa 202 þúsund hælisleitendur knúið á dyr á sama tíma.

Skoðanakannanir sýna að rauða blokkinn svonefnda, flokkarnir á vinstri vængnum, hefur aukið fylgi sitt lítilllega, en bláa blokkinn á hægri vængnum að sama skapi dalað eilítið.

Annars hefur verið nokkuð jafnt á með fylkingunum undanfarnar vikur. Hægri blokkinn hafði vinn-inginn fyrir nokkrum vikum en nú

„Við munum ekki sitja hjá aðgerðalausir meðan fjöldi hælisleitenda rýkur upp úr öllu valdi.“

Lars Løkke Rasmussen,
leiðtogi Venstre

eru báðar að mælast með um það bil helmingisfylgi. Einn daginn er rauða blokkinn örlítið yfir 50 prósentunum en hinn daginn er það sú bláa sem skriður yfir 50 prósentin.

gudsteinn@frettabladid.is



Með fróðleik í fararnesti

Skordýraskoðun í Elliðaárdal fimmtudaginn 11. júní kl. 19

Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands, og Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild skólans, leiða skordýraskoðun í Elliðaárdal og fræða göngugesti um heim skordýrana.

Skordýr eru fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarnar ár af ýmsum ástæðum. Þátttakendur komi með ílát, litla háfa og stækkunargler til þess að fanga og skoða dýrin en það gerir ferðina að algjöru ævintýri.

Brottför kl. 19 frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár. Ferðin tekur um tvær klukkustundir og er farin í samstarfi við Ferðafélag barnanna.

Allar nánari upplýsingar á hi.is Ferðin er liður í samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands um göngu- og hjólaferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“.

Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

Valitor
er stuðningsaðili
Ferðafélags Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is



HÖFÐINGLEGAR MÓTTÖKUR Michele Bachelet var vel tekið þegar hún lenti í Frakklandi í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Michele Bachelet, forseti Síle, í heimsókn til Frakklands: Ræddu um orkuviðskipti

STJÓRN MÁL Móttökuathöfn til heiðurs Michele Bachelet, forseta Síle, var haldin í París, höfuðborg Frakklands, á mánudag. Athöfnin var upphafið á tveggja daga heimsókn forsetans.

Bachelet og Francois Hollande, forseti Frakklands, funduðu um kvöldið í Elysee-höll þar sem meðal annarra mála voru umhverfismál rædd í undirbúningi fyrir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfismál sem Frakkar halda í desember næstkomandi.

Einnig voru orkumál á dagskrá fundar forsetanna en yfirvöld í Frakklandi vilja styrkja samstarf ríkjanna á þeim vettvangi.

- þea

Bankinn HSBC hyggst fækka störfum um tugi þúsunda: Tugir þúsunda missa vinnuna

VIÐSKIPTI Breski bankinn HSBC hyggst fækka störfum innan fyrirtækisins um fimmtíu þúsund. Þar af mun helmingur starfanna ekki vera lagður niður, heldur eru það störf innan fyrirtækja í Brasilíu og Tyrklandi sem bankinn ætlar að selja. Frá þessu greindi framkvæmdastjóri HSBC, Stuart Gulliver, í gær.

Bankinn hyggst hins vegar skera niður um 25 þúsund störf, þar af átta þúsund á Bretlandi. Einnig verður um hundrað útíbúum lokað þar í landi.

Hjá HSBC starfa nú um 266 þúsund manns.

- þea

Sigrún Magnúsdóttir skipar starfshóp vegna sameiningar NÍ og RAMÝ:

Tryggja rannsóknir við Mývatn

UMHVERFISMÁL Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur skipað starfshóp sem á að sjá um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, NÍ, og Náttúrufræðistofnunar RAMÝ við Mývatn, RAMÝ.

Verkefni starfshópsins verða meðal annarra að fara yfir rekstrarlega- og fjárhagslega þætti sameiningarinnar. Starfshópurinn mun einnig skoða hvernig áframhaldandi rannsóknarstarfssemi RAMÝ verði tryggð við Mývatn.

Starfshópin skipa Stefán Guðmundsson, skrifstofustjóri ráðuneytisins, Árni Einarsson, forstöðumaður RAMÝ og Jón Gunnar Ottósson, forstjóri NÍ.

Skipun starfshópsins er í samræmi við skýrslu sem stýrihópur á vegum ráðuneytisins birti 25. mars síðastliðinn.

Tveir starfsmenn eru hjá RAMÝ en tæplega fimmtíu hjá NÍ.

Fram kemur að samkvæmt skýrslunni vænti starfsmenn og stjórnendur stofnananna, fagráð RAMÝ og

ráðuneytið þess að sameining skili betri niðurstöðu en óbreytt ástand.

Ytri aðilar, þá helst sveitarstjórnir, samstarfsaðilar og veiðifélög, vænta þess að nærsamfélagið verði ekki fyrir skerðingu og sömuleiðis að áfram verði unnið að nauðsynlegum verkefnum.

- þea

SAMEINING Sigrún Magnúsdóttir hefur skipað starfshóp um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrufræðistofnunar RAMÝ við Mývatn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HREINSUN Götum er lokað tímabundið þar til hreinsun er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hreinsun hefst klukkan átta: Götum lokað vegna þrifa

REYKJAVÍK Loka verður tíma-bundið nokkrum götum í miðborginni og í Túnunum á næstu dögum til að hægt sé að þrifa þær, en í Reykjavík eru götur þvegnar einu sinni á ári. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Reykjavíkurborg.

Hefðbundin aðferð, að setja skilti með tilkynningu um þrif síðdegis daginn áður, skilaði ekki árangri og verður nú að loka götunum fyrir umferð frá klukkan átta þann dag sem hreinsunin fer fram þar til hreinsun er lokið. - ngy

Samið við fasteignaeiganda: Bætur vegna reyks nágranna

SVÍPJÓÐ Leigjandi í Malmö í Svíþjóð fékk 9.300 sænskar krónur í bætur vegna sigarettureyks sem barst inn í svefnherbergið hans. Þar sem kvartanir til eigenda fasteignarinnar báru ekki árangur sneri leigjandinn sér til samtaka leigjenda. Fasteignaeigandinn reyndi þá að þetta á milli hæða með góðum árangri.

En þar sem leigjandinn hafði þjáðst af óbeinum reykingum um margra mánaða skeið gátu leigjendasamtökin samið við eiganda fasteignarinnar um bætur fyrir hann. - ibs

Skoðun Svíþjóðardemókrata: Kennarar fá þingfararkaup

SVÍPJÓÐ Hæfustu kennararnir eiga að fá jafnhá laun og þingmenn, það er að segja um 60 þúsund sænskar krónur. Þetta er mat Svíþjóðardemókrata sem taka nú þátt í umræðunni um hvernig efla megi stöðu kennara.

Flokkurinn vill að ríkið fjármagni umbætur til að stuðla að endurmenntun kennara. Þeir geti þar með fengið hærri laun. Svíþjóðardemókratar eru þeirrar skoðunar að hæfustu kennararnir eigi að starfa í skólum þar sem árangur hefur verið slakur. - ibs

SIEMENS

Kæli- og frystiskápar frá Siemens



Kæli- og frystiskáparnar frá Siemens eru vel hannaðir að innan sem utan. Í innréttingunum eru stillanlegar hillur, einstaklega björt LED-lýsing og mikið rými.

Svo að ekki þurfi að henda mat koma „crisperBox“- og „coolBox“-skúffurnar að góðum notum. „crisperBox“-skúffan er með rakastillingu sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. Í „coolBox“-skúffunni er kuldinn meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Í frystirými sambyggðu kæli- og frystiskápanna eru þrjár gegnsæjar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

Með því að velja skápa með „noFrost“ sleppa menn alveg við að afrfyrta frystirýmið.

Kæli- og frystiskáparnar frá Siemens hafa mjög góða orkunýtni. Þeir eru nú allir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.

Siemens er í fararbroddi í hönnun, tækni og nýjungum.

Smith & Norland er Siemens-umboðið á Íslandi.

Smith & Norland sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Fékk skilorðsbundinn dóm: Tveggja mánaða fangelsi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt karlmann í tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsi fyrir að slá annan karlmann hnefahöggi í andlitið fyrir utan veislusalinn Gala á Smiðjuvegi 1 í Kópavogi aðfaranótt föstudagsins 18. apríl í fyrra.

Ákærði játaði brotið og hlaut hann tveggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Auk þess var honum gert að greiða fórnarlambinu 570 þúsund krónur. -vh

Hornafjörður hefur sett verkefnið af stað þó að ágreiningur sé um hver eigi að borga brúsann:

Vilja að dýpkun verði kostuð af ríkinu

HORNAFJÖRÐUR Sveitarfélagið Hornafjörður telur eðlilegast að dæling á svokölluðum Grynslum úti fyrir Hornafjarðarhöfn verði alfarið greidd af íslenska ríkinu. Innsiglingin fyrir utan hafnar-svæðið torveldar skipum leiðina inn í höfnina.

„Það þarf að dæla í burtu um 20.000 rúmmetrum af sandi til að hægt sé að nota höfnina að fullu. Þetta er sams konar vandamál og er úti fyrir Landeyjahöfn; hér er á ferðinni laust efni sem ferðast með ríkjandi hafstraumum. Þar

sem sandriði er fyrir utan skilgreint hafnar-svæði okkar finnst okkur eðlilegt að ríkið greiði fyrir þessa dýpkun,“ segir Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar.

Hefur bæjarstjórn sent innanríkisráðherra bréf þar sem skorað er á að ríkisvaldið greiði reikninginn. Hornafjörður hefur ákveðið að hefja útboð og framkvæmd á verkinu án þess að ljóst sé hver greiði á endanum fyrir dýpkunina. Björn Ingi segir mikilvægt að ljúka dýpkun sem fyrst. -sa



HORNAFJÖRÐUR Dýpkunar er þörf utan skilgreinds hafnar-svæðis og því telur bæringinn eðlilegt að ríkið borgi brúsann.



BIÐA ÖRLAGA SINNA Sýrlensk fjölskylda situr á bryggjunni eftir að hafa verið fylgt þangað af grísku landhelgis-gæslunni en henni var bjargað 4. júní síðastliðinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Mikill fjöldi flóttamanna:

Ferðamönnum fækkar á Kos

GRIKKLAND Fjöldi flóttamanna var bjargað af stjórnlausum báti þann 4. júní síðastliðinn. Margir flóttamenn hafa komið á eyjuna Kos í Grikklandi frá Tyrklandi á síðastliðnum mánuðum.

Ferðamönnum sem heimsækja eyjuna hefur fækkað mikið undanfarið og telja stjórnvöld þar það mega rekja til neikvæðra fréttu af flóttamannafjölguninni á eyjunni. Um 30 þúsund flóttamenn hafa komið til Grikklands á þessu ári. Grísk yfirvöld hafa biðlað til Evrópusambandslanda um hjálp til þess að takast á við ástandið. -vh



HEIMSÓKN Framkvæmdastjóri Evrópuráðs heimsótti Ísland á dögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ræddu um Úkraínu:

Jagland í Stjórnarráðinu í gær

STJÓRNMÁL Thorbjörn Jagland, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins og fyrrverandi forsætisráðherra Norðmanna, heimsótti Stjórnarráðshúsið í gærmorgun.

Jagland hitti fyrir þá Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra.

Jagland ræddi meðal annars um lýðræðisþróun í Evrópu og stöðu mála í stríðinu í Úkraínu.

Jagland var staddur hérlendis í boði Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra og hélt af landi brott í gær. -þea

Fimmtán ára ákærð fyrir morð:

Stúlka sýknuð af morðákæru

NÍGERÍA Fimmtán ára nígerísk stúlka, Wasila Tasi'u, sem ákærð var fyrir morð á eiginmanni sínum, var formlega sýknuð í gær. Stúlkan var fjórtán ára þegar eiginmaður hennar lést, þá þrjátíu og fimm ára. Frá þessu er greinir ABC. Árið 2014 var henni gert að sök að hafa dreift rottu eitri yfir máltíð sem hún eldaði fyrir hann í apríl það ár. Eiginmaður hennar lést nokkrum klukkustundum síðar ásamt fjórum öðrum. -ngy

Fær ekki nauðsynleg lyf til að ná bata af lifrabólgu C

Fanney Björk smitaðist af lifrabólgu C við blóðgjöf eftir barnsburð árið 1983 en greindist ekki fyrr en árið 2010. Hún hefur fengið neitun um að fá lyf sem myndu líklega hjálpa henni að ná bata af sjúkdóminum.

„Ég varð fyrir miklu áfalli þegar ég komst að því að ég myndi ekki fá lyf á þessu ári,“ segir Fanney Björk Ásbjörnsdóttir sem smitaðist af lifrabólgu C árið 1983 við blóðgjöf sem hún fékk eftir barnsburð.

Fanney vissi hins vegar ekki fyrr en árið 2010 að hún væri smituð af veirunni en hafði um árabíl farið á milli lækna til þess að reyna að finna hvað amaði að henni en hún hafði verið mjög heilsuveil. Lýsa veikindin sér meðal annars í þróttleysi, liðverkjum, höfuðverk, slæmu munnangri auk þess sem hún fær mjög oft hita.

Þrátt fyrir að hafa farið í allavega 26 blóðprufur á þeim 27 árum sem hún var ógreind þá fann engin út úr því raunverulega amaði að fyrr en heimilislæknir á vakt í Vestmannaeyjum, þar sem Fanney býr, einsetti sér að finna út hvað hrjáði hana.

„Hann spurði mig hvort ég hefði einhvern tímann fengið blóð og þá mundi ég að ég hefði fengið blóðgjöf eftir að ég átti annað barnið mitt. Ég vildi ekki fá blóðgjöf, vildi bara jafna mig sjálf því ég hafði farið í keisaraskurð áður en læknirinn vildi að ég fengi blóð. Ég fékk tvo poka og annar var sýktur af lifrabólgu C en það hefur verið staðfest af Blóðbankanum.“

Ekki var byrjað að skima eftir lifrabólgu í Blóðbankanum fyrr en árið 1992 og vitað er um á þriðja tug blóðþega sem smituðust af lifrabólgu fyrir þann tíma. Þegar upp komst um smitin var þó ekki leitað að þeim sjúklingum sem kynnu að hafa fengið smitað blóð.

Eftir að Fanney var greind með veiruna kom í ljós að dóttir hennar, sem er fædd árið 1989, hafði einnig smitast af lifrabólgu, annaðhvort í móðurkviði eða við fæðingu. Mæðgurnar fóru í lyfjameðferð við veirunni árið 2012 sem dóttir hennar komst í gegnum við illan leik en Fanney varð að hætta á lyfjunum þar sem þau höfðu afar slæm áhrif á hana. „Sú lyfjameðferð tekur 48 vikur og það fylgja henni miklar



MIKIL BARÁTTA Fanney var ekki greind með sjúkdóminn fyrr en árið 2010. Hún gekk á milli lækna til þess að reyna fá greiningu á því sem amaði að henni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

aukaverkanir. Ég var tvisvar sinnum næstum dáin við þá meðferð. Í annað skipti var ég á brádamóttöku í sólarhring og í hitt skiptið þurfti að fljúga með mig í sjúkrahúsi frá Eyjum. Ég var í lífshættu í bæði skiptin þannig að meðferðinni var hætt hjá mér,“ segir Fanney.

Í fréttum Stöðvar 2 á dögnum þar sem fjallað var um mál lifrabólgu kom fram að á Íslandi eru notuð lyfin Interferon og Ribavirin við lifrabólgu C en þau lyf eru talin úrelt í nágrannalöndum okkar. Meðferðin er sem fyrr segir 48 vikur, er afar erfið og hefur í för með sér miklar aukaverkanir líkt og var í tilfelli Fanneyjar.

„Ég var búin að lifa í voninni eftir að ég fór í þessa hræðilegu lyfjameðferð að það væru lyf hinum megin við hornið en það skaut mig

í kaf að það væri ekki í boði,“ segir Fanney sem undrar sig á því að ekki sé komið til móts við þarfir sjúklinga. Hún hefur borið veiruna í sér í tæp 32 ár og segir að talað sé um að sjúklingar fari að veikjast enn meir þegar veiran hefur verið þennan tíma í líkamanum. „Ég er alveg sannfærð um að það væri dýrara fyrir ríkið ef ég myndi þurfa að fara í lifrarígræðslu.“

Lyfjameðferðin sem Fanney vill fara í tekur átta vikur og það eru um 95 prósent líkur á því að læknað af sjúkdóminum en af hinum lyfjunum eru líkurnar 70 prósent.

Fanney hefur verið í sambandi við lækni í Svíþjóð og komist að því að lyfin kosti 7-10 milljónir. Auk þess er meðferðin laus við aukaverkanir.

Fanney segir erfitt að sætta sig við þá staðreynd að hægt hefði verið

„Ég var búin að lifa í voninni eftir að ég fór í þessa hræðilegu lyfjameðferð um að það væru lyf hinum megin við hornið en það skaut mig í kaf að það væri ekki í boði.“

að finna út úr því fyrr að hún væri með lifrabólgu hefði Blóðbankinn reynt að hafa uppi á þeim sem smitast höfðu. Það sé því talsverður skellur að þurfa að upplifa það líka að fá ekki þau lyf sem geta hjálpað henni að læknað en fleiri sjúklingar eru í sömu sporum. „Þetta hefur verið mjög erfitt og leiðinlegt ferli að standa í. Ég vil bara fá þessi lyf þar sem ég þarf að losna við þessa veiru.“ viktoria@frettabladid.is

Kærunefnd útlendingamála sneri við úrskurði Útlendingastofnunar um endurnýjun dvalarleyfis:

Fær að vera áfram hjá barnabörnunum

DÓMSMÁL Kærunefnd útlendingamála sneri í síðustu viku við úrskurði Útlendingastofnunar um að synja úsbekskri konu um endurnýjun dvalarleyfis hérlendis.

Konunni var upphaflega úthlutad dvalarleyfi til tveggja ára í þeim sérstaka tilgangi að sinna dóttur hennar og þremur barnabörnunum.

Dóttir konunnar kom til Íslands sem flóttamaður með manni sínum og tveimur börnum. Þau eignuðust þriðja barn sitt hér. Eftir langa

dvöl hér var þeim veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Maðurinn beitti hana ofbeldi og kærði hún manninn sem flúði í kjölfarið land.

Konan sótti um endurnýjun dvalarleyfis að tveimur árum liðnum en Útlendingastofnun mat tilganginn ekki lengur til staðar. Konan fékk ekki leyfi á grundvelli sérstakra tengsla við Ísland.

Kærunefndin hefur nú snúið málinu við á grundvelli nýrra sjónarmiða við úthlutun dvalarleyfis sem sett voru fram í mars.

Í þessum sjónarmiðum skal miða veitingu slíks leyfis við tiltekin sjónarmið og þar ber hæst fjölskyldutengsl.

„Í raun er kærunefnd útlendingamála að vísa til þessara nýju leiðbeinandi sjónarmiða en ég hef ekki verið með mál áður þar sem þessar reglur gera þetta mögulegt,“ segir Krístrún Elsa Harðardóttir, lögmaður konunnar. Hún bætir við að þarna sé mögulega að skapast opnari grundvöllur fyrir veitingu dvalarleyfis en áður. -þea



DVALARLEYFI Krístrún Elsa Harðardóttir fékk úrskurði Útlendingastofnunar um að synja konu um dvalarleyfi hnekk. MYND/DIKA LÖGMENN

SAMSUNG

Ný módel 2015/16

Bein eða bogin - þín upplifun



Samsung JU6675

40" verð: 194.900,-
48" verð: 239.900,-
55" verð: 319.900,-



Samsung JU6415

48" verð: 249.900,-
55" verð: 319.900,-



Nokkur tæki frá 2014/15 á tilboði



Samsung H5005

32" kr. 74.900.-
40" kr. 99.900.-
48" kr. 129.900.-



Samsung H5505

32" kr. 79.900.-
40" kr. 109.900.-
48" kr. 139.900.-



Samsung H6675

48" kr. 179.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | | | |
|--------------------------------------|--|------------------------------------|--|--------------------------------------|-------------------------------------|--|--|--|---|--|------------------------------------|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |
|--------------------------------------|--|------------------------------------|--|--------------------------------------|-------------------------------------|--|--|--|---|--|------------------------------------|

Samningar eiga að vera fyrsti, annar og þriðji kostur:

Búbót á förum?

Makrill er víst þannig gerður að hann syndir ekki inn í sjó sem er undir ákveðnum hlýindamörkum. Á forsíðu Fréttablaðsins í byrjun vikunnar var frá því greint að hér hefði hitastig sjávar ekki verið lægra síðan 1997. Um leið hefur hvergi orðið vart við makrillinn, sem tók að ganga inn í íslenska lögsögu rétt fyrir hrun og hefur reynst sjávarútvegsfyrirtækjum og landinu öllu mikilvæg búbót á tímum þrenginga.

Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is



Í viðtali við blaðið segist Guðmundur J. Óskarsson, sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, ekki vilja fabúlura um forspárgildi sjávarhita nú og þeirrar staðreyndar að ekki hefur enn bólað á makrill, sem síðustu ár hefur verið mættur einhvern tímann í maímánuði.

„Kannski er makrillinn einfaldlega seinna á ferðinni og gýs upp þegar hlýnar,“ sagði hann og tók um leið undir að fjarvera hans hlýti að vekja ónotatilfinningu hjá þeim sem hagsmuna ættu að gæta í sjávarútvegi.

Undir eru nefnilega umtalsverðir fjármunir. Útflutningstekjur vegna makrills frá því veiðar hófust voru samkvæmt samantekt Sjávarklasans í fyrrahaust komnar hátt í 100 milljarða króna. Veiðin á líklega stóran þátt í ákvörðunum um nýsmíði skipa, þótt þar spili líka inn í hagstætt afurðaverð og lágt gengi krónu. „Umfram allt er endurnýjun fiskiskipaflorens tímabær og fjárhagur margra sjávarútvegsfyrirtækja veitir svigrúm til fjárfestinga sem hann gerði ekki áður,“ sagði í greiningu Sjávarklasans í ágúst. Þá var búið að semja um smíði ellefu nýrra fiskiskipa, flestra fyrir HB Granda, sem afhenda átti á þessu og næstu tveimur árum. Hverfi makrillinn gæti það sett strík í áætlanir hjá einhverjum.

Fari allt á versta veg varðandi göngur makrillsins hefði óneitanlega verið betra að vera búinn að ganga frá samningum um varanlega hlutdeild í heildaraflanum. Bent hefur verið á að þótt sá hlutur yrði minni en Íslendingar hafa ákveðið einhliða, þá væri hægt að veiða hann á öðrum tíma þegar fiskurinn er feitari og fyrir hann fæst mun hærra verð. Þannig hefði einhver sjö prósent hlutdeild sem staðið hefur til boða mögulega farið langt með að skilað svipuðu verðmæti og tæpu tólf prósentin sem hér hafa verið ákveðin einhliða, auk þess að hverfa ekki vegna sjávarkulda.

Vonandi dúkkar makrillinn upp og vonandi bera menn gæfu til að ganga til samninga um varanlega hlutdeild í heildaraflanum. Samningaleiðin er alltaf betri en að böðlast áfram með hausinn á undan sér í andstöðu við alla í kringum sig. Með samningum vita allir að hverju er gengið og ólíklegra að bakreikningar birtist, eða að framhald verði á deilum.

Þess vegna er til dæmis svo ánægjuleg sú leið sem fara á í uppgjöri við kröfuhafa og afnámi gjaldeyrishafna og kynnt var í gær. Og um leið er ljóst að sá farvegur sem Icesave-deilan fór í er síðri því enn sér ekki fyrir endann á þeim deilum. Núna liggja nefnilega fyrir EFTA-dómstólum álitamál tengd ábyrgð ríkisins á bankakerfinu og hundraða milljarða kröfur eru undir.

En fari allt á versta veg í málarekstri Breta og Hollendinga á hendur innstæðutryggingakerfinu og íslenska ríkinu, þá verður í það minnsta gott að eiga afgang eftir uppgjörið við kröfuhafana.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Pránsón ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Skipuleggjendur tónlistarhátiðarinnar Secret Solstice sem haldin verður dagana 19 - 21 júní 2015 boða til íbúafundar fimmtudaginn 11 júní kl. 20:30 í Farfluglaheimilinu Laugardal, Sundlaugarvegi 34, 105 Reykjavík.

Farið verður yfir framkvæmdaáætlun hátiðarinnar og tekið á móti á ábendingum íbúa Laugardals og nágrennis sem fram kunna að koma. Fundurinn er öllum opin og íbúar hvattir til að mæta, leita upplýsinga og skiptast á skoðunum.

Secret Solstice 2015

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 19-21 JÚNÍ 2015
SECRET SOLSTICE
LAUGARDALUR - REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ein setning að lokum

Þó þess sjái kannski ekki stað þessa stundina er reyndin sú að oft og tíðum er glatt á hjalla á Alþingi Íslendinga. Þar starfar fólk nokkuð náði saman við aðstæður sem eru um margt óvenjulegar. Mördur Árnason var í pontu og hafði farið fram yfir tíma sinn þannig að forseti var farinn að slá í bjölluna. „Ein setning að lokum,“ sagði Mördur og bætti eftirfarandi við: „Það sem nú þarf hins vegar að gera er að ákveða til frambúðar hvernig samfélag við ætlum að byggja upp eftir þetta og má þá vel minna á að á meðan þetta gerist, sem hér er fagnað á þinginu, stendur ríkið sjálft í hörðum kjaradeilum við að minnsta kosti tvo mikilvæga hópa í samfélaginu.“

Setningafraeðilegur ágreiningur

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, tók þá til máls. „Forseti vill til gamans nefna að þetta var nokkuð löng setning í lokin,“ sagði hann og um hæl var kallað úr þingsal: „Setning er setning.“ Einar svaraði að bragði: „Ekki ætlar forseti að deila við hv. þingmann um málfræðilega greiningu þess.“ Enda eins gott, því Mördur er maður ekki ófróður um íslenska tungu og setningafraeði hennar. Gjarnan mættu fleiri ræður á þingi fjalla um setningafraeði.

Samstaða fin, en samt

Elsa Lára Árnadóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, fagnaði í gær þeirri samstöðu sem virtist ríkja um áætlun um losun hafta. Þverpólitísk sátt virtist ríkja um málið. Að því loknu fór hún skilmerkilega yfir það hvernig Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, hefði áður fundið hugmyndum þeim sem fram hefði komið um hvernig losað yrði um höftin allt til foráttu og sagt afnám hafta líklega ómögulegt án upptöku evru. Það verður áhugavert að rifja upp orð Árna um málið, sem og annarra, en það dregur aðeins úr fögnuði með samstöðu að láta fyrstu ræðu sína um málið snúast um þetta.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Frumskylda að verja líf skjör almennings

FJÁRMÁL



Þórunn Egilsdóttir formaður þingflokks Framsóknar



Willum Þór Þórsón þingmaður Framsóknar

Frumskylda stjórnvalda er að verja þjóðarhagsmunum og huga að hagsmunum heildarinnar.

Framsóknarflokkurinn var eini flokkurinn sem þorði að taka afgerandi afstöðu og lýsa því yfir í aðdraganda kosninga að hægt væri að fara þá leið sem boðuð hefur verið við losun hafta. „Ríkið hefur tækin sem þarf til þess að ná þeirri niðurstöðu sem er ásættanleg fyrir Ísland,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson meðal annars þegar hann svaraði fréttamönnum fyrir kosningar hvers vegna hann gæti einn haldið þessu fram. Enginn annar flokkur taldi sig geta skapað þetta svigrúm.

Afnám hafta er mikilvægasta verkefni ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og lýtur allt að því að gæta hagsmuna íslenskra heimila, verja efnahagslegan stöðugleika og byggja þjóðfélagið upp til framtíðar. Lagður er grunnur að betri afkomu sem hefur víðtæk áhrif án þess að raska efnahagslegum stöðugleika. Bjartari horfur eru fram undan.

Í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfis-

ins tók þorri Íslendinga á sig verulegan skell vegna gengisfalls íslensku krónunnar og kaupmáttarskerðingu í framhaldi af því. Þjóðin mun ekki taka á sig frekari byrðar því markmið aðgerða stjórnvalda er að kollsteypan sem hér varð endurtaki sig ekki. Sú kollsteypa er ekki valkostur.

Stöðugleikinn er stærsta hagsmunamál þjóðarinnar. Ráðist er að rót vandans til verndar raunhagkerfinu og efnahagslegri velferð almennings á Íslandi. Áætlun stjórnvalda nú við losun hafta boðar lausn á greiðslufarnaðarvanda þjóðarbúsins án þess að ógna efnahagslegum stöðugleika.

Stöðugleikaskilyrði og stöðugleikaskattur skapa ramma til þess að hægt sé að mæta kröfum íslensku þjóðarinnar. Árlegar vaxtagreiðslur ríkissjóðs munu lækka um tugi milljarða króna á ári. Aðgerðirnar eru forsenda þess að hægt verður að losa höftin, skapa svigrúm til að greiða niður skuldir ríkissjóðs og tryggja hagsmuni almennings til framtíðar.

Afnám fjármagnshafta er mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar. Það hagsmunamál er í góðum höndum.

Doktorsgráðan skilar launalækkun

KJARAMÁL
 dr. Bryndís Marteinsdóttir
 dr. Erla Björnsdóttir
 dr. Erna Sif Arnardóttir
 dr. Heiða María Sigurðardóttir
 fyrir hönd vinnuhóps FeDoN, Félags doktorsnema og nýdókora við HÍ

Brennandi áhugi og metnaður er oftast það sem drífur fólk til þess að fara í doktorsnám. Þótt fæstir geri sér von um ofurlaun þegar ákveðið er að leggja vísindin fyrir sig hvarflar það þó varla að neinum að doktorsprófið sjálft skili launalækkun. Þannig er nú samt raunin á Íslandi í dag.

Nýdoktorar: Meiri menntun, lægri laun

Nýdoktorar (e. postdoctoral researchers) starfa í háskólasamfélaginu við vísindarannsóknir eftir doktorsprófi. Stór hluti nýdókora starfar við Háskóla Íslands (HÍ) og tilheyrir Félagi háskólakennara (FH). Þegar samið var um launahækkunir hjá FH árið 2014 hækkðu akademískir starfsmenn um 4-5 launaprep og starfsmenn stjórnsýslu um 3-4 launaprep. Nýdoktorar hækkðu ekki um eitt einasta launaprep.

Laun nýdókora virðast vera einhlíða ákvörðun af samkeppnisjöldum landsins og ljóst er að þessi laun hafa ekki á nokkurn hátt fylgt launaprepun í landinu. Doktorsgrádan virðist, ótrúlegt en satt, gjarna fela í sér lækkun launa.

Í stefnumörkun Háskóla Íslands árið 2006 var lögð mikil áhersla á eflingu rannsókna og doktorsnáms. Efling doktorsnámsins átti án efa ríkan þátt í að styrkja stöðu Háskóla Íslands sem viðurkennds alþjóðlegs rannsóknarháskóla. Þág kjör nýdókora og aðstöðuleysi þeirra er aftur á móti í hröplegu ósamræmi við yfirlýsta stefnu.

BA/BS- og MA/MS-gráður skila hærri launum

Laun nýdókora eru töluvert lægri en meðallaun annarra ríkisstarfsmanna með háskólaprófi. Þegar launakönnun Bandalags háskólanna (BHM) fyrir árið 2013 er skoðuð má sjá að meðallaun fólks með BA/BS-gráðu (sem lokið hefur um þriggja ára háskólanámi) eru 65 þúsund krónum hærri en nýdókora (sem lokið hafa um átta ára háskólanámi) við HÍ árið 2015 og laun MA/MS-menntaðra (sem lokið hafa um fjögurra til fimm ára háskólanámi) eru 100 þúsund krónum hærri. Einnig eru fjölmörg dæmi um að einstaklingar lækki í launum þegar doktorsnámi lýkur og þeir taka við starfi nýdókora við Háskóla Íslands.

Nokkur raunveruleg dæmi
 Starfsmaður Háskóla Íslands með

doktorspróf gegndi stöðu sem krafðist meistaragráðu en þáði nýdoktorsstöðu innan sömu stofnunar sem krafðist doktorsprófs. Þrátt fyrir auknar menntunarkröfur lækkaði viðkomandi í launum um 70.000 kr. á mánuði við þessa tilfærslu.

Sálfræðingur sem starfaði innan Landspítala Háskólasjúkrahúss lauk doktorsprófi og fór í kjölfarið að sinna störfum nýdókora. Ef sálfræðingurinn hefði þess í stað unnið sem klínískur sálfræðingur á Landspítala hefðu mánaðarlaun hans verið um 80.000 kr. hærri. Þess í stað eru kjör sálfræðingsins – sem er á fertugsaldri, með doktorsgráðu og talsverða starfsreynslu – sambærileg við laun nýútskrifaðs 27 ára sálfræðings án nokkurrar starfsreynslu.

Einstaklingur færði sig úr sambærilegu starfi við HÍ yfir í aðra stöðu nýdókora innan sömu stofnunar. Við þetta lækkaði viðkomandi verulega í launum og var ekki kunnugt um þessa lækkun fyrr en eftir tæplega þriggja vikna vinnu í nýju stöðunni. Manneskjan, sem var fyrirvinna heimilisins með tvö börn á framfæri og himinhá námslán, hröklaðist að lokum frá störfum vegna fjárhagsörðugleika. Hún fékk vinnu utan háskólans og tvöfaldaði við það laun sín.

Náttúrufræðingur sem starfaði við rannsóknir á Landspítala Háskólasjúkrahúsi hlaut styrk frá Nýliðunarsjóði Háskóla Íslands. Við það var Háskólinn orðinn vinnuveitandi hans í stað Landspítalans og sjálfkrafa lækkaði viðkomandi starfsmaður í launum um 100.000 kr. á mánuði. Þessi starfsmaður situr enn á sömu skrifstofunni og vinnur enn að sömu rannsóknum. Það eina sem breyttist (fyrir utan doktorsgráðuna og aukna reynslu starfsmannsins) var hinn nýi vinnuveitandi og verri kjör.

Ástandið óviðunandi

Við þetta er að sjálfsgöðu ekki hægt að na. Nýdoktorar styðja heilshugar þá kröfu að menntun skuli metin til launa og ætla sér ekki að sitja hjá í kjarabótum í þetta sinn.

Nýdoktorar fagna því að nýkjörinn rektor Háskóla Íslands, Jón Atli Benediktsson, hafi lýst því yfir að hann ætli að beita sér fyrir því að nýdoktorar fái sömu tækifæri og aðrir akademískir starfsmenn innan HÍ og að þeim sé boðið upp á sanngjörn launakjör miðað við reynslu þeirra og menntun – kjör sem séu samkeppnishæf á alþjóðlegum vettvangi.

Með þessi vilyrði í farteskinu getum við nýdoktorar því ekki annað en verið bjartsýnir og biðum þess full eftirvæntingar að sjá kjör okkar leiðrétt.

Aldraðir eiga að fá 300 þúsund á mánuði

Aldraðir og öryrkjar eiga síðferðilegan rétt á því að fá sömu hækkun á lífeyri sínum frá TR eins og verkafólk fær á sínum launum samkvæmt nýgerðum kjarasamningum. Fjármálaráðherra svaraði því neitandi, þegar formaður Samfylkingarinnar spurði að því á Alþingi, hvort lífeyrir yrði hækkadur til jafns við lægstu laun. Fjármálaráðherra sagði, að ríkið hefði ekki efni á því að hækkja lífeyri aldraðra og öryrkja! Ráðherrann gaf jafnframt í skyn, að ríkinu bæri ekki skylda til þess að hækkja lífeyri jafnmikið og laun!

Lengi vel var það svo, að tilgreint var ákveðið í lögum, að lífeyrir ætti að hækkja jafnmikið og lágmarks-laun. Davíð Oddsson lét sem forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins fella þetta ákvæði úr lögum. En í staðinn var sett í lög, að við hækkun lífeyris ætti að taka mið af launaprepun en lífeyrir aldrei að hækkja minna en vísitála

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson formaður kjarasnefnar Félags eldri borgara í Rvík

neysliverðs. Þegar Davíð sætti gagnrýni fyrir þessa breytingu sagði hann, að þetta yrði betra fyrir lífeyrisþega. Nú væru þeir tryggðir bæði með belt og axlaböndum. Það skýtur því skökku við, að núverandi formaður Sjálfstæðisflokksins reyni að ómerkja orð Davíðs og neiti að láta lífeyri hækkja til jafns við lægstu laun!

Aldraðir fá 300 þúsund fyrr

Lífeyrir aldraðra og öryrkja verður að hækkja í 300 þúsund kr. á mánuði eins og laun. Lögin og andi þeirra segja það. Og yfirlýsing Davíðs Oddssonar sem forsætisráðherra styður við þá túlkun. Spurningin er aðeins sú, hvort lífeyrir þurfi ekki að hækkja fyrir í 300 þúsund en eftir 3 ár. Ef til vill væri eðlilegra að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði í 300 þúsund eftir 2 ár. Neyslukönnun Hagstofunnar segir, að meðaltals-neysla einhleypinga sé 321 þúsund krónur á mánuði. En lífeyrir aldraðra einhleypinga frá TR er aðeins

→ Ef til vill væri eðlilegra að lífeyrir aldraðra og öryrkja hækkaði í 300 þúsund eftir 2 ár.

192 þúsund kr. á mánuði eftir skatt. Þetta eru sambærilegar tölur. Það vantar því 129 þúsund kr. á mánuði upp á, að lífeyrir aldraðra og öryrkja frá TR ná neyslukönnun Hagstofunnar. Lífeyrisþegar geta ekki bedið í 3 ár eftir því, að sá munur verði jafnaður. Það átti að vera búð að jafna hann fyrir löngu. Það er lágmark að jafna þennan mun á 2 árum. Hækkja lífeyrir um 25.000 kr. á mánuði frá 1. maí sl., um 39.500 eftir eitt ár og 64.500 eftir 2 ár hefur þessi munur verið jafnaður. Jöfnun næst fyrr, ef ríkisstjórnin stendur við loforð stjórnarflokkanna um að jafna kjaragliðun (kjaraskerðingu) krepputímans strax. Það þýðir 45 þúsund kr. hækkun lífeyris á mánuði. Nýir kjarasamningar losa ríkisstjórnina ekki undan loforðinu. Það er kominn tími til, að ríkisstjórnin standi við gefin fyrirheit við aldraða og öryrkja.

Unga fólk í eldinum

Áratugum saman hafa íbúar á landsbyggðinni þurft að horfa þungeygir á eftir unga, hugmyndaþrjúka og menntaða fólkinu suður – einsleit heimabyggðin hefur yfirleitt haft upp á of fátt að bjóða fyrir þetta fólk. Þessir fólksflutningar eru orðnir að einhvers konar myndri sem er búð að grafa sig inn í sveitirnar og sjávarstöðuna. Nú er komið að höfuðborgarbúum að bæstast í þennan hóp, að sjá á eftir unga, hæfileikaríka og vel menntaða fólkinu fara suður til að skapa sér nýtt líf þar sem áhugi er fyrir hendi að nýta sér hæfileika þess og athafnaþrá, þar sem það getur lifað eðlilegu lífi, eignast börn og tekið þátt í samfélaginu.

KJARAMÁL



Bjarni Þorsteinsson fyrrverandi ungur menntamaður

færslukostnaðar, kryddaður ónyttum gjaldmiðli, verðtryggingu og þrjúgandi von- og hugmyndaleysi. Og hún er ekki ein í þessari stöðu; úti um allt er ungt fólk að velta þessu fyrir sér, sumir láta sér nægja að hugsa þetta og bita á jaxlinn, aðrir hafa ákveðið að taka þetta orlagabrunna skref. Það eru engin haldreipi í boði fyrir þetta fólk, engar líflínur eru sendar út. Einungis girðiseðlar. Þegar jörðin brennur undir unga menntafólkinu bregðast ráðamenn svo við með undarlegu áhuga- og afskiptaleysi, stofna til átaka um mál sem eru ekki á dagskrá og fara í óskiljanlega fjölbragðaglímum við andstæðinga sína þar sem allt er leyft. Og gjaldfella sjálfa sig enn meir.

Baneitraður kokteill

„Það er búð að eyðileggja framtíð mína hérna – en ég læt ekki taka af mér gleðina líka.“ Þetta sagði hress, ung kona við mig nýlega, kona sem er að ljúka strembnu háskólanámi samhliða því að undirbúa flutning af landi brott. Ekki af því að hana hungrar í að kynnst nýjum og ferskum straumum í framandi löndum – leiksvið framtíðardrauma hennar hefur ætíð verið Ísland – heldur vegna þess að það sem bíður hennar hér sem ungrri menntakonu er baneitraður kokteill lágra launa og himinhás húsnæðis- og fram-

→ Það eru engin haldreipi í boði fyrir þetta fólk, engar líflínur eru sendar út.

og ástúð sem lögð hefur verið í að koma þessu unga fólki til manns og mennta skiptir allt í einu ekki neinu máli. Hægt að afskrifa það eins og skuldir eldri kynslóða.

Tonnatak hagsmunagæslu

Það eru stórir flekar að rifna upp úr því bútasamsteppi sem samfélagið er. En þetta eru ekki stjórnlausar náttúruhamfarir, þetta er ástand sem við höfum sjálf skapað og getum líka breytt. Við erum öll ábyrg fyrir þessu, þau sem hafa völdin og peningana mest, en þau sem komu þessum öflum til valda og veita þeim skjól bera líka mikla ábyrgð. Við búum í landi með gróarlegum auðlindum og dugmiklu fólki sem flest allt þráir að búa í betra og réttlátara samfélagi þar sem er pláss fyrir alla, þar sem er jarðvegur sem við getum öll þrífist í. Samfélagi sem er eins og litríkt og flókið bútasamsteppi þar sem hægt er að finna nýja og gamla búta, slitnið denim, grófa ull og skræppótt velúr en ekki bara teinótt terylin og gæðasilki. Samfélagi sem er saumað saman með lifandi þræði vináttu, fjölskyldutengsla, kærleika, umhyggju og virðingar – ekki límt saman með tonnataki hagsmunagæslu, frekju og afskiptaleysis.

VERKFÆRA SALAN

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík
Sími 568-6899
Netsíða: www.vfs.is

Tilboð 36.900,-

M12BD D-402C
Nett bor og skrúfvél
2x4,0Ah rafhlöður
MW 4933 4419 35

Milwaukee Fleece peysa fylgir öllum Milwaukee settum meðan birgðir eru.

Tilboð 49.900,-

M12 BPP2D-402B
Hleðsluborvél og tífél
2 x 4,0 Ah Red Li-Ion rafhl.
MW 4933 4412 50

Tilboð 179.900,-

M18 PP6D-502B
MW4933 4510 39

Milwaukee bíllinn verður með kynningar til 16. júní. Komdu og prófaðu nýjustu tækin. Bíllinn verður staddur sem hér segir:

| 10. júní Miðvikudagur | 11. júní Fimmtudagur | 12. júní Föstudagur | 15. júní Mánudagur | 16. júní Þriðjudagur |
|--|---|--|--|--|
| Sauðárkrókur KF Skagfirðing. kl. 09:00 - 11:00 | Ólafsfjörður Vélav. Árna H. kl. 09:00 - 11:00 | Akureyri Straumrás / Nýja kaffibrennslan Furuvöllum 3 kl. 09:00 - 15:00 | Húsavík Eimskip Vörubíla- og verkstæðið kl. 10:00 - 12:00 | Vopnafjörður Bílar og vélar Hafnarbyggð 14A kl. 09:00 - 11:00 |
| Siglu fjörður OLÍS kl. 16:00 - 18:00 | Dalvík Vélvirki kl. 13:00 - 15:00 | | Þórshöfn Hamar kl. 15:30 - 17:00 | |



Kær systir okkar,

**VALGERÐUR BJÖRG
MAGNÚSDÓTTIR**

lést 1. júní á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá litlu kapellunni í Fossvogi kl. 11.00 föstudaginn 12. júní. Starfsfólki Droplaugarstaða er þakkað gott viðmót, umhyggja og samúð.

Systkinin,

**Guðrún Magnúsdóttir
Magnús Magnússon
Guðmundur Magnússon
Hrefna Magnúsdóttir
Elliði Magnússon**



Innlegar þakkir til allra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar systur minnar,

**HREFNU S. KARLSDÓTTUR
áður Stigahlíð 81, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilis Sóltúns fyrir frábæra umönnun og hlýju.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Kristinn Karlsson



Hjartans þakkir fyrir samúð, kveðjur og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra

**HJÁLARS STEFÁNSSONAR
fyrirverandi útbússtjóra,**

sem jarðsönginn var frá Fossvogskirkju þann 4. júní síðastliðinn.

Halla Haraldsdóttir

**Haraldur Gunnar Hjálmarsson
Þórarinn Hjálmarsson
Stefán Hjálmarsson
Halla, Bjarki, Trausti, Tinna Mjöll, Hjálmar,
Margrét, Trausti Snær og Hilmar Logi**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**PETRA ÓSK GÍSLADÓTTIR
áður Hólavegi 26, Sauðárkrúki,**

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkrúks, laugardaginn 6. júní. Útförin fer fram frá Sauðárkrúkskirkju laugardaginn 13. júní kl. 14.00.

**Gísli Hafsteinn Einarsson
Guðlaug Ragna Jónsdóttir
Ingimar Jónsson**

**Kolbrún Sigurðardóttir
Einar Stefánsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær bróðir okkar,

**BRAGI ERLENDSSON
frá Brekkuborg,
Fáskrúðfirði,**

lést 3. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 11. júní kl. 13.00.

**Valdís Erlendsdóttir
Elin Erlendsdóttir**



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**RÓSA MARÍA SIGURÐARDÓTTIR
Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

lést á heimili sínu 2. júní. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát hennar. Sérstakar þakkir til starfsfólks Beykihlíðar, ykkar störf eru ómetanleg. Guð blessi ykkur öll.

**Guðbjörg Þorvaldsdóttir
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir
Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir
Þorvaldur Makan Sigbjörnsdóttir
Rósa María Sigbjörnsdóttir
og langömmubörn.**

**Hallgrímur Jónasson
Stefán Geir Árnason
Katrín Jónsdóttir
Sveinn Viðarsson**



Okkar ástkæri

**REYNIR ÓLAFSSON
viðskiptafræðingur,
Heiðarbakka 1,
Reykjanesbæ,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 7. júní. Útför auglýst síðar.

**Drífa Maríusdóttir
Gestur Páll Reynisson
Kristín Guðrún Reynisdóttir
Magnús Ólafsson
og barnabörn.**

**Inga María Vilhjálmisdóttir
Sigurður Helgi Tryggvason
Telma Dögg Guðlaugsdóttir**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRGUNNUR ÞORGRÍMSDÓTTIR
Seljalandi 7, Reykjavík,**

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 5. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 15. júní kl. 13.

**Margrét Guðmundsdóttir
Steinunn Ósk Guðmundsdóttir
Guðrún Gríma Guðmundsdóttir
Guðmundur Ingi Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.**

**Andri Jónasson
Sigmundur Guðmundsson
Danuta Mamczura**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**NÍNA ÞÓRÐARDÓTTIR
Strandaseli 5,
Reykjavík,**

verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Þórir Steinarrson
Hanna Fanney Steinarsdóttir
María Elísabet Steinarsdóttir
Ásta Berglind Steinarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.**

**Ólöf Ása Þorbergsdóttir
Styrmir B. Kristjánsson
Haraldur Valberg Haraldsson**



Í PYLSUPARTÍ Gerður Kristný var stödd á vorhátíð í Melaskóla með sonum sínum þegar ljósmyndari smellti af henni mynd. FRÉTTABLAÐID/GVA

Afmælisbarn með æði fyrir múmínálfunum

Gerður Kristný fagnar afmæli sínu í dag. Hún leggur lokahönd á skáldsögu með hryllingsívaði fyrir krakka þessa dagana og byrjar að kenna á ritlistarnámskeiði á morgun.

Skáldið Gerður Kristný er 45 ára í dag og ætlar að halda upp á daginn með fjölskyldunni.

„Ég er mikið afmælisbarn en efni þó sjaldan til stórra veislna þegar ég á sjálf afmæli en finnst mjög gaman að halda upp á afmæli sona minna. En ég fer út að borða í kvöld í tilefni dagsins og þá verður skólalokum sonanna einnig fagnað,“ segir Gerður Kristný sem er annars nýkomin frá Finnlandi þar sem hún var að lesa upp í gagnfræðaskólum. „Þá komst ég að því að smásaga eftir mig er notuð í finnskri móður málskennslu. Það kom mér skemmtilega á óvart.“

Gerður Kristný notaði að sjálfsgöðu tækifærið til að kaupa sér múmínálfa-vöru en hún er mikill aðdáandi múmínálfa-fanna. Til að mynda á hún fjörutíu múmínálfa-bolla. Hún bætti þó ekki í bollasafnið í þessari ferð. „Ég kaup mér íðulega póstkort með múmínálfunum þegar ég fer til Finnlands. Myndirnar eru svo fallegar og mikil stemning ríkjandi á þeim. Finnarnir sýna mikla hugkvæmni við að finna nýjar vörur með múmínálfunum þrátt fyrir að höfundurinn Tove Jansson sé löngu látin.“

Annars er Gerður Kristný að leggja lokahönd á skáldsögu fyrir krakka sem kemur út í haust og á morgun byrjar

hún að kenna á ritlistarnámskeið fyrir krakka á Bókasafni Seltjarnarness. Síðast kom út barnabók eftir hana árið 2011, sú þriðja um forsetann á Bessastöðum, en hún hefur nú yfirgefið Álftanesið og býður nú upp á barnasögu með hryllingsívaði. Hún hlakkar mikið til að hitta nemendur sína á bókasafninu.

„Það er mjög skemmtilegt að kenna börnum ritlist, hvetja þau áfram og ýta undir áhugann. Þetta er líka dásamlegt tækifæri til að komast í samband við lesendur sína og heyra hvað þeir eru að þæla,“ segir afmælisbarnið að lokum.

erlabjorg@frettabladid.is



Ástkær faðir okkar, sonur, bróðir, frændi og vinur,

**PORSTEINN ELÍAS PORSTEINSSON
frá Vestmannaeyjum,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 8. júní. Útför hans verður auglýst síðar.

**Kolfinna Þorsteinsdóttir
Kristín Elsa Þorsteinsdóttir
Þorsteinn Sigtryggsson
Snæborg Þorsteinsdóttir
Guðlaug F. Þorsteinsdóttir
Hrefna Haraldsdóttir**

**Anna Kristín Hauksdóttir
Agnar Torfi Guðnason**

og systrabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANA EYJÓLFSDÓTTIR
Bræðraborgarstíg 38,**

sem lést 29. maí, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. júní kl. 13. Þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á Blindrafélagið, Umhyggju eða önnur líknarfélög.

**Sigurður Rúnar Gíslason
Karl Helgi Gíslason
Kjartan Gíslason
Hjalti Gíslason**

**Guðrún Bjarnadóttir
Auðna Ágústsdóttir
Svanfríður Snorradóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



OYSTER PERPETUAL
DATEJUST II


ROLEX



MICHELSSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. júní 2015 | 23. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FYRSTA
FLOKKS
ÞJÓNUSTA



GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN



KRÖFUHAFAR VÖLDU **GULRÓT FREKAR EN KYLFU**

→ Telur trúverðug-
leika íslensks
efnahagslífs aukast

→ Býst við að fleiri
kröfuhafar fallist á
skilyrðin

→ Tekjur ríkissjóðs
gætu numið 500-
700 milljörðum

→ Mikilvægt að líf-
eyrissjóðirnir fái að
fjárfesta erlendis

Íslensk fiskbúð í New York

Íslensk fjölskylda hefur opnað rammíslenska fiskbúð í Closter, sem er um 10 þúsund manna bæjarfélag rétt utan New York-borgar. Fiskbúðin hefur aðeins verið opin í um tvær vikur en á þeim stutta tíma hefur hún vakið athygli bæjarbúa.



Baldur Ólafsson, einn eigenda, segir viðtökur heimamanna hafa verið mjög góðar.

→ 2

Fleiri útlendinga í veiði

Útlendingum sem veiða lax og silung á Íslandi fjölga en færri Íslendingar fara í lax. Jón Þór Júlíusson hjá Veiðifélaginu Hreggnasa segir ekki dýrara að kaupa veiðileyfi en að panta sér jeppaferð upp á jökul. „Og það er stundum rúmlega helmingi ódýrara að gista í veiðihúsi, fá morgunmat, hádegismat, fimm stjörnu þriggja rétta kvöldmat með nautalund og humar fyrir rétt tæplega 25-30 þúsund kall,“ segir Jón Þór.

→ 4

150 milljarða iðnaður

Sólarorkuiðnaðurinn hefur á undanförunum áratug vaxið úr því að velta fáeinum milljörðum Bandaríkjadala í það að verða 150 milljarða dala atvinnugrein á þessu ári. „Sala á sólarorku er að aukast gríðarlega,“ segir Michael Rogol, forstjóri ráðgjafarfyriðtækisins Photon Consulting. Rogol hitti fulltrúa lífeyrissjóða hér á landi í síðustu viku.

→ 8



**STJÓRNAR-
MADURINN**

@stjornarmadur

Ljóst er að í báðum tilfellum eru fjárfestum gefnir afarkostir, annaðhvort taka þeir tillögunum eða hljóta verra af.

→ SÍÐA 12

Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

EY

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Ernst & Young (EY) er í flokki fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar á heimsvísu. EY starfar í yfir 150 löndum og er starfsfólk nú um 200.000 talsins. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita þjónustu í hæsta gæðaflokki sem sniðin er að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem við erum staðsett í heiminum.

ey.is

Höftin afnumin eða hvað?

Skjóðan

RÍKISSTJÓRNINNI þykir hafa tekist vel upp með útfærslu á áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Svo vel að stjórnarandstaðan eignar sér nú áætlunina. Með réttu má gagnrýna ríkisstjórnina fyrir að hafa ekki kynnt áætlunina fyrir því hver dagur í höftum kostar mikla fjármuni og eykur á vanda hagkerfisins. Ekki er samt allt sem sýnist.

ÁÆTLUNIN er í þremur þáttum. Í fyrsta lagi eru stöðugleikaskilyrði, sem sett eru föllum fjármálafyrirtækjum (slitabúum). Í þeim felst m.a. að bönkunum föllu er ætla að leggja fram stöðug-



leikaframlag. Samþykki þeir ekki skilyrðin undanbragðalaust fyrir næstu áramót verður lagður á þá stöðugleikaskattur. Ekki verður samið um þessi atriði. Það er gott. **Í ÖÐRU LAGI** verður gjaldeyrisútbót á vegum Seðlabankans í haust fyrir eigendur aflandskróna. Þeir sem vilja skipta krónum fyrir gjaldeyri munu þurfa að greiða myndarlegt álag en boðið verður upp á fjárfestingarleið sem bindur fé til langs tíma. Þriðji þáttur snýr að því sem í kynningu stjórnvalda er kallað „raunhagkerfið“. Hér er átt við lífeyrissjóði, fyrirtæki og einstaklinga, eða þann hluta hagkerfisins sem ekki samanstendur af slitabúum og aflandskrónueigendum.

LÍFEYRISSJÓÐIR fá takmarkaða heimild til að fjárfesta. Líðkað verður fyrir heimildum fyrirtækja og einstaklinga til gjald-eyrisviðskipta en áfram verða þó magntakmarkanir. **ÞETTA ÞYÐIR** að ekki er verið að afnema höftin enda ógerlegt að afnema höft á meðan íslenska krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar. Það er verið að hreinsa slitabúin og aflandskrónueigendur út úr kerfinu og eftir þá aðgerð munum við Íslendingar búa við svipað umhverfi og tíðkaðist hér á landi alla 20. öldina þar til höft voru afnumin örfáum árum fyrir hrún. **AFNÁMSÁÆTLUNINNI** sem kynnt var í vikubyrjun er ætlað að stuðla að stöðug-

leika m.a. til að tryggja að ekki verði hér önnur kollsteypa á kostnað heimilanna í landinu. Ekki er sett þak á verðtryggingu sem er miður. **ÍSLAND** verður í gjaldeyrishöftum á meðan krónan er gjaldmiðill þjóðarinnar þó höftin verði framvegis mun mildari en verið hefur undanfarin sjö ár. Enn hefur ekki litið dagsins ljós áætlun sem færir Ísland inn í samtímann og Íslendingum samþæfilegt viðskiptaumhverfi við það sem nágrannaþjóðir okkar búa við.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

EVRA EÐA KRÓNA?



HVAÐ HEFUR FJÁRMÁLAKREPPAN KENNT OKKUR UM VAL Á GENGISFYRIRKOMULAGI?

Robert Z. Aliber heldur fyrirlestur í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins, þriðjudaginn 16. júní, kl. 12-13.30

Aliber er Prófessor Emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago.

Aliber hefur skrifað fjölda bóka og ritgerða um alþjóðafjármál, erlenda fjárfestingu og starfsemi fjölþjóðlegra fyrirtækja.

Síðustu árin hefur hann sýnt efnahagsmálum á Íslandi mikinn áhuga. Aliber spáði fyrir hrúni íslenska efnahagskerfisins vorið 2008.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HAGFRÆÐIÐEILD

Samtök
sparifjáreigenda

Rammíslensk fiskbúð í úthverfi New York

Íslensk verslun býður upp á ferskt íslenskt hráefni rétt við New York. Baldur Ólafsson, einn eigenda, segir viðtökurnar vera góðar. Bandarískir neytendur fá afurðina 48 klukkustundum eftir löndun.

Íslensk fjölskylda hefur opnað rammíslenska fiskbúð á heldur nýstárlegum stað. Staðsetning hennar er í Closter, sem er um 10 þúsund manna bæjarfélag rétt utan New York-borgar. Fiskbúðin hefur aðeins verið opin í um tvær vikur en á þeim stutta tíma hefur hún vakið athygli bæjarbúa.

Baldur Ólafsson segir viðtökurn heimamanna hafa verið mjög góðar. „Það hefur verið brjáláð að gera hjá okkur frá því við settum búðina upp fyrir tæpum tveimur vikum. Fáum góðan straum inn á hverjum degi bæði til að kaupa af okkur fisk og að óska okkur góðs gengis. Heimamenn eru ánægðir með uppátækið og og taka þessari nýjung vel,“ segir Baldur.

Hráefnið sem þau fá í verslunina er ættað frá Íslandi. Baldur segir heimamenn ekki þekkja svona ferskar sjávarafurðir og eru nú að taka við sér í þeim efnum. „Við kaupum íslenskan fisk sem kemur í flugi með Ícelandair og við sækjum hann á Newark-flugvöll, sem er í rúmlega þrjátíu mínútna fjarlægð frá okkur. Hann kemur kældur til okkar og fer beint í kældan bíl frá okkur. Þaðan eru afurðirnar fluttar beint inn í kæli til okkar. Þannig getum við boðið upp á eins ferska íslenska afurð og hægt er. Um 48 klukkustundir eru frá því honum var landað á Íslandi þar til við bjóð-



THE FISH DOCK Aðstandendur verslunarinnar segja að miðað við móttökur hingað til séu eigendur mjög bjartsýnir.

um hann til kaups fyrir bandaríska neytendur.“

Hann segir Bandaríkjamenn ekki þekkja svona ferskan fisk. „Þessi fiskur er allt annars eðlis en það sem þeir hafa getað keypt í stórmörkuðum. Þeir þekkja ekki svona ferskleika. Einnig hafa margir viðskiptavinir okkar komið inn og fundist skrytið að vera inni í fiskbúð og ekki finna þá lykt sem

þeir eru vanir. Bæði gerum við mikið upp úr því að hafa verslunina okkar þrífalega sem og að því ferskari sem varan er, því minni er lyktin af henni,“ segir Baldur og telur þetta verkefni geta heppnast ágætlega. „Við teljum þetta geta gengið upp með því að bjóða fyrsta flokks hráefni. Miðað við þær viðtökurnar sem við höfum fengið erum við bjartsýn.“

Gengi félaga í Kauphöll Íslands



10
Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði



3
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði



3
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI 100,6% frá áramótum

NÝHERJI 23,0% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM -26,6% frá áramótum

HAGAR -6,5% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|------------------------------|-------------|--------------|--------------|
| Bank Nordic (DKK) | 119,00 | 14,4% | 0,0% |
| Eik fasteignafélag* | 6,28 | -7,6% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 216,00 | -8,9% | 1,9% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 39,30 | 12,3% | 2,2% |
| Hagar | 37,20 | -8,0% | -6,5% |
| HB Grandi | 41,40 | 22,5% | -1,7% |
| Ícelandair Group | 24,60 | 15,0% | 3,1% |
| Marel | 189,75 | 37,5% | 2,8% |
| N1 | 37,40 | 61,2% | 3,5% |
| Nýherji | 10,39 | 100,6% | 23,0% |
| Reginn | 14,30 | 5,5% | 1,4% |
| Reitir* | 62,90 | -0,9% | 0,6% |
| Sjóvá | 10,18 | -14,8% | 1,7% |
| Tryggingamiðstöðin | 19,30 | -26,6% | 0,0% |
| Vátryggingafélag Íslands | 7,88 | -12,9% | 3,7% |
| Össur | 485,00 | 34,3% | -1,0% |
| Úrvalsvísitalan OMXI8 | 1.466,33 | 11,9% | 1,2% |
| First North Iceland | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 28,80 | 14,2% | -1,1% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,40 | -24,3% | 0,0% |

*Skráð á árinu (þróun frá útbodsgengi).



GRINDAVÍK Eigið fé Grindavíkur nemur 6,7 milljörðum króna.

Grindavík fagnar góðri afkomu: 195 milljóna afgangur

195 milljóna króna afgangur varð af rekstri Grindavíkurbæjar á árinu 2014.

Grindavíkurbær segir afkomuna sérstaklega góða í ljósi þess að útsvar sé hálfu prósentustigi undir hámarksútsvari og fasteignagjöld séu lág í bænum.

Eigið fé bæjarins nemur 6,7 milljörðum og eignir 8,1 milljarði. Því er eiginfjárlutfall 81,4 prósent.

Þá nam handbært fé í árslok 1,2 milljörðum króna.

POPP OG COKE

Sígild tvenna sem er alltaf jafn góð



**FRÁBÆRT
TVENNU-
TILBOÐ**



299 kr.

COCA COLA 1 L +
STJÖRNUPOPP 90 G

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og glíðir á meðan biggðir endast.



ÓPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland



HVÍTA HÚSDI/SIA 15-0919

Kortalan

Einföld og örugg greiðsludreifing

Með **Kortalán** geta söluaðilar boðið viðskiptavininum sínum með VISA og MasterCard kort **greiðsludreifingu** með ýmsum hagstæðum kjörum og tímalengdum.

ÞÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA**

– VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUDREIFINGUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is



Í **NORÐURÁ** Fyrstu laxarnir voru veiddir í Norðurá síðastliðinn föstudag. Veiðin fór vel af stað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útlendingum fjölgar í hópi veiðimanna

Laxveiðin fór vel af stað síðastliðinn föstudag. Orri Vigfússon segir bestu laxastofnana í heiminum að finna á Íslandi og í Rússlandi.

Laxveiðin í ár fór vel af stað á föstudaginn, á fyrsta degi, í Norðurá, Blöndu og Straumunum í Hvítá.

Orri Vigfússon, formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna, segir að veiðin hafi verið mjög upp og niður síðustu tvö árin. Veiðin gekk mjög vel en sumarið í fyrra var eitt það versta í manna minnum. „Menn eru nú að spá því að það verði nokkuð dapurt með tveggja ára fiskinn, stóra fiskinn, en erum með óskhyggju um að það verði mikið í staðinn af smáfiskinum,“ segir hann.

Orri er leigutaki í nokkrum ám sjálfur og hefur selt leyfi í Hofsá og Selá í Vopnafirði, Laxá í Aðaldal og Fljótá í Skagafirði. Orri segir að undanfarin ár hafi eftirspurnin eftir veiðileyfum verið að breytast. „Það hefur aðeins dregist saman eftirspurnin eftir laxveiðileyfum hjá Íslendingum, en aukist að sama skapi hjá útlendingum. Það eru fleiri sem vilja koma til Íslands til þess að veiða lax,“ segir hann og bætir við að þau lönd þar sem nokkuð góðir stofnar af laxi eru séu einkum Rússland og Ísland.

Orri segir að veiðimenn komi víða að. Langmest frá Bretlandseyjum, en einnig frá Bandaríkjunum, Skandinavíu og Frakklandi. „Eitthvað af Þjóðverjum og Spánverjum og fólki frá Sviss. Ég er með kúnna frá Japan, Ástralíu og Suður-Ameríku,“ segir Orri. Hann segir að kunnar hans komi hingað til lands gagnert til þess að veiða lax.

Veiðifélagið Hreggnasi selur veiðileyfi í Korpu, Svalbarðsá, Brynjudalsá, Laxá í Kjós og víðar. Jón Þór Júlíusson, hjá Hreggnasa, segir útlendinga vera stærstan hluta viðskipta-



LAXVEIÐIN HAFIN Bestu laxastofnarnir eru annars vegar á Íslandi og hins vegar í Rússlandi. Veiðimenn koma víða að úr heiminum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

vina veiðifélagsins og giskar á að skiptingin geti verið 80 prósent á móti 20 prósent. „Það er að bætast í, en kannski fylgir þetta bara aukinni komu útlendinga til Íslands. Það eru útlendingar að koma að veiða hérna 1. apríl og þeir eru að hætta 20. október í sjóbirtingsánum þegar þær loka,“ segir Jón Þór.

Hann segir að á bestu tímum í ánum, um miðjan júlí og fram í ágúst, komi reglulegu kunnar gagnert til að veiða. „Þeir eru búnir að taka vini og kunningja með, þeir eru búnir að taka konauna með og kannski oft og þeir eru búnir að taka krakkana með og fara Gullna hringinn. Þessir menn eru kannski að koma 15.-20. árið í röð. Þeir koma bara, fara í veiðitúrinn sinn og fara svo aftur.“

Jón Þór segir að núna sé verið að vinna að því í samvinnu við ferðaþjónustuaðila að bjóða fleirum í veiði og bæta veiðiferðum í ferðaþjónustupakkana.

„Menn tala alltaf um veiðileyfi sem svo dýran kost en það er ekkert dýrara að kaupa sér veiðileyfi en að panta sér jeppa-

“Hún hefur aðeins dregist saman eftirspurnin eftir laxveiðileyfum hjá Íslendingum, en aukist að sama skapi hjá útlendingum. Það eru fleiri sem vilja koma til Íslands.”

ferð upp á jökul. Og það er stundum rúmlega helmingi ódýrara að gista í veiðihúsi, fá morgunmat, hádegismat, fimm stjörnu þriggja rétta kvöldmat með nautalund og humar fyrir rétt tæplega 25-30 þúsund kall. Þú færð ekki hótélherbergi í Reykjavík fyrir minna en 40 þúsund með svona þokkalegum standard. Og þá áttu eftir að kaupa þér morgunverð, hádegisverð og kvöldmat,“ segir Jón Þór.

jonhakon@frettabladid.is



Make it matter.



Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merkj Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.



OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



MIKIL VINNA AÐ BAKI Sigurður Hannesson segir að áætlunin um afnám hafta árið 2011 hafi einungis snúist um aflandskrónurnar en ekki uppgjör slitabúanna. Skilyrðin sem kröfuhöfunum voru sett eru ófrávikjanleg af hálfu stjórnvalda. Hluti kröfuhafa hefur fallist á skilyrðin og Sigurður býst ekki við hrinu dómsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áttu val um að fá gulrót eða kylfu

Varaformaður framkvæmdahóps um afnám hafta segir tillögur um losun hafta auka trúverðuleika efnahagslífsins.

VIÐTAL

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Kaflaskil urðu í endurreisn Íslands eftir bankahrunið í fyrradag, þegar aðgerðir vegna losunar fjármagnshafta voru kynntar opinberlega. Dr. Sigurður Hannesson og Benedikt Gíslason voru varaformenn framkvæmdahóps um afnám hafta sem Glenn Kim veitti forystu. Markaðurinn ræddi við Sigurð og Lilju D. Alfreðsdóttur, verkefnisstjóra hjá forsætisráðuneytinu, um aðgerðir hópsins. Lilja var áður starfsmaður Seðlabanka Íslands og hefur unnið með framkvæmdahópnum.

„Þetta hefur þá þýðingu að Ísland hefur aukið við trúverðuleika sinn út á við sem ætti að auka áhuga á Íslandi. Höftin hafa dregið

úr fjárfestingu þannig að áhrifin af þessari aðgerð ættu að vera jákvæð í garð fjárfestingar. Því eins og við vitum þá er fjárfesting í dag hagvöxtur á morgun,“ segir Sigurður spurður um það hvaða áhrif aðgerðirnar hafi fyrir venjulegan Íslending. Hann bendir á að höftin hafi áhrif á efnisleg gæði, þau dragi úr sparnaði, séu neyslshvetjandi, bjagi eignaverð og skapi ranga hvata. „En á hinn bóginn má auðvitað segja það að almenn-ingur finnur kannski ekkert mikið fyrir höftunum. Og ástæðan fyrir því er einföld, vöru- og þjónustuviðskipti hafa verið heimiluð allan tímann. Við notum innfluttar vörur á hverjum einasta degi, þannig að út frá því finnur fólk kannski ekkert mikið fyrir höftunum,“ segir Sigurður.

Lilja bendir á að höftin standa í vegi fyrir því að lánshæfis-

mat Íslands hækki. Þetta megi til dæmis lesa í skýrslum Moody's. „Lánshæfiseinkunn ríkissjóðs hefur ekki verið að endurspeglar þróun raunhagkerfisins, þar sem efnahagsbatinn hefur verið kröftugur. Við stöndum okkur betur en flest önnur samanburðarríki þar, en þeir hafa haldið okkur niðri í mati af því að við erum með fjármagnshöft og það getur verið mjög vandasamt að afnema fjármagnshöft og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Hins vegar, ef þetta gengur mjög vel, sem við erum sannfærð um að það geri, þá erum við bjartsýn á að þau muni hækka okkur.“ Lilja bætir við að ef lánshæfismatið hækkar þá muni það skila betri vaxtakjörum til fyrirtækja og hafa góð áhrif á alla aðila.

Stærsta fréttin í gær er vafalítið sú að slitabúin hafi undirgengið skilyrði sem stjórnvalda setja fyrir nauðasamningum. Hvað felst nákvæmlega í skilyrðunum?

Sigurður bendir á að stöðugleikaskilyrðin, sem framkvæmdahópurinn mótaði, séu þrjúþætt. „Í fyrsta lagi miða þau að því að draga úr útlæði með svokölluðu stöðugleikaframlagi. Slitabúin eru að framselja stóran hluta af innlendnum eignum sínum til stjórnvalda,“ segir Sigurður. Í öðru lagi sé lengt í innistæðum í erlendri mynt í íslenskum bönkum til að minnsta kosti sjö ára. „Það þýðir að bankarnir, sem hafa þurft að kaupa lausafjáreignir eins og ríkisskuldabréf og aðrar eignir í erlendri mynt, þurfa ekki að binda féð lengur með þeim hætti. Það þýðir með öðrum orðum að þeir geta notað féð til að lána beint út. Þannig að það

„Þetta voru fundir þar sem þessum aðilum var gert grein fyrir tveimur valkostum.“

hefur jákvæð áhrif líka,“ segir Sigurður. Í þriðja lagi muni kröfuhafar endurgreiða lán sem ríkissjóður og Seðlabanki veittu þegar nýju bankarnir voru stofnaðir. „Það er mjög jákvætt og þýðir að gjaldeyrisforðinn styrkist sem því nemur.“

Sigurður bendir á að skilyrðin snerti hvert slitabú með misjöfnunum hætti. „Í einhverjum tilfellum er verið að ræða greiðslu í reiðufé fyrir hluta, framsal krafna og ýmiss konar réttinda, skiptasamning á bankana sem þýðir að ríkið eignast ekki bankana en á hlutdeild í virðisaukningu og arðgreiðslu,“ segir Sigurður. Hann bendir á að meðan skatturinn sé einskíptis og verði að taka mið af stöðunni eins og hún er á einum tímapunkti nái stöðugleikaskilyrðin að draga úr greiðslujafnaðaráhættunni til lengri tíma með framsali eigna og skiptasamningum.

Það koma tillögur frá hluta af kröfuhöfum, eruð þið ekkert hræddir við að aðrir fari fyrir dóm?

„Við eigum ekki von á því,“ segir Sigurður og bætir því við að hann býst við að menn vilji frekar ganga að skilyrðunum. „Valið er mjög skýrt og auðvitað skiptir fjárhags-

lega útkoman máli. Þar með eru auðvitað hvatar til þess að ganga að þessum stöðugleikaskilyrðum,“ segir hann.

Sigurður leggur áherslu á að viðræðurnar sem fóru fram við kröfuhafa hafi ekki verið samningaviðræður. „Þetta voru fundir þar sem þessum aðilum var gert grein fyrir tveimur valkostum. Annaðhvort getið þið farið eftir þessum ráðstöfunum sem líta svona út eða þá að það leggst á ykkur skattur. Og þarna komum við kannski að kjarna málsins varðandi aðferðafræði stjórnvalda,“ segir Sigurður og bætir við að kröfuhafar hafi haft val um gulrót eða kylfu. „Kylfan er náttúrlega mjög áhrifamikil í þessu dæmi og er skattur. Gulrótin er ekki bara stöðugleikaskilyrðin heldur snýst það líka um að miða við núgildandi lög er mjög langsótt fyrir þessi bú að fara í nauðasamninga. Löggjöf varðandi skuldaskil miðar fyrst og fremst að minni fyrirtækjum þar sem eru fáir kröfuhafar. Bankar eru í eðli sínu með mjög marga kröfuhafa.“ Nauðasamningar séu því mjög langsótt leið miðað við núverandi lög og gulrótin felist meðal annars í því að greiða fyrir gerð þeirra.

Það hefur verið talað um að stöðugleikaskilyrðin gætu skilað 500-700 milljörðum í ríkissjóð, ertu sammála því mati?

„Það er ekkert fjarri lagi en af því að þetta er háð þróun á virði eigna þá verður tíminn að leiða í ljós hversu mikið þetta verður,“ segir Sigurður. Verði upphæðin lægri þá séu það í sjálfu sér góðar

Fjárfestar

Við höfum til umræða App verkefni sem er búið að vera í smíðum í tvö ár.

Um er að ræða App sem verður aðgengilegt í flestum löndum og mun virka fyrir bæði Appstore og Playstore.

Við leitum að fjárfestum fyrir verkefnið, fjármagni upp á 100 milljónir.

Uppl.helgugrund@gmail.com

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Fjölmenn útskrift

237 nemendur útskrif-
uðust frá Sjúkra-
flutningaskólanum
um helgina.
SÍÐA 2



Á ferð á Nýja-Sjálandi

Kristófer hefur ferðast sjö
sinnum til Nýja-Sjálands
og vinnur meðal annars
sem sjálfbóðaliði.
SÍÐA 6

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



ALLAVEGA FÓLK

UPPÁHALDSBORGIN Höfðaborg er sú borg sem er í mestu eftirlæti hjá Stef-
áni Jóni Hafstein þessa stundina. Borgin er fögur og þaðan er stutt í ævintýrin.

Þegar Stefán Jón Hafstein var beðinn um að nefna uppáhaldsborgina sína varð Höfðaborg í Suður-Afríku fyrir valinu að þessu sinni, ekki aðeins vegna þess að hann er í Afríku um þessar mundir heldur líka vegna þess að hún er nýjasta uppáhaldsborgin hans, eftir nokkrar heimsóknir þangað á liðnum árum. „Höfðaborg er ákaflega fögur, stendur við hafið og er umkringd fjöllum og hæðum, það er mikið framboð af þjónustu og menningu, náttúran er tilkomumikil, mjög fínt loftslag og svo er stutt að sækja í ævintýraferðir út fyrir borgina,“ lýsir Stefán.

Hefur þú oft komið þangað eða búið þar? Ég gæti vel hugsað mér að búa þar í eitt ár eða svo, en hef bara heimsótt hana nokkrum sinnum og notið lífsins.

Ferðast þú mikið? Já, ég ferðast mikið

vegna starfs míns að þróunarmálum, og þar af leiðandi vil ég helst vera heima hjá mér á Íslandi á milli og hef dregið úr ferðalögum erlendis á eigin vegum. Alltaf dettur þó eitthvað inn og nú ligg ég yfir ferðaáætlunum á villidýraslóðir í Afríku – enn og aftur, en fátt slær slíkum ferðalögum við.

Hvar er best að borða? Heima hjá mér. Svo einfalt er það. Þegar ég bý erlendis og ferðast heim leita ég oft uppi Friðrik V og splæsi í nokkra rétti. Ef maður kann að velja mat og vín í Suður-Afríku væsir ekki um mann og Höfðaborg er alveg örugg með að gleðja bragðlauka – ég leita uppi umsagnir á netinu og vel staði sem henta fjárhag og tíma hverju sinni.

Besti barinn? Besti barinn er á verönd einhvers staðar í Austur-Afríku, uppi á hæð, villidýrin að leggja af stað inn í

DÁSAMLEGT ÚTSÝNI

Stefán Jón Hafstein og eiginkona hans, Guðrún Kristín Sigurðardóttir, með Höfðaborg í baksýn.
UR EINKASAFNI

FRAMHALD Á SÍÐU 4 ►

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



Öflug hita- og kæli-meðferð



Fæst í Fjarðarkaup og flestum apótekum og heilsubúðum

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULLBYLJAN



Sigrún Emma Björnsdóttir, íþróttakona og einkaþjálfari.

Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!

„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim,“

natures aid



GMP vottað hráefni



Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.

Losnaði við sykurþörfina og 13 kíló farin!

„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

www.gengurvel.is



FLEIRI LJÚKA FRAMHALDSNÁMI Skólinn útskrifir alla jafna einu sinni á ári en nú eru tvö ár frá síðustu útskrift sem útskýrir að hluta til fjöldann.

UMTALSVERÐ FJÖLGUN Í HÓPI SJÚKRAFLUTNINGAMANNA

FJÖLMENN ÚTSKRIFT 237 nemendur útskrifuðust frá Sjúkraflutningaskólanum um helgina; 50 með grunnréttindi sem sjúkraflutningamenn og 70 sem neyðarflutningamenn. Þá útskrifuðust 116 vettvangsliðar úr nýlegu námi ætluðu fólki sem er líklegt til að vera fyrst á vettvang slysa.

Árleg endurnýjunarþörf grunnmenntaðra sjúkraflutningamanna er 25 til 30 á ári. Að sögn Ingimars Eydal, skólastjóra Sjúkraflutningaskólans, næst sá fjöldi yfirleitt og er umtalsvert meiri í ár. „Við útskrifum alla jafna einu sinni á ári en nú eru tvö ár liðin frá síðustu útskrift sem skýrir þennan mikla fjölda í ár. Þá hefur þeim fjölgað umtalsvert sem sækja framhaldsnám.“

En hver er munurinn á grunnnámi og neyðarflutninganámi? „Eftir grunnám öðlast fólk almenn réttindi til sjúkraflutninga. Síðan er hægt að bæta neyðarflutninganáminu við en þá er aukin áhersla lögð á ýmis neyðartilfelli eins og að lesa úr hjartalínuritum, að setja upp nálar til að geta gefið vökvá í æð og að geta gefið lyf með leyfi læknis,“ útskýrir Ingimar.

Aðspurður segir hann þá sem reka sjúkrabíla reyna að vera með að minnsta kosti með einn sjúkraflutningamann og einn neyðarflutningamann

í hverjum bíl. „Á minni stöðum getur reyndar verið erfitt að koma því við en það er þó búið að gera heilmikið menntunaráttak og hafa framhaldsnámskeiðin verið kennd víða um land. Þá stendur til að auka grunnnámið þannig að það feli í raun í sér neyðartækninámi líka.“

Þó nokkur fjöldi sjúkraflutningamanna hefur auk þess bætt við sig svokölluðu bráðataekninámi eða paramedic-námi en það er meðal annars kennt við Háskólann í Pittsburgh. Eftir það geta menn gefið lyf og farið í inngríp eins og barkapræðingu ef þess gerst þörf.

Spurður nánar út í vettvangsliðanámið segir Ingimar það hugsað fyrir þá sem búa á svæðum þar sem lengra er í sjúkrabílaþjónustu. „Þetta geta verið lögreglumenn, slökkviliðsmenn, björgunar- sveitarmenn og svo er talsvert um að almenningur bjóði sig fram.“ Ingimar segir námið milliveg á milli skyndihjálparnámskeiðs og grunnmenntunar

í sjúkraflutningum en þátttakendur læra ýmis inngríp sem almenningur beitir ekki og öðlast dýpri þekkingu. „Við erum með hóp á Flúðum, á Kjalarnesi, á Borgarfirði eystra og víðar en nýjustu hóparnir eru í Hrísey og Grímsey. Þá höfum við verið að nota þessi námskeið til að mennta starfsmenn Isavia sem vinna við björgunar- og slökkviliðþjónustu á flugvöllum og sérsveit ríkislögreglustjóra sem vinnur oft við þær aðstæður að ekki þykir óhætt að senda sjúkraflutningamenn á svæðið. Þá hafa starfsmenn Securitas í Reykjavík sem sinna neyðarhnöppum margir lokið slíku námi en það getur gagnast ef þeir koma á svæðið á undan sjúkraflutningamönnum.“

Sjúkraflutningaskólinn hefur verið undir hatti Sjúkrahússins á Akureyri síðastliðinn rúman áratug en námið er að miklu leyti kennt á netinu auk þess sem boðið er upp á verklegar lotur um allt land.



INGIMAR EYDAL

ÞVAGLEKI ER ALGENGT VANDAMÁL

REKSTRARLAND KYNNIR Abena eru dönsk umhverfisvæn hjálpargögn við þvagleka sem slegið hafa í gegn. Jóhanna Runólfssdóttir sjúkraliði ráðleggur viðskiptavinum Rekstrarlands við val á viðeigandi hjálpargögnum.

Þvagleki er algengara vandamál á Íslandi en margir halda en einn af hverjum sex á við þetta vandamál að stríða. Þvagleki hrjái fólk á öllum aldri og af báðum kynjum og margir líða mikið fyrir þetta. Sumir þora ekki í ræktina af ótta við þvagleka meðan aðrir missa þvag ef þeir hósta eða hlæja. Þó umræðan sé orðin opnari í dag en fyrir tíu til fimmtán árum getur þetta vandamál valdið því að fólk einangrast félagslega. Þetta getur truflað lífsgæði fólks verulega,“ segir Jóhanna Runólfssdóttir, sjúkraliði og sölumaður í heilbrigðisdeild Rekstrarlands.

Rekstrarland er umboðsaðili Abena, danskra hágæðavara við þvagleka sem samþykktar eru af Sjúkratryggingum Íslands.

UMHVERFISVÆN HÁGÆÐAVARA

Jóhanna er með áratugalanga reynslu við að aðstoða um rétt val á hjálpargögnum við þvagleka og segir Abena vörurnar hafa reynst afar vel.

„Abena vörurnar komu nýjar inn fyrir tveimur árum og hafa einfaldlega slegið í gegn,“ segir Jóhanna.

Abena býður upp á eitt mesta vöruúrval af bindum og bleum í heiminum í dag. Vörurnar fást í ýmsum stærðum og gerðum með mismikilli rakadrægni en þær eru hannaðar með það í huga að allir ættu að finna lausn sem hentar hverju sinni.

Abena vörurnar eru flestar umhverfis-

OPNARI UMRÆÐA

„Þó umræðan sé orðin opnari í dag en fyrir fimmtán árum getur þetta vandamál valdið því að fólk einangrast félagslega.“

vænar og eru framleiddar með öndunar-efni á bakhlíð sem eykur mjög á þægindi notenda. Þetta eru ófnæmisprófaðar vörur sem óhætt er að nota á viðkvæma húð, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.“

PERSÓNULEG RÁÐGJÖF Í NÆÐI

„Þvagleki er feimnismál og eitt af þessum algengu vandamálum sem verður oft stærra en efni standa til. Hjá Rekstrarlandi leggjum við sérstaka áherslu á persónulega og faglega þjónustu við notendur hjálpargagnanna og aðstandendur þeirra og erum með viðtalsherbergi þar sem hægt er að ræða hlutina í næði. Þar erum við einnig með sýnishorn af hjálpargögnum og góða upplýsingabæklinga. Einnig póstsendum við sýnishorn ef óskað er,“ segir Jóhanna.

Skírteinishafar hjá Sjúkratryggingum Íslands geta nú leitað beint til Rekstrarlands í Mörkinni 4 til þess að fá hjálpargögn við þvagleka afgreidd og send heim sé þess óskað.

Jóhanna er til viðtals samkvæmt samkomulagi.



RÁÐGJÖF Jóhanna Runólfssdóttir sjúkraliði ráðleggur viðskiptavinum um val á viðeigandi hjálpargögnum við þvagleka.



BLESSAÐ SPERGILKÁLIÐ

BRÁÐHOLLT FÆÐI

Íslenska spergilkálið kemur í verslanir í júnímánuði og er koma þess alltaf fagnaðar-efni fyrir sælkera landsins og þá sem hugsa um heilsuna. Spergilkál er sérstaklega ríkt af vítamínum og steinefnum en stór hluti næringargildis spergilkálsins er í stílkum og blöðum þess sem á því alls ekki að henda í ruslið. Spergilkálið er auk þess trefjaríkt sem þýðir að það er góður kostur fyrir þá sem þjást af járnskorti.

Mörg börn og unglingar ganga í gegnum skeið þar sem þau eru lítt hrifin af spergilkáli en það er hægt að matreiða á ýmsa vegu utan þess að sjóða það á gamla mátann. Léttsoðið spergilkál má salta og pipra vel. Því næst er ostur settur yfir og það sett undir grill í skamma stund. Spergilkál hentar vel í gratín, með til dæmis blómkáli eða rósakáli. Það bragðast einnig ljómandi vel grillað en þá er það léttsoðið fyrst, velt upp úr smá olíu og kryddað áður en því er skellt á sjóðandi grillið í smástund. Smátt skorið spergilkál ofan á pitsu bragðast einnig sérstaklega vel.

Þar sem frysta má spergilkál er góð hugmynd að kaupa mikið magn inn þegar verðið er hagstætt. Það er soðið í 3-4 mínútur og síðan snöggekelt í köldu vatni áður en það er sett í frystinn. Heimild: www.islenskt.is

RÁÐ TIL AÐ ÞYNGJAST

Það að vera of léttur getur verið jafn mikið vandamál og að vera of þungur.

Ráðleggingar um hvernig megi léttast eru á hverju strái en þeir sem þurfa að þyngja sig þurfa að grafa aðeins dýpra eftir upplýsingum. Það getur, þrátt fyrir það, verið alveg jafn stórt vandamál. Áður en farið er út í stórar breytingar á mataræði ætti þó fyrst að ráðgast við lækni. Hann gæti einnig útilokað að einhver heilsufarsvandamál séu ástæðan fyrir því að viðkomandi er of léttur. Eftir það væri hægt að fara eftir þessum ráðum til að þyngja sig.

- Haldið matardagbók í nokkrar vikur til að læra á eigin matarvenjur.
- Bætið við matinn. Byrjið smátt, til dæmis með tvö hundruð hitaeiningum.
- Hugsið um gæði en ekki magn. Þó verið sé að þyngja sig er ekki gott að borða skyndibita,



- gos og sælgæti. Veljið frekar heilheiti-pasta, grænmeti, ávexti og hnetur.
- Borðið oft og sleppið aldrei úr máltíð. Dreifið aukinni hitaeiningainntöku á fleiri máltíðir yfir daginn.
- Veljið hitaeiningaríkt millimál svo sem hnetur, osta, þurrkaða ávexti, lárperu eða heilheitikex.
- Veljið hitaeiningaríka drykki eins og heilsuhristinga og þeytinga.
- Borðið fyrir svefninn. Það getur gefið líkamanum þau næringarefni sem hann þarf til að þyngjast.



REKSTRARLAND býður upp á hágæðavörur við þvagleka sem samþykktar eru af Sjúkratryggingum Íslands

Í **Rekstrarlandi** aðstoða sérfræðingar okkar við rétt val á hjálparvörum við þvagleka en ávallt er um einstaklingsbundnar lausnir að ræða.

Eitt mesta úrval af hjálparvörum sem í boði er við þvagleka er frá hinum vandaða danska framleiðanda Abena. Vörurnar fást í öllum stærðum og gerðum og búa yfir rakadrægni sem hæfir hverju tilfelli fyrir sig þannig að auðvelt er að finna lausn sem hentar hverjum og einum.

Abena vörurnar eru flestar umhverfisvænar og framleiddar með það að markmiði að auka á þægindi notenda. Þær eru mjúkar viðkomu, þægilegar og umfram allt lítt áberandi.

Skirteinishafar geta nú leitað beint til Rekstrarlands til þess að fá slíkar vörur afgreiddar auk þess sem við sjáum um að koma vörum heim til notenda án aukakostnaðar.



Upplýsingar fást í síma 515 1100 eða á heilbrigdi@rekstrarland.is.



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Óliuverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

Ráðleggingar um mataræði



FIMM Á DAG

Ráðleggingar um mataræði á veggspjaldi

VEGGSPJALD

Embætti landlæknis, Hjarta-vernd og Krabbameinsfélagið hafa gefið út veggspjald og einblöðung sem byggja á bækl-ingnum Ráðleggingar um mataræði - fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri, en hann kom út hjá Embætti landlæknis í byrjun ársins.

Veggspjaldið, sem er í stærðinni A2, er með myndum úr bækl-ingnum ásamt því að birta kjarna ráðlegginganna. Einblöðungurinn ber yfirskriftina Fimm á dag og með honum er hvatt til þess að borða fimm skammta af grænmeti og ávöxtum á dag eða minnst 500 grömm samtals. Veggspjaldið og einblöðunginn er hægt að panta á vef landlæknis.



HRESSIR KRAKKAR Svanhildur Marín Valdimarsdóttir, fremst með gulan hjálm, ásamt skólafélögum sínum í Valsárskóla á Svalbarðsströnd en þau létu rigningu ekki stöðva sig í hjólreiðaferð inn í Fnjóskadal.



KÆRKOMIN PÁSA Hópurinn stoppaði nokkrum sinnum á leiðinni og fékk sér hressingu.

MYNDIR/VALSÁRSKÓLA

HJÓLUÐU GEGNUM VAGLASKÓG

SKÓLAFERÐ Á HJÓLUM Svanhildur Marín Valdimarsdóttir fór í hressandi hjólreiðaferð inn í Fnjóskadal ásamt skólafélögum sínum í Valsárskóla. Krakkarnir létu kulda og rigningu ekkert á sig fá og hjóluðu yfir tuttugu kílómetra ásamt kennurum.

Mér fannst þetta ekkert erfitt. Við stoppuðum líka oft til að njóta útsýnisins svo við fengum fullt af litlum pásam,“ segir Svanhildur Marín Valdimarsdóttir, nemandi í 6. bekk í Valsárskóla á Svalbarðseyri, en hún og skólafélagar hennar skelltu sér í hressandi hjólreiðaferð inn í Fnjóskadal á dögnum.

„Við fórum krakkarnir úr 5., 6. og 7. bekk saman ásamt tveimur kennurum.

Þetta var í fyrsta skipti sem þessir bekkir fara í svona hjólreiðatúr saman, en við fórum pottþétt aftur seinna,“ segir hún. Svana segir að ferðin hafi verið skemmtileg og þau hafi ekki látið veðrið trufla sig.

„Það rigndi á okkur og var svolítið kalt en það reyndu bara allir að klæða sig eftir veðri. Við fórum af stað með rútu frá skólanum snemma um morguninn að gatnamótunum inn í Fnjóskadal. Síðan

hjóluðum við af stað yfir gömlu brúna yfir í Vaglaskóg og síðan yfir að Systragili og borðuðum nesti þar. Eftir það hjóluðum við að Illugastöðum og þar máttu þeir sem vildu hjóla smá hring en hinir biðu inni í rútu. Ferðin tók fram að hádegi og þetta voru rúm 20 kílómetrar sem við hjóluðum,“ segir Svana hæstánægð með ævintýrið en hún hafði ekki farið í svo langa hjólaferð áður.

„Ég er ekki vön löngum hjólaferðum

þótt ég sé allveg til í að skreppa í nokkrar í sumar,“ segir hún hress.

En hvað ætlar hún að gera skemmtilegt í sumar?

„Ég ætla að fara í sumarbústað og á reiðnámskeið. Við fjölskyldan ætlum líka á Goslokahtíðina í Vestmannaeyjum og á ættarmót. Vonandi förum við síðan líka í nokkrar útilegur, það er að segja ef sumarið kemur einhverjum tímann, og örugglega margt fleira skemmtilegt.“

BUXNASPRENGJA

Stærðir 34-46

25%

afsláttur

af yfir 25 týpum af buxum!

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

FRAMHALD AF FORSIÐU



HÖFÐABORG Er uppáhaldsborg Stefáns Jóns Hafstein enda mörgum kostum búin að hans sögn.

húmið og sólin að setjast meðan trjábjöllurnar senda klíðmjúka tóna yfir – þá má ljón öskra í fjarska. Betri verða barir ekki. Besti barinn er sem sagt ekki í Höfðaborg en þeir eiga ótrúlega flotta vínbari þar.

Hvar er best að eyða laugar-dagseftirmiðdegi? Kafa með hákörslunum í sjávardýrasafninu, og skoða svo allt safnið á eftir – fegurðin líður manni aldrei úr minni. Ég kafaði með leiðsögn í ógnarstórum tanki sem var fullur af fiskum, skötum og hákörslum og fannst það gaman.

Besta kaffihúsið? Ég er nokkuð viss um að það er í Róm.

Uppáhaldssöfn? MOMA í New York, Pompidou í París, ég fer alltaf á þessi söfn ef ég á leið um nágrennið en í Höfðaborg er það sædýrasafnið fyrir minn smekk.

Hvar er best að dansa? Ég held að það hljóti að vera þar sem Super Mama Djambo spilar. Hvar í heiminum sem það nú er.

Hvernig er skemmtilegast að eyða virku kvöldi? Horfa á heimamenn á úti veitingastað, fá gott hvítvín og ostrur meðan mannlífið iðar undir stjörnuþjórtum himni.

Hvar er best að versla? Kínverjar eru svo ástríðufullir þrúttarar að ég kem okkur öllum til að skæla þegar ég atast í þeim, það er gaman. En það er nú ekki mikið

um þá í Höfðaborg, þar eru einhverjar kringlur í ofurstærð niðri við höfn sem hægt er að skjótast í ef svo ólíklega vildi til að mann vantaði Ray Ban-sólgleraugu, sem ekki hefur komið fyrir lengi.

Áttu þér uppáhaldsstað í borginni? Ég hef ekki enn komið því í verk að fara í ferðalagið út á eyjuna þar sem þeir héldu Mandela og félögum áratugum saman í fangelsi á tímum aðskilnaðarstjórnarinnar, mér er sagt að það sé sögulegt. Uppáhaldsstaðurinn minn er uppi á fjallinu ofan við borgina, þangað liggur kláfur ef maður nennir ekki í fjallgöngu í heilan dag, mikil gróðursæld og útsýni er dásamlegt yfir borgina.

Leyndar perlu fyrir þá sem hafa ekki komið þangað? Múslimahverfið. Ég ráðlegg öllum að kaupa sér leiðsögumann í einn dag og láta fara með sig um leynda stigu. Koma við í múslimahverfinu og fá kaffisopa og kryddaðar smákökur heima hjá einhverri matmóður.

Hvernig er fólkíð? Allavega.

Áttu einhverja skemmtilega minningu frá borginni? Já, reyndar, síðast þegar ég var þar heimsótti ég Enza-kvennasmiðjuna sem Ruth Gylfadóttir stofnaði í einu af úthverfunum og ég man hve manni fannst gaman að sjá þetta framtak skila miklu til fátækra kvenna.

Stærðir
36-56

NÝJAR vörur og
FRÁBÆR tilboð!

ZIKZAK
TÍSKUHÚS





GÖNGUGARPUR Kristófer að undirbúa þriggja daga göngu í Mount Taranaki National Park á norðureyju Nýja-Sjálands. MYND/ÚR EINKASAFNI

FERÐAST OG UNNIÐ

SJÁLFBODALIÐASTÖRF Kristófer hefur sjö sinnum ferðast til Nýja-Sjálands. Þar vinnur hann sjálfbodaliðastörf meðan hann er ekki í löngum göngum.

Ein leið til að ferðast og skoða heiminn á ódýran hátt er að starfa sem sjálfbodaliði við ýmis konar störf. Meðal þeirra eru störf sem tengjast lífrænum landbúnaði undir merkjunum Willing Workers on Organic Farms (WWOOF) en hægt er að sækjast eftir slíkum störfum í tæplega 100 löndum.

Einn þeirra sem hafa nýtt sér þennan möguleika er Kristófer Jónatansson sem hefur ferðast sjö sinnum til Nýja-Sjálands á rúmlega 20 árum og þar af unnið sem sjálfbodaliði þar í landi fjórum sinnum. „Það er mjög vinsælt að „woofa“ í mörgum löndum. Bara á Nýja-Sjálandi má finna um 1.000 bóndabæi og fyrirtæki til að vinna á. Þessi störf tengjast alltaf lífrænni ræktun en þau geta þó farið fram víðar en á bóndabæjum, til dæmis á farfuglaheimilum, kaffihúsum, í vínframleiðslu, við garðyrkjustörf á heimilum og tónlistarhátíðum.“

HÆFIR ÖLLUM

Flestir sem stunda þessi störf eru ungt fólk en þó geta allir tekið þátt. „Það eina sem þarf að gera er að borga árgjald í WWOOF-samtökum þess lands sem maður vill heimsækja. Hægt er að skoða á netinu hvað er í boði í hverju landi fyrir sig en til að skrá sig í störf þarf að borga árgjaldið. Meðal sjálfbodaliðastarfa sem ég hef unnið er garðvinna, ræstingar og matargerð.“

Síðast heimsótti Kristófer Nýja-Sjáland í upphafi árs og eins og áður einkenndist dvölin af sjálfbodaliðastarfi og stærri gönguferðum. „Eftir nokkra daga í Auckland flaug ég austur til Chatham Island í Kyrrahafi sem tilheyrir Nýja-Sjálandi. Þar dvaldi ég í sex daga og flaug þaðan til Wellington á leiðinni til Autumn Farm þar sem ég „woofaði“ í þrjár vikur. Þaðan flug ég til Invercargill sem er syðst á suðureyjunni en þar gekk ég tvær þekktar gönguleiðir, Hump Ridge Track og South Coast Track. Veðrið var mjög slæmt þegar gönguferðin um Ridge Track hófst; rok, rigning, snjókoma og hagl. Ég var níu tíma á leiðinni og var alveg útkeyrður þegar gangan var búin. Veðrið var betra þegar ég gekk South Coast Track en sú leið liggur þar sem áður voru járnbrautar-teinar sem þjónuðu timburiðnaði.“



AFBREPING Það er alltaf nóg að gera í ævintýraborginni Queenstown. MYND/GETTY

ÁFRAM, STELPUR!

Næst lá leiðin til Queenstown sem er vinsæl ferðamannaborg á suðureyjunni. Þar undirbjó Kristófer næstu gönguferðir. „Þar labbaði ég til dæmis Gillespie Circuit-gönguleiðina og hitti fullt af skemmtilegu útivistarfólki. Daginn eftir gekk ég yfir Gillespie Pass og niður til Siberia Hut. Þetta var mjög langur og erfiður dagur en algjörlega þess virði enda frábært útsýni.“

Eftir þriggja daga hvíld var stefnan tekin upp að vatninu fræga Crucible Lake, sem liggur í rúmlega 1.150 metra hæð yfir sjávarmáli. „Þar gekk ég með tíu konum frá Nýja-Sjálandi og ungum hermanni frá Israel. Þar kenndi ég konunum að segja „Áfram, stelpur!“ sem þeim fannst mjög skemmtilegt!“

Dvölinn á Nýja-Sjálandi lauk við sjálfbodaliðastörf í tvær vikur á Mana Retreat Centre sem er staðsett á norðureyju landsins. Þrátt fyrir fjölda heimsókna til Nýja-Sjálands segir Kristófer enn margt ógert. „Landið er bara svo ótrúlega fallett. Þar eru óteljandi gönguleiðir og fjallakofar og það er mjög vel skipulagt fyrir ferðamenn. Nú er til dæmis nýbúið að klára 3.000 km gönguleið frá nyrsta odda landsins að þeim syðsta. Væri ég yngri gæti ég hugsað mér að ganga þessa leið en sums staðar er hún of erfið fyrir mig. En ég er búinn að ganga Queen Charlotte Track og Tongario Circuit sem nú eru hlutir af Te Araroa.“

Tilboðsdagar
15% afsláttur af útsaum
20% afsláttur af þrjónagarni

Anna miki
Handgjafna og handvafna

Grensásvegi 46 108 Reykjavík
 Sími 511-3388 opið mán. - fös. frá 9-18 - Lokað á laugardögum í sumar



Útsala hafin!

Frábær tilboð á Útsölu

B/A/S/L/E/R

MaxMara

MARINA RINALDI

B/A/S/L/E/R **Parisar** TÍZKAN

Fylgist með okkur á facebook.com/Parisartizkan

Skipholt 29b • S. 551 0770



GÓÐ BLANDA „Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel saman, eins og alþekkt er,“ segir Magnús Ingi, veitingamaður á Texasborgurum. MYND/GVA

HAF OG HAGI Í BRAUÐI

Texasborgarar kynna: Naut og humar sameinast í ljúffengum Texas-humarborgara.

Það má segja að þetta sé hamburgaraútgáfan af Hafi og haga,“ segir Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður, um Texas-humarborgarann sem Texasborgarar við Grandagarð bjóða upp á. Verðið kemur á óvart, aðeins 1.980 kr., en svona er borgarinn með öllu: Texas-nautaborgari með hvítlauksristuðum humri og sveppum, borinn fram í hamburgerabrauði með sérlegaðri hvítlauksósu, jöklasalat, rauðlauk og tómötum ásamt frönskum.

„Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel saman, eins og alþekkt er,“ segir Magnús Ingi. „Í Texas-humarborgaranum erum við með 140 grömm af handgerðum úrvals-nautaborgara og 100 grömm af pilluðum humri.“

Texas-humarborgarinn er annar af aðal-sumarborgurum á Texasborgurum. Hinn er Bernaise-lambborgari. Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, er að finna matseðilinn og ýmislegt fleira og Facebook-síðan er líflæg.

2
FYRIR
1

af Texas-ostborgara með frönskum. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Klipptu miðann út og taktu hann með þér. Gildir til 25.8.2015. Texasborgarar.is s: 517-3130

F A S T E I G N A S A L A N

MIKLABORG

Lágmúla 4 108 Reykjavík
569 7000
 www.miklaborg.is



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
 hdl. og löggiltir fasteignasalar



Þróstur Þórhalls
 lögg. fasteignasali
 Sími: 897 0634

Ólafur Finnbogason
 lögg. fasteignasali
 Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
 sölufulltrúi
 Sími: 899 1178

Davíð Jónsson
 sölufulltrúi
 Sími: 697 3080

Hilmar Jónasson
 sölufulltrúi
 Sími: 695 9500

Þórunn Pálsdóttir
 sölufulltrúi
 Sími: 773 6000

Svan G. Guðlaugsson
 sölufulltrúi
 Sími: 697 9300

Helgi Jónsson
 sölufulltrúi
 Sími: 780 2700

Jórunn Skúladóttir
 sölufulltrúi
 Sími: 845 8958

Páll Þórólfsson
 sölufulltrúi
 Sími: 893 9929

Jason Ólafsson
 sölufulltrúi
 Sími: 775 1515

Gunnar S. Jónsson
 lögg. fasteignasali
 Sími: 899 5856

Jón Rafn Valdimarsson
 lögg. fasteignasali
 Sími: 6955520



Vatnsendahlíð Skorradal

82 fm heilsárshús með frábæru útsýni
 Stór og skjólgóður pallur með heitum potti
 Þrjú svefnherbergi, stór stofa og opið eldhús
 Vandað hús

Nánar: Jón Rafn 695 5520 Verð: **29,5 millj.**



Hestur Grímsnesi

Fallegt sumarhús á lokuð svæði í
 Kiðjbergslandi Gott útsýni yfir Hvítá
 Tæplega 1 hektara eignarland
 Húsið er með þremur svefnherbergjum
 Mikill og fallegur gróður á landi

Nánar: Jón Rafn 695 5520 Verð: **16,2 millj.**



Skipholt 50C

Vel staðset og bjart 220 fm verslunarhúsnæði
 ásamt lager og skrifstofum á jarðhæð við
 Skipholt í Reykjavík

Nánar: Ólafur 822 2307 Verð: **52,0 millj.**



Suðurlandsbraut 50

250-300 fm skrifstofuhúsnæði á góðum
 stað 9 skrifstofur auk móttöku, eldhús og
 fundarherbergi. Frábær staðsetning

LAUST STRAX TIL SÖLU EÐA LEIGU!

Nánar: Svan 697 9300 **Tilboð óskast**

OPIN HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG



OPÍÐ HÚS
 miðvikudaginn 10.júní kl.17:00-17:45


Svarthamrar 23

Vel skiplögð og björt 2ja herbergja
 Sér inngangur og þvottahús innan íbúðar
 Góð staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
Ólafur Finnbogason lögg. fasteignasali
 olafur@miklaborg.is sími: 822 2307

Verð: **22,9 millj.**



Norðurbakki

137 fm endaíbúð. Stæði í bílageymslu.
 Frábært útsýni yfir höfnina í Hafnarfirði.
 3 svefnherbergi. Tvönnar svalir.
 Vönduð eign á annarri hæð. Lyftuhús.

Nánar: Jason 775 1515 Verð: **49,7 millj.**



Tjarnarból

Tæplega 200 fm neðri sérhæð
 Rúmgóður, nýlegur bílskúr
 Aukaíbúð í kjallara 4 svefnherbergi
 Góð eign með mikla möguleika

Nánar: Ólafur 822 2307 Verð: **56,5 millj.**



OPÍÐ HÚS
 miðvikudaginn 10.júní kl.17:30-18:00

Funalind 13

Góð 4ra herbergja íbúð á 5.hæð, 115,2 fm
 Vinsælt lyftuhús og fallegt útsýni
 Stórar suðursvalir
 Gott skipulag og þvottahús innan íbúðar

Laus til afhendingar



Nánari upplýsingar veitir:
Þórunn Pálsdóttir, sölufulltrúi
 thorunn@miklaborg.is sími: 773 6000

Verð: **36,9 millj.**



OPÍÐ HÚS
 miðvikudaginn 10.júní kl.18:00-18:30

Álftamýri 32

Falleg 2ja herbergja
 Stærð 65,2 fm
 Fyrsta hæð
 Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir:
Hilmar Jónasson, sölufulltrúi
 hilmar@miklaborg.is sími: 695 9500

Verð: **24,9 millj.**

Mánatún 7-17



OPÍÐ HÚS
 fimmtudaginn 11.júní kl.17:00-18:30

Útsýni

Vandaðar 2ja-4ra herbergja íbúðir.
 Sólballur og svalir til suðurs.
 Tvönnar svalir með flestum íbúðum.
 Lyftuhús.
 Glæsilegar innréttingar og mikil lofthæð.
 Stæði í lokuðum bílakjallara.

Verð: **33,7 millj. - 145,0 millj.**



Nánari upplýsingar veitir:
Jason Ólafsson, sölufulltrúi
 jassi@miklaborg.is sími: 775 1515



Sýningaríbúð í Mánatúni 7
 norðausturhornið.



Nánari upplýsingar veitir:
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali
 jon@miklaborg.is sími: 695 5520



Nánari upplýsingar veitir:
Páll Þórólfsson, sölufulltrúi
 pall@miklaborg.is sími: 893 9929

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Rav4 VX 10/2014 ek.11bús. Sjálfskiptur. Leður. Álfelgur. Ásett verð 6.590.000.- Rnr.311285



M.Benz E200 3/2007 ek.84bús. Sjálfskiptur. Topplúga. Skipti möguleg. Ásett verð 3.190.000.- Rnr.104655

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

bilfang.is

S. 567 2000



BMW 320 STEPTRONIC TDI DIESEL Árgæð 2012. Ekinn 110 P.KM Verð kr. 3.490.000. Rnr.127086



BMW 525 STEPTRONIC DIESEL XDRIVE 4X4 Árgæð 2012. Ekinn 99 P.KM Verð kr. 5.490.000. Rnr.127092



OPEL VIVARO Árgæð 2013. Ekinn 30 P.KM Verð með niðurfellingu 3.7 mil Rnr. 127166

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgæð 2013, ekinn 56 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.240638. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ GLK 250 CDI 4matic. Árgæð 2011, ekinn 84 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.240669.



SUZUKI Grand vitara. Árgæð 2012, ekinn 33 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.240647.

ASKJA

NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Yaris terra. Árgæð 2007, ekinn 122 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.991362.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

KRÓKUR



Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

STÓRA BÍLASALAN

Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.



Suzuki SX4 - Nýir bílar Árgæð 2015. Beinskiptir. Bensín. 4x4. Eigum nokkra á staðnum. Frábært verð aðeins 2.990.000kr. Raðnúmer 157345. Sjá nánar á www.stora.is.



Toyota Yaris Hybrid - NYTT Árgæð 2015. Vorum að fá bíla á lager! Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á www.stora.is.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

Bílalíf



ÓFURTLIÐ 1.690P.!!! 7 MANNA!!!

HYUNDAI Terracan GLX (7 manna). Árgæð 2005, ekinn 148p.km. dísel, sjálfskiptur. Ásett verð 2.290p Ófurtilboð 1.690p. Rnr.390929. Er á staðnum - Bílalíf s:562-1717

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



365.is
Sími 1817

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA ÞREP!

365 GSM sérsníður þjónustuna að notkun hvers og eins. Í upphafi mánaðar byrja allir viðskiptavinir í 0 mínútum og 0 SMS-um. Það fer síðan eftir notkun í hvaða þrepi hann endar þann mánuðinn. Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa, ávallt vissir um að vera í réttri leið.

0-60 mín. og SMS

0 kr.

60 mínútur og 60 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

60-365 mín. og SMS

2.990 kr.

365 mínútur og 365 SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.

Endalaust

4.990 kr.

Endalausar mínútur og SMS í GSM og heimasíma á Íslandi.



Viðskiptavinir okkar færast á milli þrepa vissir um að vera í réttri leið.

Þú færð 20 GB ljóshraðanet, 100 mín. í heimasíma og 60 mín. og 60 SMS í GSM á 0 kr. ef þú kaupir valdar sjónvarpsáskriftir hjá 365.

GAGNAMAGNSPAKKAR FYRIR NETIÐ Í SÍMANUM

500 MB
790 kr.

1 GB
1.190 kr.

5 GB
1.990 kr.

15 GB 3.990 kr.
Inngönguþilboð með tilboðspökkum
1.500 kr.

-2.490 kr.

fréttir vegna þess að það þýðir að vandinn er þá minni en áður var talið. „Ef það verður meira þá er það náttúrlega gott fyrir ríkissjóð, en þá þýðir það líka að vandinn var stærri en við höldum. Þannig að við náum miklu betur að finna jafnvægi á milli vandamálsins og lausnarinnar,“ segir Sigurður.

Geturðu lýst ferlinu fram að fundinum í fyrradag?

„Haustið 2013 var stofnaður ráðgjafarhópur sem starfaði um nokkurra mánaða skeið. Og að hluta til byggist lausnin sem kynnt var í gær á þeirri vinnu. Í kjölfarið þess var skipaður framkvæmdahópur sem átti að hafa það hlutverk að ýta þessu úr vör og ráðnir voru ráðgjafar eins og Lee Buchheit og Glenn Kim, Anne Krueger og fleiri,“ segir Sigurður. Um áramótin hafi síðan orðið breyting á framkvæmdahópnum og þá hafi líka Seðlabankinn komið meira að málum en áður var og takturinn í vinnunni breyst mikið. „Í febrúar var greiningarvinnunni að mestu lokið og við höldum vinnufundi þar sem var ákveðið hvaða leiðir skyldi fara. Í mars vorum við búnir að vinna þetta það langt að við áttum vinnufund með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og tveimur vikum seinna eða svo hófust upplýsingafundir með kröfuhöfum. Hugmyndirnar voru kannski ekki mótaðar niður á aukastaf en stóra myndin lá alveg fyrir,“ segir Sigurður. Hann segir að skilyrðin hafi verið mótuð yfir þetta tímabil og líklegast verið tilbúin í apríl.

Hann segir að erindi frá tveimur slitabúum hafi borist rétt fyrir blaðamannafundinn í fyrradag, en eitt bréfið borist á sunnudeginum. Þetta sé til marks um það hvað aðhaldið er nauðsynlegt. „Einhver gæti sagt að fyrst að bréfin væru komin þá þyrfti nú ekki að fara með þennan stöðugleikaskatt fyrir þingið, en ef það verður ekki gert þá held ég að málið gæti tafist verulega. Þá vantar aðhaldið.“

Þessi árangur sem nú er verið að upplýsa um virkar sem kaflaskil í ferli en ekki nein endalok. Hvernig sérðu fyrir þér þróunina núna?

„Næstu skref varðandi slitabúin eru að formlega eru það slita-stjórnirnar sem þurfa að senda inn beiðni til Seðlabankans,“ segir Sigurður. Það verði væntanlega eitt af næstu skrefunum og erindin fari síðan í ferli innan stjórnsýslunnar. „Síðan þurfa kröfuhafarnir að koma sér saman um það að samþykkja nauðasamning áður en hann verður samþykktur af dómstólum. En við eigum von á því að tíminn til stefnu sé nógur fram að áramótum þannig að hann eigi að vera raunhæfur til þess að aðilar eigi að geta farið þessa leið.“ Á haustmánuðum sé svo búist við að haldið verði eitt útböð til að leysa aflandskrónuvandann.

Dú hefur nú væntanlega velt því fyrir þér hvernig peningamálin verða. Verðum við með fljóttandi krónu?

„Ég held að það sé best að vísa í vinnu Seðlabankans í þessum efnem sem gaf út skýrslu fyrir nokkrum árum þar sem gert er ráð fyrir notkun þjóðhagsvarúðartækja,“ segir Sigurður. Þessi þjóðhagsvarúðartæki geti verið af ýmsu tagi en miða að því að stilla betur af áhættuna í kerfinu. „Til dæmis er það væntanlega þannig að heimildir einstaklinga sem eru ekki með tekjur í gjaldeyri til að fá lán í erlendum gjaldeyri eru þá takmarkaðar. Og það á væntanlega við um aðra aðila líka eins og banka.“

Fjármálaráðherra vonast til að leggja fram frumvörp um fjárfestingar lífeyrissjóða erlendis í haust. Er það raunhæft?

„Já, ég tel að það sé raunhæft. Og reyndar ekki bara raunhæft heldur líka nauðsynlegt. Sá sparnaður sem fer í lífeyrissjóðina skapar



Á BLAÐAMANNAFUNDI VEGNA AFNÁMS HAFTA Lilja Alfreðsdóttir segir lánshæfismatsfyrirtækin horfa til þess í sínum greiningum að hér eru enn höft.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

viðskiptaafgang vegna þess að lífeyrissjóðgjöld hefðu ella farið í neyslu og innfluttan varning. Til að halda ballans er mjög mikilvægt að lífeyrissjóðirnir fjárfesti erlendis,“ segir Sigurður. Það sé því mjög mikilvægt að frumvarp um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða verði samþykkt.

Hann segist ekki getað sagt til um hversu hratt verði hægt að auka fjárfestingaheimildirnar. „En það hangir á heildarplaninu. Það verður að hafa það í huga að það er mikilvægt að taka þetta í skrefum. Forsendan fyrir þessu öllu er að það verður að ná lendingu með því að setja slitabúunum þessa afarkosti,“ segir Sigurður.

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa fullyrt að vinnan sem kynnt var í fyrradag byggist á áætlun sem kynnt var árið 2011. Sigurður segir þetta ekki rétt og að í þeirri vinnu hafi ekkert verið minnst á slitabúin. „Auðvitað er maður bara stoltur af því að margir vilji eigna sér þetta. En í grunninn er þetta þannig að ef það væri til handbók um afnám hafta og stýringu á flæði, þá væru tvö atriði í henni. Það er það sem kemur fram í skýrslu fjármálaráðherra í mars, annars vegar afskriftir og hins vegar lenging. Þetta eru kubbarnir sem er hægt að vinna með. Svo er annað mál hvernig þú raðar þessu saman.“



Ný tækifæri í flugfrakt fyrir íslensk fyrirtæki


Yfir 100 áfangastaðir um allan heim

Bluebird Cargo hefur flogið reglubundið fraktflug til og frá Íslandi frá árinu 2001 og hefur starfað náið með aðilum eins og UPS, Cargolux, TNT og fleiri félögum. Nú hefur verið gerður umfangsmikill samstarfssamningur við **Emirates SkyCargo** sem er stærsta fraktflugfélag heims, með sérstaka áherslu á **Asíu, Eyjaálfu og Afríku**. Samstarfssamningur við Aer Lingus tengir svo **Ameríku og Evrópu** við reglubundið áætlunarflug Bluebird Cargo til Dublin.

Með þessu öflugna flutninganeti tengjumst við yfir **100 áfangstöðum** víða um heim. Við bjóðum fjölda möguleika á flutningum eingöngu með fraktflugvélum sem tryggja betri vörumeðferð. Okkar þjónusta er sveigjanleg, skilvirk og við bjóðum hagstætt verð. Hafðu samband og fáðu tilboð, hvort sem það er fyrir inn- eða útlutning.



Betri vörumeðferð | Gámar og vörubretti alla leið | Hitastýrðir flutningar



● Bluebird Cargo ● Aer Lingus Cargo ● UPS Air Cargo ● Emirates SkyCargo

Bluebird Cargo • Lynghóla 4 • 110 Reykjavík
Sími: 420 0200 • sales@bluebirdcargo.com
www.bluebirdcargo.com

Hafið beint samband:
Útlutningur í síma 420 0238
Innlutningur í síma 420 0232



Með 11 í forgjöf og hyggst lækka hana

Þorsteinn G. Gunnarsson hefur verið ráðinn forstjóri Opinna kerfa. Hann er síður en svo ókunnur fyrirtækinu því hann starfaði hjá því, meðal annars sem forstjóri, á árunum 1996-2008. Í frístundum sínum spilar hann golf.

Þorsteinn G. Gunnarsson hefur verið ráðinn forstjóri Opinna kerfa frá og með 1. júní. Þorsteinn tekur við starfinu af Gunnari Guðjónssyni, sem gegnt hefur stöðu forstjóra frá árinu 2008.

Þorsteinn er rafmagnsverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með meistaraþróf frá Washington-háskóla. Þorsteinn starfaði há Opnum kerfum frá 1996 til 2008 sem framkvæmdastjóri ráðgjafar- og þjónustusviðs og síðast sem forstjóri.

„Félagið er þrjátíu ára í ár og frá upphafi hefur Hewlett Packard verið hornsteinninn í rekstri þess. En félagið er líka umboðsaðili fyrir Cisco og fyrir Microsoft og líka fleiri birgja, en þetta eru þeir stærstu,“ segir Þorsteinn um fyrirtækið. Hann segir að fyrirtækið velti fimm milljörðum á ársgrundvelli og sé með um hundrað starfsmenn.

Þorsteinn segir að Opín kerfi séu vel staðsett í þeim breytingum sem eru að verða á upplýsingamarkaðnum í dag, þegar vélbúnaðarsala er að breytast og aukin áhersla er lögð á lausnir og þjónustu. Fólk sé í sífellu meira mæli að nýta sér upplýsingatæknina. Til dæmis með tilkomu snjallsíma, á netinu, á samfélagsmiðlum. „Fyrirtæki á markaðnum þurfa að beisla þessa tækni og nota hana. Þar koma félög eins og Opín kerfi að og tækifærin eru að þroskast með markaðnum,“ segir hann.

Opín kerfi hafa meiri tekjur af fyrirtækjamarkaði en einstaklingsmarkaði. „Við erum mjög stórir í hýsingu og í gagnaversþjónustu í samstarfi við Verne og



AFTUR TIL STARFA Þorsteinn starfaði hjá Opnum kerfum á árunum 1996-2008, meðal annars sem forstjóri.

FRÉTTABLAÐID/GVA

„Við erum mjög stórir í hýsingu og í gagnaversþjónustu í samstarfi við Verne og erum þar með stóra, flotta kúnna eins og BMW.“

erum þar með mjög stóra flotta kúnna eins og BMW, sem er risakúnni og eykur við sig á hverju ári,“ segir Þorsteinn og bætir við að einn af stóru vaxtamöguleikum séu í gagnaversþjónustunni.

Þorsteinn er giftur Herðisi Rafnsdóttur verkfræðingi sem rekur RJ verkfræðinga. Saman eiga þau tvo syni, annan 22 ára og hinn 19 ára. „Helsta áhugamál fjölskyldunnar er golf og er ég mikill áhugamaður um það sjálfur,“ segir Þorsteinn. Hreyfing og útiivist er stór þáttur í lífi fjölskyld-

unnar sem og ferðalög sem tengjast því. Þorsteinn hefur stundað golf í 15-20 ár og uppáhaldsvöllurinn er Grafarholtið og Korpan. „Síðan eru það vellir eins og Urríðavöllur og Leynir á Akranesi,“ segir Þorsteinn. Þorsteinn er með ellefu í forgjöf. „Það er sæmilegt og fer lækkaði vonandi,“ segir hann og hlær.

Fjölskyldan spilar gjarnan golf erlendis og fór meðal annars til Flórída um jólin. „Svo þykir mér gaman að veiða líka,“ segir Þorsteinn.

jonhakon@frettabladid.is

VINNUR YFIRLEITT Í GOLFI

Steini er mjög traustur maður og sem verkfræðingur er hann talnaglöggur. Hann er vinnusamur og skipulagður. Sem galla má nefna að hann er eiginlega fullgóður í golfi. Það kemur fyrir að við spilum saman golf og hann vinnur mig yfirleitt, sem er óþolandi.



Frosti Bergsson,
stjórnarformaður Opinna kerfa

Steini er toppnáungi, sérlega vel heppnað eintak, hress og skemmtilegur. Hann er hörkuduglegur og fylginn sér.



Leysir öll verkefni sem hann tekur að sér af mikilli fagmennsku og án óþarfa málalenginga. Góður og sanngjarn yfirmaður sem á mjög auðvelt með að móttvera fólk og fá það til þess að vinna með sér. Hann er mikill húmoristi og kemur gjarnan auga á spaugilegu hlutina í lífinu. Steini var mikill sundgarpur hérna á árum áður og þaðan kemur líklega þessi keppnisandi sem hann býr yfir. Svo er hann nú alveg skítsæmilegur í golfi.

Björgvín Arnar Björgvínsson

Velta sólarorkuiðnaðar margfaldast á áratug

Velta sólarorkuiðnaðarins hefur margfaldast á áratug. Silicor Materials stefnir á að safna 100 milljónum í eigin fé frá íslenskum fjárfestum.

Sólarorkuiðnaðurinn hefur á undanförunum áratug vaxið úr því að velta fáeinum milljörðum Bandaríkjadala í það að verða 150 milljarða dala atvinnugrein á þessu ári. „Sala á sólarorku er að aukast gríðarlega,“ segir Michael Rogol, forstjóri ráðgjafarfyrirtækisins Photon Consulting.

Hann er orkuhagfræðingur og var hér á landi í síðustu viku á vegum Silicor Materials sem hyggst reisa sólar kísilver á Grundartanga. Fjárfestingin er 900 milljónir dalir og er stefnt að því að eigið fé verði um 300 milljónir. Vonast er til þess að þar af komi um 100 milljónir dala frá íslenskum fjárfestum. Sólar kísill er notaður til að búa til sólar sellur, sem eru svo notaðar til þess að beisla endurnýjanlega orku úr sólarljósinu.

Rogol hitti fulltrúa lífeyrissjóða hér á landi í síðustu viku. „Ég hef komið reglulega síðastliðinn áratug, alltaf af sömu ástæðunni, vegna alþjóðlegs fyrirtækis sem vill hefja hér störf. Og þeir koma alltaf með sömu spurninguna. Hvernig getum við sannfært fólk hérna um að það sé gríðarlegur markaður fyrir sólarorku í heiminum?“ segir Rogol. Hann leggur mikla áherslu á að það sé ekki markmið sitt að sannfæra Íslendinga um að fjárfesta, heldur veita upplýsingar um markaðinn í heiminum. „Við teljum að meðalávöxtun af fjárfestingu eins



BJARTSÝNN Á MARKADINN Rogol segir að velta markaðarins hafi margfaldast á einum áratug.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

og þessari í heiminum sé 10 prósent fyrir skatta. Og þegar vextir eru þetta lágir víðast í heiminum þá sýna margir fjárfestar áhuga,“ segir hann.

Rogol segir að fyrir sex til átta árum hafi stjórnvöld í Þýskalandi, á Spáni, Ítalíu og í Tékklandi veitt ívilnanir sem urðu hvati þess að aðilar keyptu kerfi til að beisla sólarorku. „Það jók viðskiptin og lækkaði kostnaðinn. Tæknin sjálf breytist ekkert mikið, hún verður kannski örliðið hagkvæmari með

árunum en þetta snýst ekki um byltingu í tækniþróun. Þetta snýst um að færa fólk trausta og örugga orku og góða fjárfestingu,“ segir hann.

Rogol bendir á að Íslendingar eigi næga jarðvarmaorku og allar aðstæður hér séu þannig að fólk muni ekki þurfa að nýta sér sólarorku hér. Víða annars staðar sé fólk ekki svo heppið. „Þar sem fólk ert fjarri orkuveitum og lengra inni í stórborgum er meira verðmæti í því að geta nýtt orku.“

jonhakon@frettabladid.is



Spennandi bókaútgáfa

Eigendur Bókaútgáfunnar Sölku hafa ákveðið að selja fyrirtækið eftir 15 ára rekstur.

Salka er öðruvísi bókaútgáfa sem leggur áherslu á fjölbreytt verk, ekki síst bækur fyrir konur, handbækur af ýmsu tagi svo sem heilsubækur, hannyrðabækur, ferðabækur og matreiðslubækur.

Útgefni titlar í fyrra voru 30 og á útgáfulista 2015 eru spennandi bækur. Fyrra útgáfubækur gefa einnig ýmsa möguleika til arðbærrar endurnýtingar.

Nánari upplýsingar :
Gunnar Svavarsson;
gunnar@kontakt.is. Sími 4141200

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT

Fyrirtækjaráðgjöf

Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200



TOSHIBA PORTÉGÉ Z30

VINSÆLASTA FARTÖLVAN OKKAR
FYRIR STOFNANIR OG FYRIRTÆKI



TOSHIBA

FULLKOMINN VINNUFÉLAGI

Portégé hefur selst í hundruðum eintaka til fyrirtækja og stofnana undanfarið. Ástæðan er einföld. Hún stenst væntingar þeirra kröfuhörðustu. Sérstaklega létt og fyrirferðalítil með 13,3" IPS hágæðaskjá. Intel i5 örgjörvi, hraðvirkur 256GB SSD diskur og 8GB vinnsluminni. Allt að 12 tíma rafhlöðuending. Kemur uppsett með Windows 7 Pro en 8.1 Pro fylgir einnig.

TÍMABUNDIÐ
FYRIRTÆKJATILBOÐ

169.990

FULLT VERÐ 199.990



FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

Þjóð sem byggir á ferðapjónustu verður að huga að ímyndinni:

Jákvæð ímynd Íslands

Markaðurinn hefur undanfarnar vikur birt áhugaverð viðtöl við tvo athafnamenn sem vinna við útflutning. Annars vegar var viðtöl við Jón Georg Aðalsteinsson, sem flytur sjávarafurðir, skyr og lamb til Evrópu, hins vegar Guðrúnu Tinnu Ólafsdóttur, framkvæmdastjóra Ígló&Indí, sem er fyrir-tæki í barnafatahönnun. Vörur fyrirtækisins eru seldar víða um heim, en einkum í Evrópu.

Þau Jón Georg og Tinna benda bæði á að það sé ekki gallalaust að flytja út vörur frá Íslandi. Jón Georg nefndi sem dæmi að Íslendingar hefðu ekki náð að temja sér langtímahugsun og að skipuleggja fram í tímann. En hann tók líka fram að það væri dýrara að senda vörur frá Íslandi á erlenda markaði, einfaldlega vegna legu landsins í miðju Atlantshafi. Tinna nefndi sem dæmi að það væri dýrt að viðhalda viðskiptasamböndum frá Íslandi og það væri dýrt að reka vöruhús á Íslandi og senda út vörur. Bæði nefndu þau þó að vörumerkið Ísland væri mikils virði. „Spurningin er bara hvað við höfum til að keppa á gæðum, hver er okkar sérstaða? Við höfum eitt sem enginn annar getur tekið frá okkur. Það er orðið „Iceland“,“ sagði Jón Georg og bætti því við að nafn landsins vekti jákvæð hughrif.

Tinna sagði að ein mikilvægasta eign og sérstaða íslenskra útflytjenda væri vörumerkið Ísland. „Ígló&Indí hefur ávallt áttað sig á því hversu mikilvægt Ísland er fyrir hönnunina og þróun vörulínunnar en einungis nýlega hversu mikið aðdráttarafi Ísland hefur í markaðs-setningu og við höfum verið að nýta okkur það núna,“ sagði hún.

Þau eru ekki ein til um að skynja þetta. Bretinn Malcolm Walker, sem stýrir matvörukeðjunni Iceland Frozen Foods, velur að rækta tengslin við Ísland í viðskiptum sínum. Og við finnum þetta öll þessi misserin, þegar mikilvægasta atvinnugreinin okkar er ferðapjónusta. Hagvöxtur okkar síðustu ár byggist að stórum hluta á því að útlendingar líta í sífellt meira mæli á Ísland sem spennandi og aðlaðandi áfangastað. Íslenskir listamenn upplifa þetta líka. Fyrir fáeinum áratugum þekktu útlendingar ekki annað nafn en Halldór Kiljan Laxness, svo kom Björk mörgum árum seinna. Nú eru nánast óteljandi söngvarar, leikarar og aðrir listamenn sem útlendingar þekkja. Þeir vekja áhuga á Íslandi, en „vörumerkið“ Ísland getur líka vakið athygli á þeim.

En það er ekki sjálfsagt að Ísland vekji jákvæð hughrif og við verðum vafalaust að leggja rækt við ímynd lands og þjóðar. Með það í huga verðum við að huga að því hvernig við byggjum upp atvinnulífið okkar. Vitandi það hversu harðri gagnrýni hvalveiðar sæta á erlendri grundu verðum við til dæmis að velja því fyrir okkur hvort það sé skynsamlegt að halda þeim áfram, sérstaklega þegar markaðir fyrir kjötið virðast afskaplega takmarkaðir. Viljum við mænta náttúruna með uppbyggingu atvinnugreina sem byggja á ívilnunum frá hinu opinbera? Þetta eru spurningar sem við verðum að hafa í huga þegar við byggjum upp íslenskt atvinnulíf.

Hin hliðin

Helga Hlín Hákonardóttir, hdl. meðeigandi hjá Strategiu ehf. og stjórnarmaður í atvinnulífinu.

„Hvert er hlutverk mitt í stjórn hlutfélags og hvernig sinni ég stjórnarstörfum?“ eru algengar spurningar nýrra stjórnarmanna og jafnvel þeirra reyndari sem vilja tileinka sér bættu stjórnarhætti. Hér eru á ferðinni tvær grundvallarspurningar – sem reyndar eru af ólíkum meiddi.

Hlutverk

Annars vegar er spurt um hlutverk stjórnar og ábyrgð, sem henni er m.a. falið skv. lögum um hlutfélög, samþykktum og ákvörðunum hluthafafunda. Ákvæði hlutfélagalaga kveða m.a. á um að stjórn fari með æðsta vald milli hluthafafunda, annist að skipulag og starfsemi

sé jafnan í réttu og góðu horfi, móti stefnu til framtíðar og ráði og hafi eftirlit með framkvæmdastjóra, bókhaldi og fjárreiðum. Með þessum hlutverkum eru hlutverk og ábyrgð stjórnar mörkuð lögum samkvæmt.

Framkvæmd verkefna

Stjórn útfærir síðan sjálf nánar hvað hún gerir til að sinna hlutverki sínu og hvernig hún sinnir því skv. 5. mgr. 70. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995, sem kveður á um að stjórn setji sér reglur um framkvæmd starfa sinna. Slíkar starfsreglur fjalla t.a.m. um verkaskiptingu stjórnar, starfsáætlun, boðun og framkvæmd stjórnarfunda, ráðningu forstjóra o.s.frv.

Laga- og samþykktaskilgreiningar

á hlutverkum stjórnar eru takmarkaðar en leiðbeiningar um framkvæmd verkefna stjórnar þróast hratt með bættem stjórnarháttum. Slíkar leiðbeiningar og handbækur stjórnarmanna hafa hins vegar gengið skrefinu lengra og lagt til víðtækar skilgreiningar á hlutverkum stjórnar – sem þaðan rata í starfsreglur. Hvorki leiðbeiningar né stjórn sjálf skilgreina hins vegar hlutverk hennar – ekki frekar en að skilgreina umboð hennar.

Þá eru dæmi um að slíkar skilgreiningar á hlutverki stjórnar gangi of langt. Í starfsreglum fjölmargra stjórnar segir til að mynda að stjórn beri „endanlega ábyrgð á starfsemi félagsins“. Slík alábyrgð á félagi með takmarkaða ábyrgð á sér enga laga-

stöð og efast má reyndar um upp lýstan vilja stjórnar til að axla slíka ábyrgð.

Það er því fagnaðarefni að í 5. útgáfu af Leiðbeiningum um stjórnarhætti sem Viðskiptaráð gaf út á dögunum hefur lögboðið hlutverk stjórnar réttilega verið afmarkað. Hvorki meira né minna. Einstökum stjórnun er síðan falið að útfæra stjórnarhætti sína og verkefni í starfsreglum. Skilgreining á hlutverki og umboði stjórnar er hins vegar ekki þar á meðal – heldur fara löggjafinn og hluthafafundur með það vald. Endurskoðun stjórnar á starfsreglum að þessu leyti er því ráðleg þannig að hlutverk stjórnar séu skilgreind í takt við lög og samþykktir.

Kanslarinn bauð Cameron velkominn á G7-fundinn



FORYSTUMENN FUNDUÐU Angela Merkel, kanslari Þýskalands, bauð David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, velkominn þegar hann kom í Elmau-kastalann næri Garmisch-Partenkirchen í suðurhluta Þýskalands um helgina. G7-fundurinn fór fram á sunnudag og mánudag. NORDICPHOTOS/AFP

Þversögnin um skilvirkni

Skoðun

Pétur Arason
rekstrarfræðingur
hjá Marel



Ertu upptekinn? Endalausir fundir, allt á fullu og kannski aðeins meira en 100% með 15 verkefni í gangi í einu? Þér finnst þú vera skilvirkasta manneskja í heiminum, en ertu viss um að svo sé? Skilvirkni snýst fyrst og fremst um að búa til virði og það að vera alltaf upptekin er ekki það sama og að vera skilvirkur. Um þetta snýst þversögnin um skilvirkni.

Til að skilja þversögnina um skilvirkni þarf fyrst að skilja á milli tvenns konar skilvirkni, þ.e. annars vegar skilvirkni aðfanganna (e. resource efficiency) og hins vegar skilvirkni flæðis (e. flow efficiency). Að skilgreina skilvirkni aðfanganna (fólk, vélar o.s.frv.) er klassísk nálgun hefðbundinna stjórnunaraðferða en fæstir skoða skilvirkni flæðis, sem er það sem skiptir viðskiptavini mestu máli.

Skilvirkni flæðis

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að skilja skilvirkni aðfanganna en í nútímafyrirtækjum sem vilja búa til virði með viðskiptavinum sínum þá skiptir skilvirkni flæðis ekki síður ef ekki meira máli. Það er í raun tilgangslaus að státa sig af því að hafa góða nýtingu á fólk, kerfum o.s.frv. ef viðskiptavinir upplifa bið, galla og annars konar óþægindi þegar þeir eiga viðskipti við fyrirtækið. Hefð-

bundnar hugmyndir um skilvirkni passa oft ekki inn í samkeppnisumhverfi nútímafyrirtækja. Hvað þá að hugmyndir um 100% nýtingu fólks sem „aðfanga“ sé eitthvað sem nútímafólk tengir við.

Mikil vinna ekki sama og framleiðni

Hugmyndir okkar um framleiðni eru af sama meiddi þ.e. það að vinna mikið og lengi er ekki það sama og að hafa háa framleiðni. Flest fyrirtæki leggja mikið á sig til að mæla hversu duglegt fólk er að mæta á réttum tíma, sjá til þess að það sé við vélina (tölvuna) og endurtaki sömu hlutina aftur og aftur. Flókin kerfi halda utan um hver gerir hvað í hversu langan tíma og spár/áætlanir eru notaðar til að skipuleggja framvindu starfseminnar. Þetta hefur hins vegar lítið eða ekkert að gera með framleiðni, sem mælir gegnumstreymi eða hvað við fáum út úr hlutunum miðað við það hversu mikið við leggjum í hlutina. Það er því mikilvægt að skoða vel tímann sem notaður er í aðgerðir og ferla fyrirtækisins með það að leiðarljósi að minnka tímanotkun og þannig auka framleiðni. Þetta gæti þýtt að við ættum í raun að finna leiðir til að stytta vinnudaginn en ekki lengja hann og skapa þannig aðstæður þar sem allir hagsmunaaðilar vinna. Versta leiðin til að auka framleiðni er að auka álag á fólk eða ferla, þ.e. að biðja fólk um að vinna hraðar eða að borga fólk einstaklingsbónusa. Slíkar aðferðir eru gamaldags og byggja á þeirri hugmynd að fólk sé hálfmennskir róbótar og er ekki hluti af því sem

kallað er nútímastjórnunaraðferðir. Mörgum fyrirtækjum er ljóst að nútímastjórnunaraðferðir og nútímastarfsfólk kallar eftir nýjum stjórnunaraðferðum og fyrirtækjamenningu sem fóstur hugmyndaauði, sköpunargáfu og ástríðu starfsfólks til að gera góða hluti.

Ein af þeim stjórnunaraðferðum sem horfir öðruvísi á hlutina og setur fókusinn á það hvernig virði verður til og hvernig viðskiptavinir upplifa þetta virði er straumlínu-stjórnun eða „lean“. Lean er sennilega útbreiddasta stjórnunaraðferð okkar tíma. Dæmi um lean má finna í öllum iðnaði og gerðum fyrirtækja og útbreiðsla lean á Íslandi hefur verið töluverð síðustu ár. Þrátt fyrir þessa miklu útbreiðslu um allan heim er grunnhugmyndafræðin oft illa skilgreind og almennt misskilin.

Fimmtudaginn 11. júní mun Niklas Modig halda fyrirlestur og vinnustofu sem ber heitið „This is Lean“ í Háskólanum í Reykjavík. Þar mun hann fara yfir inntakið í lean og afburða rekstrarstjórnun (e. operational excellence). Niklas hefur varið miklum tíma við rannsóknir hjá Toyota og hefur skoðað þjónustusvið þeirra með það fyrir augum að skilja hugmyndafræði Toyota og hvernig fyrirtæki notar sína hugmyndafræði utan framleiðsluferlanna. Niklas hefur áunnid sér sess sem einn fremsti lean-fyrirlesari heimsins í dag þegar kemur að lean í þjónustu og lean í stjórnun. Hann gaf út bókina „This is Lean – Resolving the Efficiency Paradox“ árið 2012. Skráning og nánari upplýsingar má finna á www.manino.is.

Ber stjórn endanlega ábyrgð á starfsemi hlutfélags?



Lítil sveigjanleiki við kjarasamninga er ein skýring á fjölda verkfalla í opinbera geiranum að sögn dósents:

Fleiri verkföll hjá hinu opinbera

Um 40,8 prósent tapaðra vinnudaga vegna verkfalla á árunum 1977 til 2009 komu til vegna verkfalla opinberra starfsmanna þrátt fyrir að einungis tæplega fimmtungur þeirra sem eru á vinnumarkaði starfi hjá hinu opinbera.

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, segir ástæðuna fyrir svo tíðum verkföllum opinberra starfsmanna m.a. vera að

kjarasamningagerð sé miðstýrðari en á almenna vinnumarkaðnum.

Gylfi segir að það væri til bóta ef sveigjanleiki yrði aukinn við launaákvæðanir þar sem stofnanasamningar myndu virka sem skyldi.

Þá hafi sumar stéttir opinberra starfsmanna einnig dregist aftur úr í launum. Gylfi nefnir þar sem dæmi lækna, sem fóru í verkfall í byrjun árs, og hjúkrunarfræðinga, sem nú eru í verkfalli.

Þá hafi opinberir starfsmenn oft mætt afgangi við kjarasamningagerð og sjaldan hafi verið gripið til sérstakra aðgerða til að liðka fyrir kjarasamningum þeirra eins og þekktist á almennum vinnumarkaði.

Opinberir starfsmenn hafi oft meiri verkfallsvilja, hópurnir sé einsleitari og þeir hafi sterkari sanningsstöðu.

- ih



MÓTMÆLI Félagsmenn BHM mótmæla bágum kjörum við Lækjartorg. Hluti félagsmanna þeirra hefur verið í verkfalli frá 7. apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



VIÐ VINNU Fjárfesting jókst um tæplega fjórðung á fyrsta ársfjórðungi.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Innflutningur eykst verulega:

Hagvöxtur 2,9 prósent

Hagvöxtur mældist 2,9 prósent samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi þessa árs.

Innflutningur jókst verulega eða um 17,4 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Útflutningur jókst hins vegar aðeins um 2,7 prósent.

Fjárfestingar jukust einnig talsvert eða um 23,5 prósent milli ára.

Þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, jukust um 9,9 prósent.

Einkaneysla jókst um 3,9 prósent og samneysla um 1,5 prósent.

- ih



KAUPHÖLLIN Mikil viðbrögð hafa verið við boðuðu afnámi gjaldeyrishafta í Kauphöll Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Miklar hækkningar á markaði:

Vel tekið í haftalosun

Mikil velta var á skuldabréfa- og hlutabréfamarkaði í Kauphöll Íslands í gær. Hlutabréf allra félaga í Kauphöllinni hækkuðu í verði að Eik undanskilinni sem og flest skuldabréf.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá greiningardeild Íslandsbanka, segir hækkunirnar skýrast af jákvæðum viðbrögðum markaðsaðila af tíðindum um afnám fjármagnshafa.

„Það eru væntingar um betri tíð í efnahagnum,“ segir Jón Bjarki.

- ih

Spennandi tækifæri
í fjármálaþjónustu
á Keflavíkurflugvelli

Isavia óskar eftir tilboðum í fjármálaþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Fjármálaþjónustan felur m.a í sér:

- Gjaldveirsluþjónusta
- Hraðbanka
- Endurgreiðsla á virðisaukaskatti

Fjármálaþjónustan felur m.a í sér:

- Gjaldveirsluþjónusta
- Hraðbanka
- Endurgreiðsla á virðisaukaskatti

Gjald vegna tilboðsgagna er 15.000 krónur.

Allar nánari upplýsingar á: kefairport.is/businessopportunities

Margverðlaunaður flugvöllur
Keflavíkurflugvöllur hlaut á dögunum viðurkenningu sem besti flugvöllur Evrópu 2014 í viðamikilli þjónustukönnun Alþjóðasamtaka flugvalla, Airports Council International. Sumarið 2014 fékk flugvöllurinn jafnframt sæti á heiðurslista samtakanna — ACI Director General's Roll of Excellence.

43 MILLJARÐA LÆKKUN

Leiðréttingin hefur áhrif

Afkoma ríkissjóðs á fyrstu þremur mánuðum þessa árs versnaði vegna leiðréttingar ríkisstjórnarinnar á verðtrygðum húsnæðislánum samkvæmt gögnum frá fjármálaráðuneytinu. Handbært fé minnkaði verulega og var neikvætt um 43 milljarða króna samanborið við 3,7 milljarða hækkun á handbæru fé árið 2014.

09.06.2015 Klukkan hálf tólf í morgun var haldinn kynningarfundur fyrir þingmenn varðandi frumvörp sem eru hingað á leiðinni um losun hafta. Tilkynning um þann fund barst þingmönnum klukkan 21 mínútu yfir ellefu. Nú veit ég að forseti hafði fyrir því að þessi kynningarfundur yrði haldinn en það er áhyggjuefni að ríkisstjórnin hafði ekki planlagt að halda svona kynningarfund og það hafi ekki verið hluti af dagskránni á þessum degi að ræða við stjórnarandstöðu.

Róbert Marshall, þingmaður Bjartrar framtíðar



3,7 MILLJARÐA BRÉF

Arion stækkar skuldabréfaflokka

Arion banki hf. lauk á föstudag útboði á tveimur útstandandi flokkum sértrygðra skuldabréfa sem skráðir eru á Nasdaq Íslandi. Verðtrygðir flokkurinn ARION CBI 21 var stækkaður um 600.000.000 kr. á ávöxtunarkröfunni 3,31% og verðtrygðir flokkurinn ARION CBI 29 var stækkaður um 3.120.000.000 kr. á ávöxtunarkröfunni 3,45%. Skuldabréfaflokkarnir eru verðtrygðir með vísitölu neysluverðs og hafa verið teknir til viðskipta á Nasdaq Íslandi.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Vel heppnað útspil, en hvað svo?

Ljóst er að tillögur ríkisstjórnarinnar um losun gjaldeyrishaftanna mælast vel fyrir. Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar, ráðgjafar og aðrir eiga hrós skilið.

HVAÐ VARÐAR slitabúin eru kröfuhöfum í raun gefnir afarkostir: Annaðhvort ná þeir nauðasamningum við slitastjórnir bankanna fyrir næstkomandi áramót, eða sæti að öðrum kosti skattlagningu sem næmi 39% af verðmæti heildareigna slitabúanna við áramót.

EFTIRTEKTARVERT var hversu miklu þúðri var eytt í skýringu á stöðugleikaskattinum, en síðar kom í ljós að drög að samkomulagi liggja fyrir við slitastjórnir Kaupþings og Glitnis. Hafa drögin hlotið samþykki stærstu kröfuhafa hvors banka, og verður að teljast langlíklegast að nauðasamningar verði ofan á og aldrei komi til skattheimtunnar.

MEÐ NOKKURRI einföldun tryggir nauðsamningsleiðin íslenska ríkinu hagnaðarhlutdeild í framtíðarafkomu nýju bankanna, auk þess sem búin láta af hendi tilteknar eignir og kröfur sem síðar gætu valdið gjaldeyrisútlæði. Fjárhagslegu áhrifin á ríkissjóð eru því sennilega sambærileg við skattaleiðina.

HVAÐ SEM ÞVÍ LÍÐUR er niðurstaðan góð, og merkilegt að tekist hafi að vinna samkomulag við kröfuhafana á löngum tíma því sem næst í kyrrþey. Enn merkilegra er svo ef rétt reynist að nýir eigendur að Íslandsbanka verði kynntir til leiks á næstu dögum.

SAMHLIÐA var lögð fram tillaga um hvernig á að leysa snjóhengjuvandann svokallaða, þ.e.a.s. krónuinnistæður erlendis. Er í þeim efnum lagt til að krónueigendur eigi tvo kosti; þátttöku í gjaldeyrisuppbóði, eða kaup á langtímaríkisskuldabréfum. Þeir sem ekki velja annan þessara kosta lenda í því að krónur þeirra verða festar á vaxtalausum krónureikningum til langs tíma.

LJÓST ER AÐ í báðum tilfellum eru fjárfestum gefnir afarkostir: annaðhvort taka þeir tillögum stjórnvalda eða hljóta verra af. Líklega er slík aðferðafræði vænlegust til að leysa vandann. Það er allt eða ekkert, og bara eitt skot í byssunni, eins og einhver sagði.

NÚ PEGAR raunhæf lausn á uppgjöri slitabúanna og snjóhengjunni liggur fyrir þarf að huga að næsta skrefi, þ.e.a.s. afléttingu haftanna sjálfra og framtíðarskipan gjaldeyrismála í landinu.

VISSULEGA er í kynningu stjórnvalda mælt fyrir um verulegar tilslakanir til fjárfestinga erlendis fyrir einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði. Í þeim efnum vantar hins vegar eðlilega kjöt á beinin, enda frekari útfærslu að vænta með haustinu.

Í FRAMHALDI þarf svo að ræða stóra málið: Er krónan raunhæfur valkostur til frambúðar?

HAGSAGAN á lýðveldistímanum bendir eindregið til að svo sé ekki.

Heilbrigðissvið Fastus

Fastus býður uppá vandaðar lausnir fyrir fyrirtæki og stofnanir á heilbrigðissviði ásamt því að finna lausnir og aðstoða við val á vörum til einstaklinga.



Stuðningshlífar



Æfingatæki



Næringarvörur eru í samningi við Sjúkratryggingar Íslands

Næringarvörur



Hjálpartæki



Vönduð rúm og húsgögn



Veit á vandaða lausn

bílaplan.is



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

RENAULT CLIO COMFORT DIESEL árg. 2013 ek. 23 Pkm, 5 gíra, álfelgur, sparibaukur, verð áður 1980 þús tilboðsverð nú 1590 Þús gsm 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

CITREN XSARA PICASSO 1,6 EXCLUSIVE árg. 2007 ek. 139 Pkm, 5 gíra, tekur 3 barnastóla létt, nýleg tímareim og kúpling,verð áður 980 þús tilboðsverð nú 499 Þús !! möguleiki á 100% vísaláni, gsm 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

HONDA ACCORD 2,4 EXECUTIVE árg. 2006 ek. 139 Pkm, sjálfsk, leður, toppluga, álfelgur ofl. verð áður 1580 þús tilboðsverð nú 990 Þús !! möguleiki á 100% vísaláni, gsm 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

HYUNDAI SANTA FE DIESEL árg. 2006 ek. 177 Pkm, sjálfsk, krókur, álfelgur ofl. verð áður 1390 þús tilboðsverð nú 990 Þús !! möguleiki á 100% vísaláni, gsm 893-9500



ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA !

LEXUS IS 200 árg. 2003 ek. 153 Pkm, 6 gíra, álfelgur ofl. 1 eigandi, 100% þjónustaður, ný tímareim, tilboðsverð nú 890 Þús !! möguleiki á 100% vísaláni, gsm 893-9500

Bílaplan.is
Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík
Sími: 552 6000
www.bilaplan.is

ISABAND.IS



2015 NÝR FORD F350 PLATINUM

Nýr og öflugri en áður, Diesel 440hö, Mjög vel búinn bíll, Verð aðeins 11.990þkr, Komdu og kynntu þér málið útvægum allar gerðir af F350, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

Íslensk-Bandaríska ehf
Pverholt 6, 270 Mosfellsbæ
Sími: 534 4433
Opíð 10-18.00 og lau 11-15
http://www.isband.is

100 bílar.is



BMW 325 XI - 7/2007 - ek 104 þkm - Sportsæti - Professional græjur - Ljósapakkí - Loftpúðar í sætum með þrengingu - Flottur bíll - Er á staðnum - Góð heilsársdekk - 4x4 - Verð 3.490.000. Raðnr 151729



Nissan Leaf Acenta 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll - 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eignum 2 stk í mismunandi litum - Verð 3550þús er á staðnum. Raðnr 151734



Ford F350 Platinum 2015 árgerð, 6,7 dísel power stroke, 440 hö, mjög flottur og vel búinn bíll, er á staðnum, raðnr 110313, Verð 11990 þús (ath pallhúss ekki með í verði)

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00, Lau 11-15
www.100bilar.is



Suzuki fjörgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eignum til flestar stærðir á lager.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

NÝJA BÍLAHÖLLIN



BÍLL DAGSINS !!!

TOYOTA Land Cruiser 90 vx. Árgerð 2001, ekkinn 257 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Bíllinn er á staðnum Verð 1.890.000. Rnr.210628.

Nýja bílahöllin
Eirhöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is

CLASSICBILAR.IS



OPEL Zafira 7manna. Árg 2007, ekkinn 139þ bensín, sjálfskiptur. TILBOÐ 990þ möguleiki á 90-100% VÍSA-rað láni Rnr.100709.



NÝR !

TOYOTA AVENSIS STATION 2.0D Árg 2015, ekkinn 0 KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.790P Rnr.100749. Eignum fleiri líti!



Classicbilar.is
Gilsbúð 3, 210 Garðabær
Sími: 517 9500
www.classicbilar.is



ALVÖRU SPORTBÍLL !!!

M.BENZ SLK 200 KOMPRESSOR árg. 2004 ek. 4 Pkm !!! 1 eigandi frá upphafi, kemur nýr til landsins, HVAÐ GETUM MAÐUR SAGT ANNAÐ EN VÁ !! verð 3990 Þús, gsm 893-9500



TILBOÐ DIESEL !!!

TOYOTA LANDCR. 120 GX árg. 2008 ek. 186 Pkm, sjálfsk, krókur ofl. 1 eigandi, 100% þjónustaður, ný tímareim og spíssar ofl. Tilboðsverð nú 3890 Þús !!! gsm 893-9500



TILBOÐ BENZÍN!!!

TOYOTA LANDCR. 120 GVX árg. 2007 ek. 108 Pkm, sjálfsk, krókur, leður, 8 manna ofl. 2 eigendur, 100% þjónustaður, Tilboðsverð nú 3690 Þús !!! gsm 893-9500

Bill.is
Sími: 577 3777
www.bill.is


Bílar til sölu



KAUPUM BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKURERÐ

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

250-499 þús.



FLOTT CELICA -TILBOÐ 450 ÞÚS

TOYOTA CELICA 1,8 VVT-I 6 gíra, árg 99 ek.165 þús, sk.16, góðar græjur, skemtilegur bíll sem lýtur vel út en þarfnast lagf. ásett verð 800 þús TILBOÐ 450 þús s.841 8955



TILBOÐ 390 ÞÚS - VÍSALÁN

VW PASSAT COMFORTLINE STATION árg 2001 ek.184 þús, sjálfskiptur, sk.16, ásett verð 490 þús TILBOÐ 390 ÞÚS MÖGULEIKI Á 100% VÍSALÁNI s.841 8955

500-999 þús.



FRÁBÆR FJÖLSK. BÍLL. TILBOÐ 590 ÞÚS

FORD FOCUS C-MAX 2004 ek.148 þús, ný skodaður 16, ný kúpling, ný dekk ofl.dráttarkrúkur, rúmgöður og skemtilegur fjöldskyldubíll ásett verð 850 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is: 5514000

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á
www.vikurverk.is



Hjólhýsi

PLANID
bilarala
517 0000

Stærstir í hjólhýsum!

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!
Korputorgi
112 Reykjavík - Sími 517 0000
planid@planid.is - www.planid.is
/bilasalanplanid

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR

JAPÓNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítillir Hjólátir
Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-140 hö

Miðbraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Viðgerðir


Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningabjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



til sölu

75 þekkt næringarefni.

Nýttu fæðuna betur.
Vertu í betra formi.

Aloe Vera heilsunnar vegna.



Hlíf og Magnús
S. 822 8245 - 822 8244
maggi.d@internet.is
Sjálfstæðir dreifingaraðilar
Forever Living Products

fasteignir

MIKLABORG og Hilmar Jónasson kynna
Vel staðsett
bílasala á Höfðanum

Í húsnæðinu hefur verið starfrækt bílasala í tugi ára, gott útsvæði ásamt rúmgóðum innisali. Langtímaleigusamningur í boði.

Góð heimasíða, tölvukeyfi, sölukerfi, símkerfi og allar nauðsynlegur búnaður innifalinn. Í húsnæðinu er góð starfsmannaaðstaða á milli lofti, eldhúsi og fundarherbergi.

Uppfærð söluskrá fylgir með um 700 bílum á skrá. **Ekkert annað að gera hjá kaupanda en að byrja að selja, frábær bílasöluhlutfæri framundan.**

Verð: **8,9 millj.**

Nánari upplýsingar veitir
Hilmar Jónasson
sölufulltrúi
sími: 695 9500
hilmar@miklaborg.is

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
MIKLABORG Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Ásvallagata 2. Efri hæð og ris.

OPIÐ HÚS Í DAG



OPIÐ HÚS

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45


Glæsileg 103,7 fm. efri hæð og ris í reisulegu steinsteyptu þrjúþingahúsi á frábærum stað á horni Ásvallagötu og Ljósavallagötu. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á umliðnum árum og er í góðu ástandi. Samliggjandi stofur með gluggum í þrjár áttir. Aukin lofthæð er á hæðinni og gíflistar og rósettur eru í loftum. Lóðin er virkilega falleg og hellulagðar stéttir eru með lýsingu í og hitalögnum undir. Verð 54,9 millj. Frábær staðsetning á eftirsóttum stað við miðborgina. Verið velkomin.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt
úrval íbúða til sölu
eða leigu!



Garðyrkja



Smávélavíðgerðir, víðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, sláttutraktar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málara

Get bætt við mig verkefnum. Þórir málameistari S. 893 1342

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar



tilkynningar



Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi að Hofi í Öræfum

Aðalskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 04. júní að auglýsa lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi 2012-2030. Forsendur breytingar felast annars vegar í að stækka atvinnusvæði sunnan Hringvegur og hins vegar að afmarka íbúðarsvæði norðan Hringvegur.

Gert er ráð fyrir að stækka atvinnusvæði, um 9 ha. svæði fyrir verslun og þjónustu. Umrætt svæði er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi. Ferðaþjónusta er ein af helstu atvinnugreinum Hornafjarðar og fjöldi erlendra ferðamanna sem sækja sveitarfélagið heim hefur aukist mikið á undanförunum árum. Gert er ráð fyrir að afmarka íbúðarsvæði norðan Hringvegur – ofan við félagsheimilið Hofgarð, um 5,5 ha. að stærð. Eftirspurn hefur verið eftir að byggja íbúðarhúsnæði við Hof.

Breytingartillagan er ekki matskyld og því ekki háð lögum nr. 105/2006. Hins vegar verður gerð almenn grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingartillögu á umhverfið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulag Hofi– lýsing

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 4. júní 2015 að auglýsa lýsingu að deiliskipulagi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing að deiliskipulagstillögu felur í sér eftirfarandi ma.; Skipulagssvæðið skiptist í tvö megin svæði A og B þar sem byggja á upp á áður óbyggðu landi. Að auki er fyrirhuguð stækkun og endurnýjun íbúðar og útihúsa við Hof.

Lýsingar vegna aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulags að Hofi ásamt fylgigögnum verður til sýnis í ráðhúsi sveitarfélagsins Hafnarbraut 27 á opnunartíma frá og með 10. júní til og með 25. júní og á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefin kostur á að gera athugasemdir við aðalskipulagsbreytingu og lýsingu deiliskipulags að Hofi. Frestur til að skila athugasemd er til 24. júní 2015 og skal skilað skriflega á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Skipulags- og byggingafulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökum og tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu



Flottur 5 m.veggkælir fyrir snill fyrir gos og matvörur. Snilldar lausn. uppl. 820-518



Nú getur þú útbúið sálmaskrá á heimasíðu okkar www.samskipti.is eða látið okkur gera hana fyrir þig. S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

Gömul vagnhjól til sölu. Uppl. í s. 699 7762

Lithium geymar í rafmagnsvespur til sölu. Seljast ódyrt. Uppl. í s. 846 6245

NULL

Flottur 5 m.veggkælir fyrir snill fyrir gos og matvörur. Snilldar lausn. Tilboð óskast. Uppl. 820-518

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarölía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskútu, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökuþróf og aksturmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði óskast

Reglusamur, rólegur einstæður faðir óskar eftir einstaklingsíbúð. Skilvísnum greiðslum heitið. Uppl. í s. 781 2727

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITTI.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 555 3464

SUMARTILBOÐ

GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA

Atvinna í boði

KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR

Óskar eftir starfsmanni í eldhúsi. Viðkomandi þarf að vera með reynslu af matreiðslu og geta unnið undir álagi. Unnið er á kokkavöktum. Ráðið verður í starfið strax.

Umsóknir berist á
10dropar@gmail.com.

CAFÉ ROSENBERG

Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslustörf. Íslensku kunnátta skilyrði.

Café Rosenberg S. 551 2442 & Þórður 862 2492

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Smiðir óskast í tímabundin verkefni. Upplýsingar í síma 8652300.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Panasonic

FYRIR KRÖFUHARÐA



**AÐEINS
20stk.**

Panasonic TX60AS800E

60" 3D Smart VIERA Direct IPS LED sjónvarp með 1920 x 1080p upplausn. HEXA-Processing Engine Pro. Local Dimming og Clear Panel. 1800 Hz Back Light Scanning. Studio Master Color. Infinite Contrast Filter. Intelligent Frame Creation Pro. Sjónsvið (H/V): 178°/178°. Pro 24p Smooth Film/ Play Back. VIERA Connect nettenging með opnum vafra. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen. Wi-Fi Práðlaus móttakari. TV Anywhere. 2 stafrænar DVB-T/T2, DVB-S/S2 móttakarar. Skype myndavél innbyggð. App til að nota með iPhone eða Android símun / spjaldtölvum. Viera Touch Pad fjarstýring fylgir. 18w Nicam Stereó V-Audio ProSurround 2.1 hljóðkerfi. 3 x USB tengi og SDXD kortalesari. USB upptaka. 4x HDMI, 1x Scart, Component. 2CI raufar, Composite, RCA tengi, heyrnatóstengi. DNLA 1.5 og Optical út. 2 stk 3-D gleraugu fylgja.

TILBOÐ

299.990

VERÐ ÁÐUR 469.990

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS


Official 3D Equipment Partner

Panasonic



Veðurspá Miðvikudagur

Í dag verður vindur með hægasta móti á landinu. Það verður skýjað og einhver rigning um allt land. Hiti á bilinu 6 til 12 stig.



Fimmtudagur

| | | |
|-------------|----------------|-------------|
| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| | | |
| 8° | 2° | 5° |
| ↘3 | ↘8 | ↘6 |
| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
| | | |
| 4° | 5° | 3° |
| ↘7 | ↘6 | ↗2 |

Föstudagur

| | | |
|-------------|----------------|-------------|
| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| | | |
| 5° | 5° | 5° |
| ↘8 | ↘5 | ↘4 |
| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
| | | |
| 6° | 5° | 2° |
| ↘6 | ↘2 | ↘4 |

| | | | | | |
|----|----|----|----|----|----|
| 1 | | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | | 8 | | |
| 9 | | 10 | | 11 | |
| 12 | | | 13 | | |
| | 14 | | | | 15 |
| 16 | | | 17 | | |
| 18 | | 19 | | 20 | |
| 21 | | | | | |

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. sálar, 6. hljóm, 8. dýrahljóð, 9. hvíld, 11. Átt, 12. æxlunarfæri blóms, 14. rót, 16. tvíhljóði, 17. svipuð, 18. líkamspartur, 20. drykkur, 21. ilma.

LÓÐRÉTT

1. hirsla, 3. númer, 4. sprengiefni, 5. óhreinka, 7. árdegi, 10. skír, 13. kostur, 15. Klettur, 16. upphrópun, 19. pfn.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. anda, 6. óm, 8. rýti, 9. lot, 11. na, 12. fræva, 14. grams, 16. au, 17. lík, 18. hné, 20. te, 21. anga. LÓÐRÉTT: 1. hólf, 3. nr, 4. dýnamít, 5. átá, 7. morgun, 10. tær, 13. val, 15. sker, 16. aha, 19. ég.

Myndasögur


PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



SKÁK

Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson (2.397) vann glæsilegan sigur á Michael Schaefer (2.165) í þriðju umferð Sardiníu-mótsins.



Hvítur á leik

23. Hxe6!! fxe6 24. Hxe6! Hc1+ 25. Kh2 Df1 26. He1!! Dxe1 27. Re7+ Kh7 28. Df5+ Kh8 29. Dxf8+ Kh7 30. Dg8#. Glæsilega teft hjá Friðriki sem virðist engu hafa gleymt!

www.skak.is: Allt um Sardiníu-mótið.

365.is
Sími 1817

LIFÐU Í NÚLLINU!

0 kr.

Þú færð GSM áskrift, internet og heimasíma fyrir 0 krónur með völdum sjónvarpsöðum 365.

0 kr.

4 GSM áskriftir
60 mín. og 60 SMS*

0 kr.

Internet
20 GB

0 kr.

Heimasími
100 mín.**

*60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift. **Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma.

SUDOKU

| LÉTT | | | | | MIDLUNGS | | | | | PUNG | | | | |
|------|---|---|---|---|----------|---|---|---|---|------|---|---|---|---|
| 7 | 2 | 8 | | 6 | | 1 | 4 | 2 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | | | 7 | 1 | | | | 5 | 2 | | | 6 | | 2 |
| | | 8 | 2 | 6 | | | | | 7 | | 4 | 7 | 5 | 6 |
| | 1 | | 9 | | 1 | 3 | 6 | | 9 | 6 | 9 | 2 | | 8 |
| | | | | 9 | | | 5 | 3 | 7 | | 8 | | 2 | |
| 5 | 3 | | | | | | 7 | 1 | | | | 4 | | 3 |
| | | | 6 | 8 | 3 | 2 | 4 | 5 | | | | 4 | | 6 |
| 4 | | | | 5 | | | | | 9 | | 5 | | 3 | |
| | 2 | 1 | 4 | 3 | | 6 | | | 8 | 8 | 1 | 5 | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 2 | 6 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 8 | 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 4 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 2 | 6 | 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 5 | 3 | 6 | 7 | 4 |
| 6 | 7 | 3 | 4 | 1 | 2 | 5 | 9 | 8 |

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

SECRET×SOLSTICE×2015

DAGUR ALLA NÓTTINA × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ

WU-TANG CLAN [US]

FKA TWIGS [UK] CHARLES BRADLEY [US]

KELIS [US] THE WAILERS [JM] GUSGUS [IS]

MØ [DK] FLIGHT FACILITIES [AU] HAM [IS]

HJÁLMAR [IS] HERCULES & LOVE AFFAIR [US]

NIGHTMARES ON WAX LIVE [UK]

Í STAFRÓFSRÖÐ

AGENT FRESCO [IS] BAM MARGERA'S EARTH ROCKER / FFU [US]

FM BELFAST [IS] FOREIGN BEGGARS [UK] GÍSLI PÁLMI [IS]

GREEN VELVET [US] GUTI LIVE [AR] HEIDI [UK] HELGI BJÖRNS [IS]

KINK LIVE [BG] MISS KITTIN [US] MOODYMANN [US] MUGISON [IS]

NICK CURLY [DE] RETRO STEFSON [IS] ROUTE 94 [UK] SKREAM [UK]

STORMZY [UK] SUBMOTION ORCHESTRA [UK] ZERO 7 DJ [UK]

TOTALLY ENORMOUS EXTINGUISHED DINOSAURS DJ [UK] O.F.L.

NÍU DAGAR Í EINA STÆRSTU TÓNLEIKAVEISLU SUMARSINS

HVAR VERÐUR ÞÚ ÞEGAR SUMARIÐ NÆR HÁMARKI?

MIÐASALA Á WWW.TIX.IS,
Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK



SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE



Fylltar paprikur með grænmeti og kúskús

Auðvelt er að breyta uppskriftinni eftir smekk og henta paprikurnar sem forréttur, aðalréttur eða meðlæti.

2 rauðar paprikur, ýmist skornar í tvennt og stilkurinn látinn halda sér eða bara lokið skorið af.
 ½ kúrbíttur, skornir í litla bita
 6-8 kirsuberjatómatar, skornir í litla bita
 ½ græn paprika, fræhreinsuð og skorin í litla bita
 4-5 sveppir, skornir í litla bita
 1 tsk. karrí
 1-2 msk. ólífuolía

80-100 g fetaostur
 100 g kúskús
 Rifinn ostur
 Salt og nýmalaður pipar
 1-2 msk. fersk krydd, t.d. graslaukur, basilíka eða rósmarín.
 Það er um að gera að nota það grænmeti sem þið eigið inni í ísskáp, það er hægt að nota hvaða grænmeti sem er. Um að gera að prufa sig áfram.

Hitið ofninn í 200°C. Skolið grænmetið vel og fræhreinsið paprikurnar. Sjóðið kúskús samkvæmt leiðbeiningum á pakkanum.

Blandið grænmetinu, fetaostinum og kúskúsinu saman í skál, kryddið vel með karrí, salti og pipar. Deilið grænmetisblöndunni jafnt niður á paprikurnar. Stráið rifnum osti yfir og dreypið olífunni líka yfir þær.

Bakið í ofni í 25-30 mín við 200°C. Þegar paprikurnar eru komnar út úr ofninum er gott að saxa ferskar kryddjurtir og strá yfir.

Mjög sniðugt er að bæta t.d. kjúklingi eða hakki við, tilvalið að nota afganga í þennan rétt.

Uppskrift fengin af evalaufeykjaran.com



GIRNILEGAR Paprikurnar eru heldur betur girnilegar. MYND/EVALAUFEY

Þjóðhátíðarlagið sannkallaður Sálarslagari

Stefán Hilmarsson segir að Sálín hans Jóns míns leiti í ræturnar í Þjóðhátíðarlaginu í ár. Hann bætir því við að ákveðin kúnt sé að setja saman lag fyrir tilefni sem þetta. „Maður setti sig í ákveðnar stellingar, textinn þarf að ríma við tilefnið,“ segir hann.

Þjóðhátíðarlagið í ár í flutningi Sálarinnar hans Jóns míns verður frumflutt á föstudag og er óhætt að segja að beðið sé eftir því með spenningi. Þjóðhátíðarlagið vekur gjarnan mikla athygli og vinsældir Sálarinnar gera væntanlega lítið annað en að auka eftirvæntinguna. „Þetta er í fyrsta sinn sem við semjum lag fyrir hátíðina í nafni sveitarinnar. Sálín sem slík hefur ekki gert svona lag áður,“ segir Stefán Hilmarsson, söngvari sveitarinnar. Hann segir það ákveðna kúnt að setja saman lag og texta fyrir Þjóðhátíð. „Ég reyndi að hafa textann þökkalega haganlegan, hæfilega Eyjalegan, en sémilega almennan, með „dassi“ af sumri og rómantík,“ útskýrir Stefán, sem samdi textann við lag Guðmund-

ar Jónssonar. Segja má að lagið sé klassískur Sálarslagari. „Já, við ákváðum að hafa þetta frekar einfalt og í okkar stíl. Kannski er þetta svolítið afturhvarf, þetta er sannkölluð sálarmúsík.“

Stefán segir að huga þurfi að ýmsu þegar texti við svona lag sé saminn. „Maður setur sig kannski í ákveðnar stellingar. Textinn þarf að ríma við tilefnið. Fólk þarf að geta lært textann þökkalega og hann þarf að vera grípandi. Svona texti er ekki hristur fram úr erm-inni.“

Söngvarinn segir að sveitin, sem lék fyrst á tónleikum í mars 1988, sé enn í fullu fjöri. „Við erum virkir. Höfum kannski oft verið virkari, en komum fram annað lagið.“

- kak



„Þetta er í fyrsta sinn sem við semjum lag fyrir hátíðina í nafni sveitarinnar. Sálín sem slík hefur ekki gert svona lag áður.“

Stefán Hilmarsson

TILBÚNIR Í SLAGINN Sálín hans Jóns míns frumflytur Þjóðhátíðarlagið á föstudaginn.

40.000

fréttapýrstir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgaustu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

FRÉTTABLAÐIÐ



WU-TANG CLAN Hljómsveitin hefur starfað frá árinu 1992.

NORDICPHOTOS/GETTY

Eiga von á rapparanum Method Man

Ósk Gunnarsdóttir, upplýsingafultrúi Secret Solstice, segist búast við öllum níu meðlimum Wu-Tang Clan.

Rapparinn Method Man, sem einna þekktastur er fyrir að vera meðlimur Wu-Tang Clan, deildi á Instagram-síðu sinni texta þar sem kemur fram að hann sé ekki með á Evróputúr sveitarinnar, sem líkt og kunnugt er kemur fram á Secret Solstice-hátíðinni sem fer fram hér á landi 19.-21. júní næstkomandi.

„Þegar við bókuðum þá fyrir nokkrum mánuðum þá bókuðum við Wu Tang Clan,“ segir Ósk Gunnarsdóttir, upplýsingafultrúi hátíðarinnar.

„Við höfum ekki fengið neina tilkynningu frá þeim eða þeirra teymi um að hann komi ekki,“ segir hún og bætir við að sveitin sé fjölmenn og eftir því sem þau best viti komi allir níu meðlimir sveitarinnar til landsins.



METHOD MAN

- gló

Litlu munaði í pitsugerðarkeppni sem fram fór í Hollandi

Íslenska Domino's-liðið var hársbreidd frá því að komast áfram í keppninni. Íslendingarnir eru bjartsýnir og stefna langt í framtíðinni.

„Það munaði þremur sekúndum að við hefðum farið áfram,“ segir Bjarni Heiðar Halldórsson sem er rekstrarstjóri Domino's á Íslandi. Domino's á Íslandi sendi á dögnum lið í keppnina „Fljótasti pitsugerðarmaður heims“, en þetta er í annað sinn sem Domino's Pizza á Íslandi sendir lið í keppnina.

Keppnin fór fram í Leiden í Hollandi og tóku 22 einstaklingar þátt í mótinu. Það eru Domino's-markaðirnir í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Asíu sem standa fyrir keppninni. Í ár voru tveir einstaklingar sendir í keppnina frá Íslandi, þau Ívar Örn Ólafsson, vaktstjóri hjá Domino's í Hraunbæ, og Vilborg Lárusdóttir, vaktstjóri hjá Domino's á Akranesi. „Við erum með forkeppni innanhúss hjá okkur og tóku yfir tutugu manns þátt í henni. Í fyrra

fengum við bara að senda einn þátttakanda en sendum tvo í ár,“ segir Bjarni Heiðar um fyrirkomulagið. Í keppninni þurftu þau að fullklára þrjár pitsur, taka deigið úr kassa, fletja út, setja sósu og álegg og svo framvegis. „Okkar fólk var með tímann 1:05 en við hefðum þurft 1:02 til að komast í gegn.“ Bjarni Heiðar segir þó að við séum að stíga okkar fyrstu skref í keppni sem þessari og að reynslan skipti miklu máli. „Við erum óreynd í þessu, flestir hafa verið að senda sömu keppendurna í mörg ár. Þeir eru meira segja með þjálfunarmiðstöð í Bretlandi, þar sem fólk er þjálfað í æfingabúðum allt árið.“ Pali Grewal vann keppnina en hann á heimsmetið í pitsugerð og vann keppnina með því að fullklára þrjár pitsur á rúmum 32 sekúndum.



GAMAN SAMAN Hér eru þau Vilborg Lárusdóttir, Petra Marteinsdóttir, Ívar Örn Ólafsson og Bjarni Heiðar Halldórsson kát í Hollandi.



SEKUR Oscar Pistorius var dæmdur til fimm ára fangelsisvistar en mun líklega ekki sitja lengur en tíu mánuði inni.

Gæti losnað úr fangelsi í ágúst

Ef fram fer sem horfir verður ólympíuhlauparinn Oscar Pistorius látinn laus úr fangelsi í ágúst, eftir aðeins tíu mánaða fangelsisvist.

Pistorius var fundinn sekur um að hafa myrt eiginkonu sína, fyrir-sætuna Reeva Steenkamp, árið 2013 og dæmdur í október á síðasta ári, til að sitja í tugthúsinu í fimm ár. Nú er skilorðsnefnd sögð vera að meta hvort hann losni líkt og áður segir, nú í ágúst. Eru ættingjar Steenkamp æfir vegna þessa.

Pistorius skaut Steenkamp á heimili þeirra, og bar fyrir sig að hann hafi talið að um innbrotsþjóf væri að ræða.



FLOTTUR Cooper er sennilega mömmustrákur, en það ætti svo sem ekki að vinna gegn honum.

Engin kærasta bara mamma

Margir ráku upp stór augu þegar stórleikarinn Bradley Cooper steig á rauða dregilinn á Tony-verðlaunahátíðinni á sunnudagskvöldið. Voru menn almennt spenntir fyrir komu Coopers á svæðið þar sem gert var ráð fyrir að hann myndi frumsýna nýju kærustuna, ofur-fyrirsætuna Irina Shayk.

Þætti Cooper um betur og mætti með tvö glæsikvendi upp á arminn, og Shayk fjarri góðu gamni. Cooper mætti sumsé með mömmu sína og systur, og var mál manna að af honum hafi geislað.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
 ...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

ÍSLENSKUR
GÓÐOSTUR
 - GÓÐUR Á BRAUÐ -



SAMBÍÓIN SAMbio.is

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM STEVEN SPIELBERG
KEMUR EIN FLOTTASTA MYNDSUMARSINS

SUMARSTÓRMÝNDIR VERÐA EKKI STÆRRI EN ÞESS!
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!
FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA OG BRETLANDI.



DWAYNE JOHNSON
SAN ANDREAS



MAD MAX
98%
GEORGE CLOONEY

| ÁLFABAKKA | EGILSHÖLL | KEFLAVÍK | AKUREYRI |
|--|--|-------------------------------------|--|
| JURASSIC WORLD 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40 | JURASSIC WORLD 3D KL. 5:20 - 8 - 10:35 | JURASSIC WORLD 3D KL. 8 - 10:30 | JURASSIC WORLD 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| JURASSIC WORLD 2D VIP KL. 5:30 - 8 - 10:40 | SAN ANDREAS 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30 | SPY KL. 10:20 | SAN ANDREAS 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| SAN ANDREAS 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30 | SPY KL. 5:20 - 8 - 10:35 | TOMORROWLAND KL. 5:20 | TOMORROWLAND KL. 5:30 |
| TOMORROWLAND KL. 5:20 - 8 - 10:40 | TOMORROWLAND KL. 5:20 | MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:30 | MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:30 |
| GOOD KILL KL. 10:55 | MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:30 | JURASSIC WORLD 3D KL. 8 - 10:30 | JURASSIC WORLD 3D KL. 8 - 10:30 |
| MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40 | JURASSIC WORLD 3D KL. 5 - 8 | SPY KL. 10:20 | SAN ANDREAS KL. 8 |
| AVENGERS 2 2D KL. 5 - 8 | KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | SAN ANDREAS 3D KL. 8 - 10:30 | |
| SAN ANDREAS 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30 | SAN ANDREAS 2D KL. 8 - 10:40 | TOMORROWLAND KL. 5:20 | |
| TOMORROWLAND KL. 5:20 | HOT PURSUIT KL. 6 - 8 | MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:40 | |
| MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:40 | CHILD 44 KL. 10 | | |



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

JURASSIC WORLD




SPY
FRÁ LEIKSTJÓRA
BRIDESMAIDS OG THE HEAT



HRÚTAR


Sýningartímar á eMiði.is og miði.is




LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðala og nánari upplýsingar

POWERSÝNING
KL. 10:35



SAN ANDREAS



SPY

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

| | |
|-------------------|-----------------|
| JURASSIC WORLD 2D | 5, 8, 10:35 (P) |
| SAN ANDREAS 3D | 10 |
| SPY | 8, 10:30 |
| HRÚTAR | 4, 6, 8 |

Afmæli Kanyes var ótrúlegt

Kim Kardashian gaf eiginmanni sínum, Kanye West, heldur betur gjöf sem kemur til með að gleymast seint þegar hún leigði Staple Center, sem er aðalþróttahöllin í Los Angeles, undir 38 ára afmælisveislu hans. Höllin er jafnframt heimavöllur NBA-liðanna Clippers og Lakers en West er mikill körfuboltaunnandi.

Hjónin voru með höllina leigða í einn dag og á vef TMZ kemur fram að Kim hafi borgað yfir fjórtán milljónir króna fyrir leiguna.

Fjölskylda hjónanna og vinir voru í góðum gir en gestalistinn í gleðskapnum var stjörnum prýddur. NBA-stjörnurnar Russell Westbrook, John Wall og James Harden mættu í afmælis-körfuboltann. Þá voru stjórnur á borð við Justin Bieber, Tyga og Pusha T einnig á svæðinu. Bandaríski söngvarinn John Legend söng þjóðsönginn við góðar undirtektir.

Alvöru NBA-dómarar dæmdu afmælisleikinn og þá tóku klappstýrur Los Angeles Lakers nokkur dansspor til að létta mönnum lundina enn frekar og styðja við bakið á West.

Körfuboltaheftjurnar Kobe Bryant, Magic Johnson, Carmelo Anthony, Shaquille O'Neal og Scottie Pippen komu fram í myndböndum í afmælinu sem birtust á skjánum í Höllinni.



KÁTT Í HÖRPU Stuðmenn komu fram ásamt miklu fagfólki á vel heppnuðum tónleikum. Þó svo að sveitin troði ekki upp um hverja helgi er hún í fantaformi og minnti enn og aftur á sig sem ein allra flottasta hljómsveit íslenskrar tónlistarsögu.

Tónleikar sem enduðu með eins konar sveitaballi

TÓNLEIKAR ★★★★★

Stuðmenn

Sumar á Sýrlandi heiðurstónleikar
ELDBORGARSALURINN Í HÖRPU 5 OG 6. JÚNÍ

Hljómsveitin Stuðmenn kom saman um liðna helgi í Hörpu til þess að leika lög af sinni fyrstu breiðskífu, Sumar á Sýrlandi, sem kom út árið 1975. Það geta flestir verið sammála um að platan skipar merkan sess í íslenskri tónlistarsögu og á henni er að finna nokkur lög sem flestum Íslendingar þykir þínu vænt um. Þá er ég að tala um lög eins og Tætum og tryllum, Út á stoppistöð, Strax í dag, Í bláum skugga og svo gæti ég lengi talið.

Stuðmennirnir Ásgeir Óskarsson, Egill Ólafsson, Jakob Frímann Magnússon, Tómas Tómasson og Valgeir Guðjónsson voru í fantaformi og sama mátti segja um allt fagfólkið sem lék með þeim á tónleikunum. Alls voru sextán manns á

sviðinu í einu þegar mest lét. Ágústa Eva Erlendsdóttir fór á kostum og náði að bregða sér í gervi Stínu stuð og að stæla Steinku Bjarna með glæsibrag, ásamt því að koma sínum einstöku persónutöfrum til skila.

Tónleikarnir hófust með tókulagi, laginu Apache eftir The Shadows. Þar kom hin mikla kímniháfa meðlima sveitarinnar í ljós, ásamt fráberri spilamennsku, og gátu áhorfendur hlegið og skemmt sér dátt.

Svo hlúðu tónleikarnir eins og vel smurð vél og greinilegt að sveitin var vel æfð. Lagið Út á stoppistöð var útsett á nýjan hátt og hefðbundinn kafla í takttegundinni 4/4 var kominn í 7/8 takttegund, sem kom vel út.

Þá var gaman að sjá Stuðmenn taka lagið She broke my heart með Long John Baldry. Þó svo að breski blússöngvarinn hafi fallið frá árið 2005, þá var honum varpað á skjá og söng hann dátt við undirleik Stuðmanna.

Dúddi stal senunni um stund og tókst á flug í laginu Fljúgðu og hafði



STÓÐ SIG VEL Ágústa Eva Erlendsdóttir sýndi frábera takta á tónleikumunum.

salurinn greinilega gaman af atriðinu.


Bassaleikarinn Tómas Tómasson átti fráberan sprett þegar hann fræddi áhorfendur um lagið Á Spáni, en hann söng lagið upphaflega og sýndi hversu megnugur

hann er með míkrófóninn.

Eftir að lögin af plötunni höfðu runnið sitt skeið var komið að því að setja punktinn yfir i-ið. Stuðmenn töldu í nokkra af sínum helstu slögurum í lokin, lög eins og Ofboðslega frægur, Betri tíð og Íslenskir karlmenn voru þá leikin. Salurinn var þarna allur staðinn á fætur og fólk í góðum gir og eflaust einhverjir orðnir þreyttir í fótum á því að standa og dansa og í höndum á öllu klappinu.

Gunnar Leó Pálsson

NIÐURSTAÐA: Á heildina litið voru þetta virkilega skemmtilegir tónleikar. Hljóð, ljós, hljóðfæraleikur og söngur nánast gallalaus. Það er greinilegt að mikið var lagt í æfingar og útsetningar fyrir tónleikana. Maður gat þó upplifað tónleikana eins og það hefði allt geta gerst og að spontant ákvarðanir og ýmis kjú væru mjög lifandi og frjáls, sem er gott. Ég tel að áhorfandinn lifi sig enn frekar inn í tónleikana ef hann skynjar slíkt frelsi tónlistarmannanna á sviðinu.



GLÆSILEG Kanye West og Kim Kardashian skemmtu sér vel í afmælinu.

Góðar stundir
gerast hægt



Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum og þú gætir unnið hina sígildu kaffikönnu frá Stelton.



10 heppnir vinningshafar verða dregnir út í hverri viku frá 30. júní til 1. september 2015, alls 100 talsins.

Þátttökuumsög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

Verður fyrsti leikur Bilić í Víkinni?

FÓTBOLTI Slaven Bilić var í gær ráðinn knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins West Ham. Króatinn tekur við starfinu af Sam Allardyce sem hætti hjá West Ham eftir síðasta tímabil. Bilić þekkir vel til á Upton Park en hann lék um tveggja ára skeið með Hömrnum.

West Ham endaði í 12. sæti úrvalsdeildarinnar en fékk sæti í forkeppni Evrópu deildarinnar sökum háttvísi. Enska liðið hefur leik í 1. umferð forkeppinnar ásamt 101 liði. Meðal liða sem West Ham getur mætt er Víkingur, sem tryggði sér sæti í Evrópu deildinni með því að lenda í 4. sæti Pepsi-deildarinnar í fyrra.

Bilić gæti því stýrt West Ham í fyrsta sinn í keppnisleik í Víkinni gegn lærisveinum Ólafis Þórðarsonar og Milosar Milojevic í byrjun næsta mánaðar en dregið verður þann 22. júní næstkomandi.



- ips

Ætjum að vinna báða leikina í vikunni

HANDBOLTI Ísland mætir Ísrael í afar mikilvægum leik í undankeppni EM 2016. Leikurinn fer fram ytra og hefst klukkan 16.45.

Þetta er næstsíðasti leikur strákanna okkar í riðlinum. Ísland (5 stig) er í harðri baráttu við Svartfjallaland (6 stig) og Serbíu (5 stig) um efstu tvö sæti riðilsins en síðarnefndu liðin mætast innbyrðis í kvöld.

Ísrael er enn stigalaust en Aron Kristjánsson segir að liðið sé erfitt heim að sækja. „Peir eru mun ákafari í vörn og komast upp með meira. Serbía og Svartfjallaland lentu bæði í basli hér úti,“ segir Aron við

Fréttablaðið. „Það er mikilvægt að halda einbeitingu og átta sig á því að það mun taka tíma að brjóta þá niður. Annars gæti þetta orðið erfitt.“

Það er ljóst að sigur í leiknum í dag mun ekki tryggja Íslandi sæti á EM í Póllandi. En sigur er algjörlega nauðsynlegur.

„Fyrir okkur er málið einfalt. Við ætlum okkur að vinna báða þessa leiki sem eftir eru,“ sagði Aron en Ísland mætir Svartfjallalandi í Laugardalshöllinni á sunnudag. „Við stefnum á fyrsta sæti riðilsins.“

Alexander Petersson gat ekki gefið kost á sér í leikinn vegna meiðsla og



ÞJÁLFARINN Aron Kristjánsson leggur línurnar fyrir strákana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þá er Bjarki Már Gunnarsson tæpur eftir að hafa snúið sig á ökkla fyrir fáeinum dögum. Hann æfði þó í gær og ætti að geta spilað í dag.

- esá



Á TOPPNUM Rakel Hönnudóttir og félagar í Breiðabliki eru á toppnum eftir sigur á Íslands- og bikarmeisturum Stjórnunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÚRSLIT

PEPSI-DEILD KVENNA

PÓR/KA - FYLKIR 1-1
1-0 Sandra María Jessen (44.), 0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (89.).

BREIÐABLIK - STJARNAN 1-0
1-0 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (41.).

VALUR - SELFOS 1-3
0-1 Guðmunda Brynja Óladóttir (3.), 0-2 Dagný Brynjarsdóttir (50.), 0-3 Donna Kay Henry (65.), 1-3 Vesna Elísa Smiljkovic (71.).

PRÓTTUR - AFTURELDING 0-0

| STADAN | | | | | | |
|-------------|---|---|---|---|------|----|
| Breiðablik | 5 | 4 | 1 | 0 | 16-2 | 14 |
| Selfoss | 5 | 4 | 0 | 1 | 13-6 | 12 |
| Pór/KA | 5 | 3 | 2 | 0 | 14-6 | 11 |
| Stjarnan | 5 | 3 | 0 | 2 | 10-3 | 9 |
| Valur | 5 | 3 | 0 | 2 | 12-8 | 9 |
| ÍBV | 4 | 2 | 1 | 1 | 7-4 | 7 |
| Fylkir | 5 | 1 | 1 | 3 | 4-12 | 4 |
| KR | 4 | 0 | 1 | 3 | 3-11 | 1 |
| Afturelding | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-16 | 1 |
| Próttur | 5 | 0 | 1 | 4 | 0-14 | 1 |

NÆSTI LEIKUR
ÍBV - KR í KVÖLD KL. 18.00

ÍTALÍA

Lið Birkis komst ekki upp

Bologna tryggði sér í gær sæti í ítölsku úrvalsdeildinni á kostnað Pescara eftir 1-1 jafntefli í síðari umspilsleik liðanna í gær. Birkir Bjarnason leikur með Pescara en gat ekki spilað með í leiknum þar sem hann var kallaður inn í íslenska landsliðið fyrir leikinn gegn Tékklandi á föstudag.

Enginn þarf að vorkenna mér

Alfreð Finnbogason vill vera áfram hjá Real Sociedad þrátt fyrir lítinn spilatíma á sinni fyrstu leiktíð á Spáni. Honum fannst leiktíðin skemmtileg þótt erfitt hafi verið að sitja jafnmikið á bekknum og raun bar vitni.

FÓTBOLTI „Maður vildi komast í smá frí frá fótboltanum eftir tímabilið á Spáni en það var eiginlega ómögulegt því það eru allir að tala um þennan leik gegn Tékkum,“ segir Alfreð Finnbogason, landsliðsmaður í fótbolta, við Fréttablaðið. Alfreð var að gera sig kláran fyrir æfingu liðsins í Laugardalnum í gær en undirbúningur strákanna okkar fyrir leikinn mikilvæga gegn Tékklandi á föstudagskvöldið er kominn á fullt.

„Hvert sem maður fer er fólk sem segist ætla að sjá leikinn. Það er bara gaman að þjóðin hlakkar til landsleikja núna en er ekki með magakveisu eins og stundum hefur verið,“ segir Alfreð og brosir.

Horfir fram á sín bestu ár

Alfreð lauk sinni fyrstu leiktíð á Spáni undir lok síðasta mánaðar þar sem hann spilar með Real Sociedad í efstu deild. Tímabilið í ár var ekki jafngott og í fyrra í Hollandi þar sem hann varð markakóngur. Alfreð spilaði aðeins sex leiki í byrjunarliði og kom við sögu í 25 leiki í heildina í deildinni. Hann skoraði tvö mörk.

„Auðvitað vildi ég meira, það er ekkert leyndarmál,“ segir Alfreð um fyrsta tímabilið í Baskalandi.

„Ég lærði ótrúlega mikið á þessu ári, bæði um sjálfan mig og fótboltann. Maður sá að maður þarf alltaf að vera 100 prósent til að standa sig í svona deild. Þetta ár mun gefa mér rosalega mikið,“ segir Alfreð.

Þrátt fyrir mikla bekkjarsetu ætlar Alfreð ekki að flýja í annað lið heldur berjast fyrir sínu.

„Ég hef hug á að vera áfram. Ég sé fram á mín bestu ár fram undan og auðvitað vil ég spila meira hjá Real en ég sé ekki neitt neikvætt við þetta ár,“ segir hann.

„Ég ætla bara að fara inn í undirbúningstímabilið og nýta mín tækifæri og berjast fyrir mínu

„Þetta reyndi á andlega og þó maður hafi farið í gegnum þetta áður er þetta ekki gaman.“

Alfreð Finnbogason, landsliðsmaður

eins og ég gerði á þessu tímabili. Ef ég fæ skilaboð um að minnar þjónustu verður ekki óskað þá skoða ég eitthvað annað.“

Auðvelt þegar vel gengur

Alfreð hefur áður upplifað svipað mótlæti á ferlinum ef svo má kalla það sem hann gekk í gegnum á síðustu leiktíð. Þegar hann fékk lítið að spila hjá Lokeren í Belgíu tók hann skref aftur á bak til Svíþjóðar sem á endanum skilaði honum til Hollands og þaðan í bestu fótboltadeild heims.

„Þetta reyndi á andlega og þó að maður hafi farið í gegnum þetta áður er þetta aldrei gaman,“ segir Alfreð, en vitaskuld er erfitt fyrir atvinnumenn að sitja heilu og hálfu leikina á bekknum.

„Á tímabili var þetta mjög erfitt. Undanfarið tvö, þrjú ár hef ég spilað 90 mínútur í öllum leikjum og gengið vel. Það er mjög auðvelt að vera í fótbolta þegar það gengur vel. Þá er maður bara að njóta,“ segir Alfreð.

Alltaf samkeppni

Reynslan af því að vera út úr liðinu hjálpaði Alfreð hjá Sociedad á þessu tímabili. Hann veit betur hvernig á að tækla svona hluti eftir að upplifa margt í atvinnu-mennskunni nú þegar.

„Maður reynir bara að finna eitthvað annað að gera til að dreifa huganum og njóta lífsins. Mér fannst þetta ganga ágætlega og maður lærir mest á sjálfan sig í mótlæti,“ segir hann.

Þegar allt er tekið saman hugs-



POLINMÓÐUR Alfreð Finnbogason vill vera áfram hjá Real Sociedad á Spáni og berjast fyrir sæti sínu í byrjunarliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ar framherjinn ekki með hryllingi til síns fyrsta tímabils með Real. Þvert á móti hefur hann fát annað en gott að segja um veruna til þessa.

„Mér fannst þetta skemmtilegt ár og ég vona að enginn sé að vorkenna mér að spila í spænsku

deildinni og vera á bekknum. Ef maður ætlar að vera í þessum fjórum bestu deildum heims eins og ég stefni á er alltaf samkeppni og maður þarf alltaf að vera að sýna hvers virði maður er. Þannig umhverfi vil ég spila í,“ segir Alfreð Finnbogason. tomas@365.is

Það er alveg virkilega skemmtilegt að vera orðinn faðir

Landsliðsfyrirliðinn í fótbolta, Aron Einar Gunnarsson, slær varla feilnótu hvort sem það er innan eða utan vallar þessa mánuðna.

FÓTBOLTI „Maður er heldur betur farinn að finna fyrir spenningnum fyrir leiknum og það er bara jákvætt,“ segir landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson við Fréttablaðið, en hann var vitaskuld mættur á æfingu landsliðsins í Laugardalnum í gærmorgun.

Á föstudagskvöldið spila strákarnir okkar risaleik við Tékkland í undankeppni EM 2016, en þar mætast tvö efstu lið riðilsins. Sigur færir okkar menn nær Evrópumótinu í Frakklandi að ári.

„Þetta eru ekki bara einhver þrjú stig eins og við höfum fengið að heyra,“ segir hann og hlær.

„Við erum samt ekkert að láta það á okkur fá. Við erum einbeittir og í góðu standi. Við höfum unnið fyrir þessari stöðu sjálfir og Tékkar mæta dýrvitlausum Íslendingum á föstudaginn. Það er klárt.“

Aron skrifaði á dögnum undir nýjan þriggja ára samning við Cardiff í ensku B-deildinni, en hann hefur verið í herbúðum liðsins síðan 2011.

„Þetta var alltaf minn hugur. Ég spila

mikið þarna og þjálfarinn hefur gífurlega trú á mér,“ segir Aron Einar, en hann spilaði nánast hvern einasta leik á síðustu leiktíð.

„Ég fékk tilfinninguna í ár að ég væri virkilega mikilvægur hluti af þessu liði þannig að ef þjálfarinn sem er núna verður í þessu starfi áfram þá er stefnan tekin upp aftur. Maður vill vera hluti af því og svo liður mér vel þarna,“ segir Aron.

Hann er búinn að vera á Englandi síðan 2008 þegar hann gekk í raðir Coventry og þrátt fyrir að vera aðeins 26 ára gamall er hann búinn að spila 285 leiki í deild og bikar á Englandi (133 með Coventry og 168 með Cardiff). Hann kveðst ekkert orðinn leiður á Englandi.

„England hefur alltaf verið minn fyrsti kostur og ég hef ekkert leitað út fyrir það. Það var einn tímunktur þar sem ég horfði til Þýskalands, en England er bara svoltið ég,“ segir Aron Einar og heldur áfram:

„Ég er orðinn vanur því að spila þar. Maður er alltaf að leita að nýjum áskorunum og vonandi kemur ný áskorun í úrvalsdeildinni

með Cardiff. Ég er sáttur og liður vel og þá á maður ekkert að vera neitt að færa sig.“

Undanfarið ár hefur verið magnad í lífi Arons. Hann vann sér aftur inn sæti í Cardiff-liðinu og spilar þar alla leiki, fyrirliðinn er að spila sína langbestu leiki fyrir íslenska landsliðið og þá varð hann faðir í fyrsta sinn í síðasta mánuði.

„Mér hefur aldrei liðið betur. Ég er að spila vel og mér liður vel inni á vellinum og fyrir utan völinn. Ég hef ekki yfir neinu að kvarta,“ segir hann. En hvernig er föðurhlutverkið að fara með hann?

„Það er bara gaman. Það hefur komið sjálfum mér á óvart hversu frábær pabbi ég er,“ segir hann og hlær dátt. „Nei, nei. Þetta er bara virkilega skemmtilegt og gaman að sjá fjölskylduna stækka. Þetta er æðislegt,“ segir Aron Einar Gunnarsson. -tom

FYRIRLIÐINN ORÐINN FAÐIR

Aron Einar Gunnarsson er að spila frábærlega fyrir félagslið og landslið og er nýorðinn pabbi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



NÝ VINNUFATAVERSLUN
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í TILFNI OPNUNAR.

FRISTADS®

KANSAS®



FÁKAFEN 11

Verslun opin 10:00 - 18:00 alla virka daga

S: 414-8420

WWW. MARTEX.IS

DAGSKRÁ



20:00
HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkvísi.

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

20:25
WEIRD LONERS

Glænýjir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldri sem búa öll í sama fjölbýlishúsinu og eiga það sameiginlegt að vera mjög léleg í ástarmálum.



20:50
OUTLANDER

Mögnuð þáttaröð um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp í seinni heimsstyrjöldinni.



21:50
MAJOR CRIMES

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglukonu sem er ráðin til morðrannsóknadeildar innan lögreglunnar í Los Angeles.



22:00
HAYWIRE

Spennutryllir af bestu gerð með Ginu Carano, Ewan McGregor, Michael Douglas, Antonio Banderas og Channing Tatum í aðalhlutverkum.



22:20
CURB YOUR ENTHUSIASM
Frábærir gamanþættir þar sem Larry David leikur sjálfan sig. Einn þáttur sýndur hvern virkan dag klukkan 22.20 á Gullinu.



19:00
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA

Frábær íslensk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Sveppa og ævintýralega leit hans að Villa vini sínum.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.30 Don't Trust the B*** in Apt 23
08.55 Mom
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.15 Spurningabomban
11.05 Around the World in 80 Plates
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Mayday
13.55 The Crimson Field
14.50 The Lying Game
15.45 Man vs. Wild
16.30 Big Time Rush
16.55 Baby Daddy
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.40 Víkingalottó
19.45 The Middle

20.05 Heimsókn (7:8) Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekkleghheitum.
20.25 Weird Loners (3:6) Frábærir nýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldri sem búa allir í sama fjölbýlishúsinu í Queens í New York.
20.50 Outlander (14:16) Magnaðir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp en hún vinnur við að hjúkra særðum hermönnum í seinni heimsstyrjöldinni.
21.50 Major Crimes
22.35 Weeds (7:13)
23.00 Real Time With Bill Maher
00.00 Battle Creek
00.45 NCIS
01.30 Dylan Dog
03.15 Death Race. Inferno
05.00 The Middle
05.20 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

07.00 Cleveland - Golden State
10.55 Borgunarmörkin 2015
12.00 Meistaradeild Evrópu
12.30 Kiel - Lemgo
13.50 Juventus - Barcelona
15.40 Þýsku mörkin
16.05 Shaqtin' a Fool. Midseason
16.30 Goðsagnir - Gummi Ben
17.20 Cleveland - Golden State
19.10 Demantamótaröðin - Birmingham
21.10 Barcelona - Deportivo
22.55 Box - Cotto vs. Geale

SPORT 2 enski boltinn

13.15 Newcastle - West Ham
15.05 Everton - Tottenham
16.45 Premier League World
17.15 Season Highlights
18.10 Stoke - Man. City
20.00 Manstu
20.45 Víkingur - FH
22.35 Pepsímörkin 2015
23.50 West Ham - Chelsea

INN

20.00 Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Á ferð og flugi **21.30** Ferðafélagsþættir

3 STÖÐ 3

18.15 Last Man Standing
18.35 Hot in Cleveland
19.00 Hart Of Dixie
19.45 Silicon Valley
20.20 Awake (2:13) Spennandi þættir um lögreglumanninn Michael Britten sem missir bæði eiginkonu sína og son í skelfilegu bíslýsi.
21.05 The Originals (3:22) Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
21.50 The 100 (11:16) Önnur þáttaröðin af þessum spennandi þáttum sem gerast í framtíðinni eða 97 árum eftir að kjarnorkusprengrja lagði heiminn eins og við þekkjum hann í rúst.
22.35 Dallas
23.20 Sirens
23.45 Supernatural
00.25 Hart Of Dixie
01.05 Silicon Valley
01.35 Awake
02.20 The 100
03.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Brunabíllarnir **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumpanir **09.25** Latibær **09.47** Elías **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Brunabíllarnir **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumpanir **13.25** Latibær **13.47** Elías **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Brunabíllarnir **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumpanir **17.25** Latibær **17.47** Elías **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsinar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Algjör Sveppi og leitni að Villa

GULLSTÖÐIN

17.40 Friends
18.05 Modern Family
18.30 Mike and Molly
18.55 The Big Bang Theory
19.15 Fiskur án reiðhjóls
19.45 Hannað fyrir Ísland
20.30 Chuck (6:24) Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
21.15 True Detective (1:8) Spennandi þættir með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum.
22.20 Curb Your Enthusiasm (9:10) Larry er í miklu uppnámi yfir því að eiginmaður systur hans sé að snúast frá gyðingdóm yfir í kristindóm.
22.55 Tyrant (7:10)
23.40 Fiskur án reiðhjóls
00.10 Hannað fyrir Ísland
00.50 Chuck
01.35 True Detective
02.30 Curb Your Enthusiasm
03.05 Tyrant
03.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

12.10 Last Chance Harvey
13.45 When Harry Met Sally
15.20 Mirror Mirror
17.05 Last Chance Harvey
18.40 When Harry Met Sally
20.15 Mirror Mirror
22.00 Haywire
23.35 Dirty Movie
01.10 The Last Stand
02.55 Haywire

RÚV

15.45 Blómabarnið
16.35 Ísrael-Ísland (Forkeppni EM karla í handbolta) Bein útsending
18.40 Tákn málsfréttir
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Vinur í raun (3:6) (Moone Boy II) Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaðs vinar þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum.
20.25 Silkileiðin á 30 dögum (5:10) (Sidenvägen på 30 dagar) Margverðlaunuð finnsk þáttaröð um 30 daga ferðalag eftir Silkileiðinni sem liggur frá Georgíu í Kákasusfjöllum til Mongólíu.
21.15 Neyðarvaktin (17:22)
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Áhrifakonur heimsins (Power and the World's Women) Heimildarmynd frá BBC. Fyrir tveimur áratugum skoraði Hillary Clinton á þjóðarleiðtoga heims að gera kvenréttindi að mannréttindum.
23.10 Gáru á vatninu
00.00 Kastljós
00.25 Fréttir
00.40 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.22 Dr. Phil
09.03 The Talk
09.45 Pepsi MAX tónlist
13.45 Cheers
14.14 Dr. Phil
14.56 Reign
15.37 Britain's Next Top Model
16.23 Minute To Win It
17.04 Royal Pains
17.49 Dr. Phil
18.30 The Talk
19.10 Million Dollar Listing
19.55 The Millers
20.15 Black-ish
20.35 The Odd Couple (12:13)
21.00 Franklin & Bash (3:10) Lögmenirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn.
21.45 The Bridge (1:13) Spennandi þættir byggðir á dónsku þáttunum Brúin sem naut mikilla vinsælda. Tveir lögreglumenn rannsaka glæpi við landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna.
22.30 Sex & the City
22.55 Madam Secretary
23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.
00.25 American Crime
01.10 Franklin & Bash
01.55 The Bridge
02.40 Sex & the City
03.05 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015 **13.30** Champions Tour Highlights **14.25** This is the Presidents Cup 2015 **14.50** Golfing World 2015 **15.40** PGA Tour 2015 - Highlights **16.35** Opna bandaríska mótið **18.15** Golfing World 2015 **19.05** PGA Tour 2015

HRINGBRAUT

00.00 Fólk með Sirry **01.00** Atvinnulífið **01.30** Ritstjórnarnir **02.00** Fólk með Sirry **03.00** Atvinnulífið **03.30** Ritstjórnarnir **04.00** Fólk með Sirry **05.00** Atvinnulífið **05.30** Ritstjórnarnir **06.00** Fólk með Sirry **07.00** Atvinnulífið **07.30** Ritstjórnarnir **08.00** Fólk með Sirry **09.00** Atvinnulífið **09.30** Ritstjórnarnir **10.00** Fólk með Sirry **11.00** Atvinnulífið **11.30** Ritstjórnarnir **12.00** Fólk með Sirry **13.00** Atvinnulífið **13.30** Ritstjórnarnir **14.00** Fólk með Sirry **15.00** Atvinnulífið **15.30** Ritstjórnarnir **16.00** Fólk með Sirry **17.00** Atvinnulífið **17.30** Ritstjórnarnir **18.00** Fólk með Sirry **19.00** Atvinnulífið **19.30** Ritstjórnarnir **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Tara og Trixin **22.00** Mannamál **22.45** Heimsljós **23.15** 433.is **23.45** Tara og Trixin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

16

2016

Þú gætir eignast nýtt 50"
Samsung sjónvarp ef þú
drífur bílinn í skoðun!

FRÍTT
WI FI OG
RJÚKANDI
GÆÐA KAFFI
Á MEÐAN
ÞÚ BÍÐUR

ÖRUGG
BIFREIÐASKOÐUN
UM ALLT LAND



Aðalvinningur er Stórglæsilegt 50" Ultra HD 4K LED
sjónvarp frá Samsungsetrinu

LUKKULEIKUR

Peir sem koma með bíl í skoðun hjá Frumherja geta
skráð sig í happaleik og þannig öðlast möguleika
á því að eignast stórglæsilegt 50" sjónvarp frá
Samsungsetrinu sem verður dregið út
1. júlí 2015.

 **Frumherji**

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



BESTI BITINN



„Ég elska Austurlandhraðlestina og þá kjúklinga-thali, sem eru nokkrir smáréttir ... nammi!“

Ólöf Erla Einarsdóttir, grafískur hönnuður.

Hafa þroskast mikið tónlistarlega

Hljómsveitin Úlfur Úlfur sendir frá sér sína aðra breiðskífu, Tvær plánetur.

Hljómsveitin Úlfur Úlfur er að senda frá sér sína aðra breiðskífu sem ber nafnið Tvær plánetur. „Platan var allt í allt þrjú ár í vinnslu en langstærstur hluti hennar var saminn og tekinn upp seinasta sumar. Við gleymdum okkur lengi vel í vinnu og námi en áttuðum okkur á því að það er ekkert jafn gefandi og guðsblessuð tónlistin svo við kvöddum okkar nánustu, lokuðum okkur af í stúdíóinu í nokkra mánuði og kláruðum þetta,“ segir Arnar Freyr Frostason um vinnuferlið. Hann myndar sveitina

ásamt Helga Sæmundi Guðmundsýni. Þeir gefa plötuna út sjálfir en Record Records sér um dreifingu og kemur hún í verslanir á morgun.

Á nýju plötunni sýna þeir á sér nýja hlið. „Við erum náttúrulega sömu gaurarnir úr sama efninu en það hefur samt margt breyst síðan 2011. Tónlistarlega séð höfum við þroskast helling og fínþússað okkar sánd vel og vandlega. Fram að þessu hefur mögulega vottað fyrir eilitlu kæruleysi en í dag erum við „grown ass men“ sem gera minna í hálfkæringi,“ segir Helgi.

Þeir segja nýju plötuna heildstæðara verk en frumburðinn. „Þetta er plata sem við höfum unnið markvisst að. Hún er mun heilsteypari og hvert lag er í raun kafli í sömu sögunni.“ Ýmsir gestir koma fram á plötunni, til dæmis Edda Borg, Gísli Pálmi, Kött Grá Pje, Emmssjé Gauti og Arnór Dan. „Auk þeirra koma Reddlights og Þórarinn Guðnason að lagasmíðum. Allt eru þetta einstakir listamenn sem gáfu plötunni aukna dýpt,“ bætir Arnar við.

Útgáfupartí fer fram á Lofti Hosteli í kvöld klukkan 20.00. - glp



NÝ PLATA Hljómsveitina Úlfur Úlfur skipa þeir Arnar Freyr Frostason og Helgi Sæmundur Guðmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viltu vita hvað eignin þín hefur hækkað í verði?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is

Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is



Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



FRELSUM GEIRVÖRTUNA Bolirnir verða til sölu á Austurvelli á laugardag og kosta þrjú þúsund og fimm hundruð krónur. Í bolnum má hæglega lýsa yfir stuðningi við frelsunina allt árið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stuðningur í bolnum

Önnur lota frelsunar geirvörtunnar fer fram um helgina og færast frá netinu og undir beran himin á Austurvelli. Sunna Ben hannaði sérstaka stuðningsboli.

„Bolirnir eru hannaðir með þá í huga sem vilja sýna stuðning í verki en vilja ekki endilega vera berir að ofan,“ segir Sunna Ben, myndlistarkona og aktívisti, sem hannaði bolina í tilefni samkomu berbrystinga á Austurvelli á laugardaginn.

„Ég valdi að hafa lokað í geirvörtunni þar sem það sýndi sig á samfélagsmiðlum hve gríðarlega margar stelpur voru með svoleiðis. Það er dálítið töff og passar vel við tilefnið,“ útskýrir Sunna.

Hafa nú yfir tólf hundruð manns boðað komu sína á Austurvöll. „Okkur langar að búa til umhverfi þar sem konum finnst þær mega vera berar að ofan ef þær vilja. Við viljum að það myndist þægileg stemning fyrir fólk til að koma saman og sýna stuðning sinn við

jafnan rétt kynjanna til að hafa stjórn yfir eigin líkama,“ segir Nanna Hermannsdóttir, ein þeirra átta sem standa á bak við áframhald brjóstabyltingarinnar.

„Þarna verða tónleikar, stutt ræðuhöld, vonandi eitthvað matarkyns og svo verðum við auðvitað með brjóstabolina til sölu,“ bætir Nanna við.

Aðspurð um hvort hún hafi orðið vör við breytingu í kjölfar brjóstabyltingarinnar sem fór af stað þann 25. mars síðastliðinn segist Nanna aldrei hafa ímyndað sér að þetta myndi ná svo langt sem raun ber vitni þegar Adda Þóreyjar Smáradóttir setti inn fyrstu myndina á Twitter. Segist hún strax hafa fundið fyrir breytingum á viðhorfum. „Það er mikill stuðningur við þetta og ég finn

„Það er mikill stuðningur við þetta og ég finn að fólk sem hélt að þetta væri bara „hæp“ sem myndi deyja út er að skipta um skoðun.“

að fólk sem hélt að þetta væri bara „hæp“ sem myndi deyja út er að skipta um skoðun. Það er auðvitað ekki skritið að þetta fái svona jákvæða athygli enda er möguleikinn á að fá að vera ber að ofan í sólbaði, í brjóstagjöf eða bara til að skipta um bol á almannaferi eitthvað sem ég held að flestar konur hafa einhvern tímann óskað að væri til staðar.“

gudrun@frettabladid.is

Er alsæl með nýja einkanúmerið

Linda Guðrúnu Karlsdóttur hafði lengi langað í einkanúmerið BÍLL og sló til.

„Þetta er eitthvað sem ég hef ætlað að gera í mörg ár en ekki tímt því,“ segir Linda Guðrún Karlsdóttir, sem á dögnum fjárfesti í einkanúmerinu BÍLL.

„Svo ákvað ég bara að skella í þetta fyrst það var enginn búinn að kveikja á þessu. Þetta er svo einfalt og gott,“ segir Linda glöð í bragði en hún hefur um árabíl haldið úti hinni vinsælu Facebook-síðu Humars Lindusonar Eldjárn, sem er hugarfóstur hennar og unnusta hennar Ara Eldjárn.

Á vef Samgöngustofu er hægt að fletta upp lausum einkanúmerum og fletta upp skráðum númerum sem mörg hver eru skemmtileg.

Samkvæmt umsóknareyðublaði

stofnunarinnar mega einkanúmer vera 2-6 íslenskir bókstafir og/éða tölustafir og hafa eitt autt bil í númerinu en ekki önnur ták. Einkanúmerið BÍLL uppfyllti því öll skilyrði.

Linda hefur fengið talsverð viðbrögð frá vinum og ættingjum og einnig á Facebook þar sem hún birti mynd af sér kátri með bílnum á nýja númerinu en hefur minna orðið vör við viðbrögð frá öðrum öikumönnum og vegfarendum.

Sjálfr er Linda alsæl með númerið sem gleður hana og vonandi aðra sem reka augun í það. „Þetta er allavega svona númer sem ég myndi brosa yfir ef ég sæi það úti á götu,“ segir hún hress að lokum.



KAMPAKÁT Linda ákvað að skella sér á einkanúmerið fyrst enginn annar var búinn að kveikja á því.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARIELDJÁRN

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðstaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigríður Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlaksdóttir geira@365.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Kvennatónleikar Sinfóníunnar

Baráttukonur og brautryðjendur

Fim. 11. júní » 19:30

100
ÁRA | KOSNINGARÉTTUR
KVENNA Á ÍSLANDI

Tryggið ykkur miða á sinfonia.is

Anna Þorvaldsdóttir *Dreymi*
Jórunn Viðar Slátta, *píanókoncert*
Amy Beach *Gelíska símfónían*

Ligia Amadio *hljómssveitarstjóri*
Ástríður Alda Sigurðardóttir *einleikari*




Sinfónían fagnar aldarafmæli kosningaréttar kvenna með sögulegum tónleikum þar sem baráttukonur og brautryðjendur verða í brenni-depli. Jórunn Viðar er eitt af höfuðtónskáldum 20. aldar og Amy Beach var fyrsta bandaríska kventónskáldið sem átti miklum vinsældum að fagna heima fyrir og í Evrópu. Anna Þorvaldsdóttir

er í fremstu röð yngri tónskálda og hlaut meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt, *Dreymi*.

Einleikari á tónleikunum er Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari og stjórnandi er Ligia Amadio, aðalhljómssveitarstjóri Filharmóníu-hljómssveitar Bogotá í Kólumbíu.

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

   @icelandsymphony #sinfó



BAKPANKAR

Viktoríu
Hermansdóttur

Að týna besta vini sínum

Undanfarin rúmlega fjögur ár hefur lítill brúnn tauapi verið stór hluti af lífi mínu. Apann keypti ég þegar ég var ólétt að dóttur minni fyrir fimm árum og þá gat ég ekki ímyndað mér hvað þessi bangsi yrði stór hluti af lífi okkar.

DÓTTIRIN tók ástfóstri við apann þegar hún var aðeins nokkur mánaða gömul. Um leið og hún hafði vit til þá gat hún ekkert farið án hans. Apinn, sem fékk nafnið Alli og seinna nafnið Allía, hann er sem sagt líklega eini tauapi landsins, hefur því farið með dótturinni nánast hvert einasta skref í lífinu.

PAR sem apinn kemur með hvert sem er þá hefur það fylgt því ansi oft að hann hefur týnst, blessaður. Meðal annars hefur honum tekist að týnast í fjórum löndum. Það hefur ófáum mínútum verið eytt í að leita hans og oft hef ég bölvæð því að hafa keypt þennan apa. Á sama tíma er það samt svo fallegt hve mikla ást barnið ber til þessa útjaskaða tauapa.


UM helgina týndist apinn í miðbænum. Leitað var að honum úti um allt en ekki fannst hann.

SORGIN var mikil og við foreldrarinnir brugðum á það ráð að auglýsa eftir apanum á Facebook. Og viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tugir fólks sem við þekkjum og þekkjum ekki hafa deilt myndum af Alla apa í þeirri von að hann finnst. Auk þess hefur fjöldi ókunnugs fólks sett sig í samband við mig þar sem það er að reyna að finna eins apa til að kaupa.

ÉG taldi það ómögulegt þar sem bangsinn er keyptur fyrir fimm árum en ákvað að prófa eBay. Og viti menn, þarna var hann! Allí api var til á eBay. Nokkuð sem ég taldi ómögulegt, því hver fer að selja einhverja litla bangsa á eBay?

ÉG er því í nafni foreldraástar búin að panta nýjan besta vin fyrir barnið, sem ber þá von í brjósti að besti vinurinn finnst, og er að fara að reyna að telja henni trú um að þetta sé hinn sami.

HVORT það gengur kemur í ljós og ég er fullmeðvituð um hvað þetta er bilað. En hey, hvað gerir maður ekki fyrir barnið sitt?



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalæstur á töluþláð 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.-mar. 2015



Allt sem þú þarft ...



MAGNAÐASTA HRINGFERÐ ÁRSINS

WOW CYCLOTHON

AROUND ICELAND 1358 km

FER FRAM Í MIÐNÆTURSÓLINNI 23. - 26. JÚNÍ 2015

HJÓLAÐ TIL STYRKAR UPPBYGGINGAR

BATAMIÐSTÖÐVAR Á GEÐSVIÐI LANDSPÍTALANS Á KLEPPI

ÁHEITASÖFNUNIN ER HAFIN!

Allar upplýsingar á www.wowcyclothon.is

#wowcyclothon



HEFST MÁN. 6. JÚLÍ

SUITS

ALLA DAGA

FRIENDS

MÍÐ. KL.19:45

SILICON VALLEY

HBO

HEFST SUN. 21. JÚNÍ

ÞÆR TVÆR

HEFST MÁN. 22. JÚNÍ

TRUE DETECTIVE

Þátturinn er sýndur á sama tíma og í Bandaríkjunum, eftir miðnætti á sunnudögum og endursýndur á mánudögum.

HBO

HEFST MÁN. 22. JÚNÍ

Hedgar á ferð

HEFST FIM. 11. JÚNÍ

EYÞÖRS

HEFST MIÐ. 29. JÚLÍ

Ríka!

MARABON

Taktu marabon af **Curb Your Enthusiasm** eða **Mad Men**. Á Stöð 2 Marabon finnur þú meira en 500 þætti af íslenskum og erlendum seríum.

Frábærar kvikmyndir á Bíóráðinu

HEFST SUN. 26. JÚLÍ

THE THIRD EYE

HEFST MIÐ. 24. JÚNÍ

Mistresses

TÓNLEIKAR 17. JÚNÍ

BUBBI OG DIMMA

LATIBÆR ALLA DAGA

Vild

Fríðindakerfi 365

Áskrifendur Skemmtipakkans fá sjálfvirkan afslátt hjá fjölda samstarfsfyrirtækja sem bjóða upp á vandaðar vörur og frábæra þjónustu.

Vild

HEFST FIM. 25. JÚNÍ

TYRANT

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365



Skemmtipakki 365

KOSTAR
AÐEINS
310 KR.
Á DAG

FÁRÁNLEGA GÓÐUR PAKKI

365

Hjá 365 færðu **GSM, internet, heimasíma** og **sjónvarpsáskrift** á verði sem enginn annar býður.

FJARSKIPTI HEIMILISINS FYLGJA PAKKANUM Á 0 KRÓNUR

| | | | | | |
|---------------|------------------------------|---|---|--|---|
| Sjónvarp | | Stöðvar Verð | 6 9.290 kr. | | Sex frábærar sjónvarpsstöðvar og Stöð 2 Marapón |
| GSM* | 4GSM ÁSKRIFTIR | Mínútur Verð Gagnamagn Verð | 0-60 mínútur & SMS 0 kr. 10 GB 0 kr. | 60-365 mínútur & SMS 2.990 kr. 15 GB 1.500 kr. | Endalausar mínútur & SMS 3.990 kr. INNGÖNGUTILBOÐ |
| Internet | | Gagnamagn Verð | 20 GB 0 kr. | 170 GB 1.990 kr. | 320 GB 3.980 kr. |
| Heimasími** | | Mínútur Verð | 100 mín.* 0 kr. | 500 mín.* 494 kr. | 1.000 mín.* 988 kr. |
| Fríðindakerfi | | Verð | 0 kr. | Vildaráskrifendum 365 býðst heill heimur af fríðindum og tilboðum. Með Vild færðu m.a. sjálfvirkan afslátt frá samstarfsaðilum beint í vasann. | |
| Reiknivél | | Á 365.is er reiknivél sem sýnir þér að ef þú færir fjarskiptin yfir til 365 getur þú fengið vandað sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Fjarskiptin eru internet, GSM og heimasími. Reiknaðu dæmið! | | | |

365.is
Sími 1817